**JÓN ÖRVAR JÓNSSON**

*Tengingin við landið er mikilvæg*

- Nám - Bílar - Ferðir - Börn

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HJÁLMAR ÁRNASON**

*Fór í pílagrímsför til Birmingham*

B.B. King flýtti fyrir bata

FÓLK 39







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. apríl 2006 — 93. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Við hvað erum við hrædd?



Stúdentaleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Animanínu, nýtt íslenskt verk um ótta okkar við allt mögulegt.

MENNING 50

## Fjármál stjórnmálaflokka



„Er svo komið að þeir sem hafa sterkustu fjármálaöflin á bak við sig geti keypt sér völd og áhrif?“ spyr Ólafur Hannibalsson, og „hvað ætla þau öfl að fá út úr því?“

Í DAG 20

## Rock Star á Íslandi



Þau Lisa Tercheria og Dean Houser er stödd hér á landi í leit að næstu rokkstjörnunni.

FÓLK 28

## AC Milan og Villarreal áfram



Spænska liðið kom verulega á óvart er það tryggði sér sæti í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Slíkt hið sama gerði AC Milan með dramatískum sigri á Lyon.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**VETUR Á NÝ** - Í dag verður yfirleitt stíf norðvestlæg eða vestlæg átt. Snjókoma eða él norðantil og sums staðar á landinu vestanverðu en bjart lengst af degi suðaustan og austan til. Frost 2-7 stig norðan til en frostlaust að deginum syðra.

VEÐUR 4

# Virði hlutabréfa féll um 85 milljarða króna

**Versti dagur á hlutabréfamarkaði í þrettán ár var í gær. Mest féllu hlutabréf í bönkum og fjárfestingarfélögum. Moody´s sendi frá sér jákvætt mat á ríkissjóði og staðfesti mat á lánshæfi bankanna.**

**VIÐSKIPTI** Markaðsvirði fimmtán Úrvalsvísitölufélaga lækkaði um rúma 85 milljarða króna í gær þegar Úrvalsvísitalan féll um 4,65 prósent og endaði í 5.494 stigum. Þetta er mesta lækkun á hlutabréfavísitölunni síðan árið 1993 og sú næstmesta frá upphafi.

Verðmæti KB banka lækkaði um 26,5 milljarða en 16,3 milljarða lækkun varð á bréfum í Landsbankanum.

Mest féllu hlutabréf í bönkum og fjárfestingafélögum. Landsbankinn lækkaði um 6,25 prósent, FL Group um 5,4 prósent, Glitnir um 5,2 prósent og bréf KB banka féllu um tæp fimm prósent. Gengi hlutabréfa í Actavis og Bakkavör lækkaði um meira en fjögur prósent. Mesta dagslækkunin var á hlutabréfum í Flögu Group, um tuttugu prósent. Yfir nítján milljarða velta var á markaði gærdagsins með miklum viðskiptum.

Nú bregður svo við að vísitalan hefur lækkað um 0,73 prósent frá áramótum. Af þeim fimmtán félögum sem skipa Úrvalsvísitöluna hafa átta lækkað frá áramótum.

Jákvæðar fréttir komu frá Moody´s, sem staðfestir lánshæfiseinkunn ríkissjóðs og segir meðal annars að Ísland standi ekki frammi fyrir óhóflegum greiðsluhæfis- eða lausafjárvandræðum þrátt fyrir óstöðugleika í hagkerfinu að undanförnu. Þessar fréttir höfðu engin áhrif á fjárfesta sem vildu selja hlutabréf.

**ÞRÓUN ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR**




Moody´s staðfestir einnig óbreytta lánhæfiseinkunn bankanna á langtíma- og skammtímaskuldbindingum en breytir skoðun sinni á fjárhagslegum styrkleika þeirra. „Horfur um einkunn Glitnis (C+) og Landsbanka (C) hafa þannig verið færðar úr stöðugum í neikvæðar. Moody's gengur hins vegar skrefinu lengra með Kaupþing (C+) og segir einkunnina í skoðun, með möguleika á lækkun,“ segir í Vegvísi Landsbankans.

Í skýrslu Moody´s segir enn fremur að þótt óvissa ríki um fjármögnun bankanna á fjármálamörkuðum sé lausafjárstaða þeirra með þeim hætti að þeir geti staðið erfiðleika af sér. - eþa



**MÓTMÆLI Í FRAKKLANDI** Frakkar mótmæltu nýrri vinnulöggjöf með ýmsu móti í gær. Hundruð þúsunda lögðu niður störf og rúm milljón manna þrammaði eftir strætum Frakklandsborga, en þessir ungu menn nutu sólarinnar og mótmæltu löggjöfinni hástöfum í gosbrunni í Marseille. Löggjöfinni er ætlað að draga úr atvinnuleysi meðal ungs fólks, en Frakkar óttast að hún muni þvert á móti auka á óöryggi þess á vinnumarkaðinum. Sjá síðu 6. NORDICPHOTOS/AFP

Offita Bandaríkjamanna:

## Konur hættar að þyngjast

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískar konur eru hættar að þyngjast. Að minnsta kosti er meðalþyngd bandarískra kvenna hætt að aukast með hverju ári líkt og hún hefur löngum gert, samkvæmt tölum Bandaríkjastjórnar yfir þyngd landsmanna, sem birtar voru í gær. Læknar vona að þessar tölur sýni að bandarískar konur sem heild hafi náð hámarksþyngd og að offituvandamál landsins muni nú fara dvínandi.

Þó halda börn og karlmenn áfram að þyngjast og nú er þriðja hvert bandarískt barn of feitt. Rannsóknin gaf ekki til kynna hví þyngdartölur kvennanna standa í stað á meðan börn og karlmenn halda áfram að þyngjast.

Bandarískar konur eru að meðaltali þyngri en þarlendir karlar og börn. - smk

Fyrrverandi yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna um öryggisráðið:

# Blix segir lítil ríki eiga erindi

**ÖRYGGISRÁÐIÐ** Hans Blix, Svíinn sem varð heimskunnur sem yfirmaður vopnaeftirlits Sameinuðu þjóðanna í Írak, kom til Íslands í gær og hélt rakleiðis norður í land, þar sem hann mun ásamt eiginkonu sinni fara í fuglaskoðunarferð um Mývatnssveit í dag. Hann segir lítil ríki eiga erindi í öryggisráðið, en því fylgi mikil vinna og þau geti lent í erfiðri hagsmunaklemmu.

Við komuna til Akureyrar gaf Blix sér tíma til að svara nokkrum spurningum Fréttablaðsins. Spurður álits á framboði Íslands til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna sagðist hann sjá gildið í því að lítil ríki tækju sæti í ráðinu; það væri nauðsynlegt að sjónarmið lítilla ríkja heyrðust þar en ekki aðeins stórveldanna.



**HANS BLIX** Fyrrverandi yfirmaður vopnaeftirlits SÞ er á Akureyri ásamt eiginkonu sinni.

„En það er mörgum vandkvæðum bundið, ég hef séð þann vanda sem lítil lönd eiga við að etja í ráðinu – þau hafa ekki möguleika á að afla sér upplýsinga á sömu forsendum og stór lönd“ og þetta hamli starfi þeirra í ráðinu.

„Ekki svo að skilja að ég vilji letja Ísland til framboðs til öryggisráðsins, alls ekki,“ segir Blix. Því fylgi hins vegar mikil vinna. Eitt geti Íslendingar þó reitt sig ef þeir nái kjöri í ráðið, og það sé dyggur stuðningur hinna Norðurlandaþjóðanna. - aa

## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG








## SPURNING DAGSINS?

*Valgerður, varstu ekki bara að sprengja brandara?*

„Jú, enda algjör brandarakerling.“

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra bar það af sér á Alþingi í fyrradag að hafa verið að sprengja eitthvað í loft upp með frumvarpinu um Nýsköpunarmiðstöð. Á Vestfjörðum er gjarnan talað um að sprengja brandara þegar maður slær um sig með gamanmáli.

Vinnumálastofnun kærir litháísku starfsmannaleiguna Euroelite:

# Talin hafa 30-40 starfsmenn

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun hefur sent lögreglunni kæru og óskað eftir því að starfsemi litháísku starfsmannaleigunnar Euroelite verði rannsökuð þar sem grunur leiki á að hún hafi ekki farið að leikreglum. Þetta er í fyrsta sinn sem erlend starfsmannaleiga er kærð hér á landi.

Í ákærunni kemur meðal annars fram að starfsmannaleigan er grunuð um að hafa flutt inn og endurleigt 30-40 starfsmenn án þess að hafa fengið leyfi til starfsemi hér á landi, hvað þá dvalareða atvinnuleyfi fyrir þetta fólk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins setti forsvarsmaður Euroelite sig í samband við Vinnumálastofnun fyrir nokkru síðan og lýsti áhuga sínum á að fara að íslenskum reglum. Ekki hefur þokast nægilega í því máli og er stofnunin ekki sátt við framkomin gögn frá fyrirtækinu.

Saksóknari hjá lögreglunni í Reykjavík er að skoða málið og mun rannsókn lögreglunnar fara fram í samráði við hann. Búast má við að óskað verði eftir upplýsingum frá Euroelite og að forsvarsmenn fyrirtækisins verði kallaðir til yfirheyrslu.

Euroelite er með höfuðstöðvar í Litháen. Fjallað var nýlega um heimsókn ASÍ á vinnustað þar sem starfsmenn á vegum Euroelite voru starfandi. - ghs



**ÚR HEIMSÓKN TIL EUROELITE** Litháísk starfsmannaleiga hefur verið kærð til lögreglu vegna gruns um að hafa flutt inn og endurleigt 30-40 erlenda starfsmenn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sinueldarnir í Borgarfirði:

# Gróður á Mýrum illa farinn

**SINUBRUNAR** Starfsmenn gróðurkortagerðar Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa undanfarna daga kannað gróðurskemmdir á Mýrum eftir sinubrunana miklu sem þar geisuðu. Ljóst er að skemmdir á gróðri eru miklar en þó mismunandi eftir svæðum. Sumar tegundir munu verða nokkur ár að jafna sig.

Guðmundur Guðjónsson, landfræðingur hjá stofnuninni, segir að fjalldrapi hafi farið verst og lyngtegundir hafi einnig farið illa. Birkið nyrst á Mýrunum virðist hafa sloppið betur vegna þess að vatnsstaða var há þar sem það vex. - shá



**TF-SIF** Konan hlaut mikla áverka en er ekki í lífshættu. Þyrlan TF-SIF sótti konuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þyrlan sækir slasaða konu:

# Varð undir bíl eiginmannsins

**LÖGREGLA** Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti konu á níræðisaldri skammt frá Þóroddsstöðum utan við Laugarvatn í hádeginu í gær.

Konan var ásamt eiginmanni sínum á leið í sumarhús. Hugðust þau snúa við og fara heim vegna hálku og erfiðra akstursskilyrða. Konan fór út til að leiðbeina manni sínum, en féll í götuna og rann undir bílinn. Eiginmaður hennar tók ekki eftir henni og ók yfir hana. Mjög hált var á þjóðveginum og snjór.

Þyrla flutti konuna á slysadeild Landspítalans. Hún er ekki í lífshættu en með mikla áverka. - gag

## LÖGREGLAN

**Árekstur við Hvalfjarðargöng** Umferðaróhapp varð við Hvalfjarðargöng síðdegis í gær þegar vörubíll og fólksbíll rákust saman. Fólksbíllinn var gamall og var hann talinn ónýtur eftir áreksturinn. Lítil meiðsl urðu á fólki.

**Tekinn á 120 km hraða** Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði nokkra ökumenn í gær fyrir of hraðan akstur. Einn var á 120 km hraða en mátti aðeins vera á 80 km hraða.

## DANMÖRK

**Dani féll** Þriðji danski hermaðurinn sem fallið hefur í átökunum í Írak var jarðaður í heimabæ sínum, Gimsing. Jesper Nielsen fórst þegar sprengja sprakk í Basra í Suður-Írak hinn 23. mars. Hann var tvítugur að aldri.

# Verjendur krefjast frávísunar málsins

**Ákært er fyrir meintar rangfærslur í bókhaldi Baugs sem gáfu jákvæðari mynd af afkomu félagsins en efni var til árin 2000 og 2001. Jón Gerald Sullenberger á nú hlut að því máli með útgáfu kreditreiknings sem velti Baugsmálinu af stað.**

**BAUGSMÁL** Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir að ákærurnar nýju í Baugsmálinu verði ekki birtar fyrr en allir málsaðilar hafi fengið tækifæri til þess að kynna sér þær. Krafist verður frávísunar málsins.

Jón Ásgeir er ákærður fyrir að stinga í eigin vasa umtalsverðum fjárhæðum þegar hann hlutaðist til um að kaupa verslanir 10-11 án vitundar stjórnar Baugs.

Jón Ásgeir vísar þessu á bug og segir að Baugur hafi hagnast á viðskiptunum. Kaupverðið sé það sama og stjórn félagsins hafi samþykkt. Jón Ásgeir telur í yfirlýsingu sinni um málið í gær að settur saksóknari misskilji eðli viðskiptanna.

Um meintar 400 milljóna króna ólögmætar lánveitingar segir Gestur Jónsson að ef skýringar Héraðsdóms Reykjavíkur á hlutafélagalögum í sýknudómi sínum í síðasta mánuði séu lagðar til grundvallar sé enginn vafi á að nýjar ákærur um lánveitingarnar sópist út af borðinu.

Um meint meiriháttar bókhaldsbrot segir Jón Ásgeir að ársreikningar Baugs hafi verið undirritaðir athugasemdalaust frá upphafi, en ákæran felur meðal annars í sér að hann og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, hafi reynt að fegra stöðu félagsins á hlutabréfamarkaði.

Ákært er nú fyrir bókhaldsbrot með því að Jón Ásgeir og Tryggvi hafi látið líta út fyrir að hlutabréf hafi verið seld út úr félaginu án þess að sú hafi verið raunin. Jón Ásgeir segir að skattrannsóknarstjóri hafi þegar komist að niðurstöðu um það mál. Viðskiptin hafi verið milli stofnenda félagsins og stjórnenda þess.

Jóni Ásgeiri er einnig gefið að sök að hafa dregið sér fé úr sjóðum Baugs, meðal annars til að fjármagna eignarhlut og reka skemmtibát á Flórída.

Jón Ásgeir segir að Jón Gerald Sullenberger hafi fengið fé að láni hjá Gaumi til að kaupa umræddan skemmtibát. Jón Gerald hafi bæði keypt bátinn og selt hann sem eigandi og aldrei fengið neitt greitt vegna reksturs á umræddum skemmtibáti. „Saksóknari hefur ekki viljað kynna sér gögn málsins hvað þennan þátt varðar og hefur því brugðist rannsóknarskyldu sinni sem honum ber lagaleg skylda til að sinna,“ segir í yfirlýsingu frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. - johannh@frettabladid.is / sjá síðu 18



**GESTUR JÓNSSON OG JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Forstjóri Baugs hefur sent frá sér tvær yfirlýsingar síðan ákveðið var að ákæra aftur í málinu.

BAUGS MÁLIÐ



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Kaup Jóns Ásgeirs á Vöruveltunni, sem rak 10-11 verslanirnar, telur saksóknari saknæm þar sem hann hafi auðgast á þeim á kostnað almenningshlutafélagsins Baugs.



**SADDAM HUSSEIN** Einræðisherrann fyrrverandi hefur verið ákærður fyrir þjóðarmorð.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saddam Hussein:

# Ákærður fyrir þjóðarmorð

**ÍRAK, AP** Íraskir saksóknarar lögðu fram ákærur í gær á hendur Saddam Hussein og sex öðrum fyrrum háttsettum mönnum fyrir þjóðarmorð og mannréttindabrot í herferð þeirra gegn Kúrdum á níunda áratugnum.

Ákærurnar heimila önnur réttarhöld yfir einræðisherranum fyrrverandi, en verið er að rétta í máli gegn honum fyrir dráp á yfir 140 sjíamúslimum í bænum Dujail árið 1982. Nýju réttarhöldin geta hafist eftir 45 daga, að sögn dómsyfirvalda.

Herferðin gegn Kúrdum var þrískipt og fólst meðal annars í gasárás á bæ Kúrda, þar sem 5.000 manns, konur og börn meðtalin, týndu lífi. - smk

Nafn hins látna:

# Lést í slysi á Kárahnjúkum

**ANDLÁT** Maðurinn sem lést í vinnuslysi á Kárahnjúkum á sunnudagskvöld hét Lúðvík Alfreð Halldórsson, til heimilis að Birkimel 9 í Varmahlíð. Hann var fæddur 19. janúar 1973. Hann lætur eftir sig sambýliskonu, þrjár dætur og þrjú stjúpbörn. Lúðvík Alfreð var gröfustjóri hjá Suðurverki. - jse


BÍLL DAGSINS
SUBARU FORESTER
Nýskr 01.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 22 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Tæplega nítján ára stúlku rænt og reynt var að nauðga henni:

# Þakkar fyrir að ekki fór verr

**LÖGREGLAN** Stúlku á nítjánda ári var rænt í bifreið sinni á Vesturlandsvegi og tilraun gerð til að nauðga henni seint á aðfaranótt mánudags.

Hún var á heimleið þegar maður gekk í veg fyrir bílinn svo hún hélt að eitthvað amaði að og nam því staðar og skrúfaði niður rúðuna. „Þá kýldi hann mig í andlitið og ég bara rotaðist,“ sagði stúlkan. Hún vissi næst af sér þegar hún var í aftursætinu og maðurinn gerði tilraun til að nauðga henni en annar maður ók bílnum og voru þau þá á Hafravatnsvegi.

Stúlkan slóst á móti og ökumaður missti stjórn á bílnum, sem fór út af veginum. Hún barðist um og hugsanlega hefur ökumaðurinn fipast vegna látanna í aftursætinu. „Ég hugsaði um það eitt að bjarga mér,“ sagði stúlkan en mennirnir tóku peninga sem voru í bílnum og lögðu á flótta.

„Þetta leit út fyrir að vera óskóp eðlilegur maður þegar ég stoppaði fyrir honum en það er greinilega betra að hugsa sig um áður en maður stoppar fyrir einhverjum,“ segir hún. „Annars er ég að reyna að gleyma þessu en það gengur ekkert. Þó þakka ég fyrir að ekki hafi farið verr en það er eins og einhver vaki yfir mér,“ segir hún.

Að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlögregluþjóns var mikil leit gerð að mönnunum í framhaldinu. Bílar voru stöðvaðir í grenndinni og farið um með sporhunda en án árangurs og í gærkvöldi hafði enginn verið handtekinn vegna málsins. - jse



**HAFRAVATN** Mennirnir óku Hafravatnsveg þar sem þeir óku út af á svipuðum slóðum og myndin er tekin.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# VAXTAHRUN!

# 3.19%

## LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

**Léttari greiðslubyrði:**

**MMC Space Star**
árg. 99 ek. 88.000
verð 550.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 350.000 kr.
afb. í 36 mán. 10.297 kr.

**VW Touran Basicline**
árg. 05 ek. 16.000
verð 2.490.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 2.190.000 kr.
afb. í 72 mán. 33.530 kr.

**MMC Lancer**
árg. 98 ek. 132.000
verð 650.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 390.000 kr.
afb. í 18 mán. 22.331 kr.

**KIA Carens**
árg. 04 ek. 28.900
verð 1.470.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.240.000 kr.
afb. í 72 mán. 19.001 kr.

**Skoda Octavia**
árg. 00 ek. 121.000
verð 660.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 490.000 kr.
afb. í 48 mán. 10.981 kr.

**VW Passat**
árg. 02 ek. 57.000
verð 1.450.000 kr.
TILBOÐSVERÐ 1.190.000 kr.
afb. í 60 mán. 21.512 kr.

Vaxtahrun Bílaþings Heklu Klettthálsi, Laugavegi og hjá umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning. Vextir háðir breytingum á Libor.

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA

ALLT AÐ 100% LÁNSFJÁRMÖGNUN

TILBOÐ á völdum bílum

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 4.4.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,9 | 72,24 |
| Sterlingspund | 125,45 | 126,05 |
| Evra | 87,43 | 87,91 |
| Dönsk króna | 11,714 | 11,782 |
| Norsk króna | 11,091 | 11,157 |
| Sænsk króna | 9,314 | 9,368 |
| Japanskt jen | 0,61 | 0,6136 |
| SDR | 103,79 | 104,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,0105

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skoðanakönnun á fylgi stjórnmálaflokka á Akranesi:

# Framsókn tapar

**SKOÐANAKÖNNUN** Framsóknarflokkurinn á Akranesi myndi tapa meira en helmingi þess fylgis sem hann fékk í síðustu bæjarstjórnarkosningum ef gengið yrði til kosninga nú. Flokkurinn fengi 12,3 prósent og einn mann kjörinn en fékk 26 prósent í kosningunum fyrir fjórum árum og tvo menn kjörna.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 42,6 prósenta fylgi en fékk 35 prósent í síðustu kosningum. Samfylkingin tapar fylgi og fær tæp 29 prósent en var með 32,4 prósent í kosningunum. Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir NFS. „Við framsóknarmenn erum ekki óvanir því að við mælumst ekki vel í skoðanakönnunum. Sem dæmi mátti í aðdraganda síðustu kosninga þakka fyrir að ég hékk inni samkvæmt könnunum en það endaði þannig að okkur vantaði þrjú atkvæði til að ná þremur kjörnum fulltrúum," segir Guðmundur Páll Jónsson, oddviti framsóknarmanna.

Könnunin fór fram 31. mars og 1. apríl og var stuðst við 600 manna úrtak Akurnesinga. Svarhlutfallið var rúmlega 60 prósent. Hafa ber í huga að einungis voru komnir fram tveir framboðslistar þegar könnunin var gerð, listi Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. **- ghs**

**KÖNNUN Á FYLGI FLOKKA Á AKRANESI VEGNA SVEITASTJÓRNAKOSNINGA 2006**






**FJÖLMIÐLAATHYGLI** Morðið á Damilola Taylor, tíu ára, vakti gríðarlega mikla athygli.

Barnsmorð í Bretlandi:

## Tveir bræður voru sýknaðir

**BRETLAND, AP** Tveir bræður á unglingsaldri og tvítugur félagi þeirra voru í gær sýknaðir af ákæru um að hafa myrt tíu ára gamlan dreng í London árið 2000.

Damilola Taylor var stunginn til bana er hann var á leið heim frá bókasafni. Málið vakti mikla athygli í Bretlandi á sínum tíma. Bræðurnir, sem nú eru 17 og 18 ára gamlir, voru jafnframt sýknaðir af ákæru um að hafa ráðist á Damilola með það í huga að ræna hann. Saksóknarar íhuga nú hvort ákæra beri piltana fyrir manndráp. **- smk**

Karlmaður tekinn í Leifsstöð:

## Faldi kókaín í fartölvu

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingur um fimmtugt var handtekinn á laugardaginn fyrir rúmri viku á Keflavíkurflugvelli en hann var með töluvert magn af kókaíni sem hann hafði falið í fartölvu sinni. Að sögn Harðar Jóhannessonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, var maðurinn tekinn við venjubundið eftirlit hjá tollvörðum.

Hann hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. apríl. Lögreglan gefur ekki upp hversu mikið magn var falið í tölvunni. Maðurinn, sem var að koma með flugi frá Bandaríkjunum, hefur ekki komið við sögu lögreglu áður fyrir alvarleg brot. **- jse**

# Íslendingar opna fyrir frjálst flæði vinnuafls

**Félagsmálaráðherra leggur í dag fyrir stjórnarflokkana frumvarp um að opna fyrir frjálsa för frá hinum nýju aðildarríkjum ESB hinn 1. maí. Vinnuveitandi þarf að skrá ráðninguna og senda ráðningarsamning til Vinnumálastofnunar. Starfshópur fer yfir stöðu útlendinga hér.**

**VINNUMARKAÐUR** Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra leggur í dag fyrir þingflokka stjórnarflokkanna frumvarp um að opna fyrir frjálsa för frá hinum nýju aðildarríkjum ESB 1. maí í samræmi við niðurstöðu samráðs við aðila vinnumarkaðarins sem hann kynnti á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun.

Með frjálsri för geta íbúar hinna nýju aðildarríkja ESB komið hingað án þess að hafa atvinnuleyfi en um leið þarf vinnuveitandi að senda Vinnumálastofnun nafn og upplýsingar um ráðningarkjör innan tíu daga. Jón segir að einnig verði stofnaður starfshópur til að fara yfir stöðu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að ekki sé farin sú leið sem ASÍ hefði helst viljað en hún sé svo sem ekki í grundvallaratriðum andstæð henni. Verðmætið nú liggi í því að gerð verði grein fyrir ráðningum frá nýju aðildarríkjunum og lagðir fram ráðningarsamningar.

„Í frumvarpinu eru heimildir til að leggja á dagsektir ef fyrirtæki uppfylla ekki skyldur sínar. Með upplýsingagjöf skapast aðstæður fyrir verkalýðshreyfingu og stjórnvöld að fylgjast með þróuninni á vinnumarkaði og bregðast við ef upp koma grunsemdir um að það sé farið illa með fólk og það njóti ekki þeirra réttinda sem þeim ber," segir hann.



**ERLENDIR STARFSMENN Á ÍSLANDI** Þegar stjórnarfrumvarp um að opna fyrir frjálsa för íbúa hinna nýju aðildarríkja ESB hefur verið samþykkt geta íbúar frá löndum eins og Lettlandi, Litháen og Póllandi komið hingað til starfa án atvinnu- eða dvalarleyfis. Það eina sem vinnuveitandi þarf að gera er að skrá þá hjá Vinnumálastofnun og gefa upplýsingar um ráðningarkjör. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HALLDÓR GRÖNVOLD



VILHJÁLMUR EGILSSON



JÓN KRISTJÁNSSON

„Ráðherra hefur jafnframt gefið yfirlýsingu um að fjalla á breiðum vettvangi um stöðu launafólks á íslenskum vinnumarkaði, þar með talið á grundvelli þjónustuviðskipta, og skoða þætti eins og mögulega ábyrgð notendafyrirtækja, það sem lýtur að vörnum gegn gerviverktöku og aðstoða og upplýsa fólk um réttindi sín," segir Halldór.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, telur að með frumvarpinu sé staðið við fyrirheit um að vinnumarkaðurinn verði opnaður 1. maí. Kvaðir um skráningu sé nokkuð sem atvinnulífið geti lifað með. „Við teljum að þetta stuðli að því að þessar ráðningar fari eftir kjarasamningum og íslenskum lögum og stuðli að því að skattar séu greiddir hér á landi með eðlilegum hætti. Þetta verði miklu þjálla og betra fyrir atvinnulífið og vinnumarkaðinn og það sé ekki sama ástæða til að ætla að ýmis svört starfsemi eða óhófleg notkun á starfsmannaleigum sé í gangi," segir hann.

**ghs@frettabladid.is**




## ADR meiraprófsbílstjórar óskast

**Atlantsolía leitar eftir** traustum og áreiðanlegum bílstjóra með ADR-réttindi. Leitað er eftir bílstjóra til framtíðarstarfa.

**Atlantsolía** hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 14 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

**Áhugasamir hafi samband við Geir Sæmundsson í síma 825-3133 eða sendi póst á geir@atlantsolia.is.**

ATLANTSOLIA

pipar / SÍA / 6630


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDASAMIR DAGAR**
Næstu tveir dagar eða svo verða heldur vetrarlegir, bæði vindasamir og kaldir. Þetta gæti þó lagast um páskana, gangi þær spár eftir.

**HVENÆR HÆTTIR ALVEG AÐ SNJÓA?**
Að jafnaði má vænta þess að snjór geti komið úr lofti í Reykjavík fram undir mánaðamótin apríl/maí en á Akureyri út maí.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Norðvestan 5-13 og skýjað en úrkomulítið. Hiti við frostmark.

*um hádegi »* — *» á morgun*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | París | 9°C hálfskýjað | Torrevieja | 24°C heiðskírt |
| Osló | 4°C alskýjað | Berlín | 6°C léttskýjað | Mílano | 15°C skýjað/skúr |
| Stokkhólmur | 2°C skýjað | Frankfurt | 8°C léttskýjað | New York | 8°C skýjað/skúr |
| Helsinki | 1°C skýjað | Madríd | 20°C heiðskírt | San Francisco | 15°C skýjað/skúr |
| London | 10°C hálfskýjað | Barcelona | 19°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Mér finnst eðlilegt að traustir viðskiptavinir fái betri kjör – það finnst bankanum mínum líka

**Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.**

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.
Það gerum við meðal annars með því að bjóða Vörðufélögum 15% afslátt af þóknun við kaup í sjóðum Landsbankans.




Njóttu þess að vera í Vörðunni



## KJÖRKASSINN

*Er rétt að leggja Kvikmyndaskoðun niður?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,6% |
| Nei | 50,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er rétt að endurákæra í Baugsmálinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Frakkar þramma gegn nýrri vinnulöggjöf:

# Milljón mótmælir

**FRAKKLAND, AP** Yfir milljón manns söfnuðust saman á strætum Frakklands í gær og gengu gegn nýrri vinnulöggjöf, að sögn frönsku lögreglunnar, en skipuleggjendur mótmælanna sögðu fjöldann hafa verið þrjár milljónir. Þúsundir lögreglumanna fylgdust með mótmælunum, sem víðast hvar fóru friðsamlega fram, þó að til nokkurra óeirða kæmi í París í gærkvöldi.

Vinnulöggjöfinni er ætlað að draga úr gríðarlegu atvinnuleysi meðal ungs fólks í Frakklandi, en mótmælin stafa af því að hún heimilar atvinnurekendum að reka fólk undir 26 ára aldri án ástæðu eftir allt að tveggja ára starf.

Verkalýðsflokkar og námsmenn stóðu fyrir mótmælunum í gær, en þetta var í annað sinn á einni viku sem slík fjölmenn mótmæli hafa verið haldin í landinu. Flug- og lestarsamgöngur lágu niðri því verkafólk lagði niður störf til að mæta í göngurnar. Verkalýðsfélögin krefjast þess að löggjöfin verði dregin til baka, en Dominique de Villepin forsætisráðherra, sem átti frumkvæði að henni, hefur neitað að verða við þeirri kröfu.

Ný skoðanakönnun sem birt var í frönskum fjölmiðlum í gær sýndi að nær annar hver Frakki telur að de Villepin beri að segja af sér vegna óánægju landsmanna yfir löggjöfinni. - smk



**FJÖLMENN MÓTMÆLI** Frakkar flykktust á götur út í hundraða þúsunda tali í gær til að mótmæla nýrri vinnulöggjöf. Myndin er tekin í Toulouse. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstandendur á Hrafnistu:

## Ættingjar vistmanna kvíðnir

**KJARAMÁL** Ættingjabandið, félag aðstandenda á Hrafnistu, hélt aðalfund sinn í gærkvöldi og var Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra gestur fundarins.



**ELSA ÞÓRARINSDÓTTIR**

Ítarlega var fjallað um launabaráttu ófaglærðs starfsfólks sem nú er í algleymingi og snertir mjög starfsemi Hrafnistuheimilana. Að sögn Elsu Þórarinsdóttur, formanns félagsins, lýstu fundarmenn áhyggjum sínum af uppsögnum ef starfsfólkið fengi ekki launaleiðréttingu. Ráðherra minnti á að sitt ráðuneyti væri ekki samningsaðili þeirra stétta sem vinna á hjúkrunarheimilum. - shá

Vinnumarkaðurinn og ESB:

## Svíar flytja til að fá vinnu

**VINNUMARKAÐUR** Sænskir launþegar eru einna viljugastir allra innan ESB til að flytja innanlands ef vinnumarkaðurinn krefst þess því að yfir 70 prósent Svía geta hugsað sér að flytja til að fá vinnu. Þetta segir vefútgáfa Dagens Nyheter og vitnar í nýja tölfræði frá ESB.

Franskir, hollenskir og pólskir launþegar eru langviljugastir innan ESB til að flytja til að fá vinnu. Svíar eru í fjórða sæti. Ungverjar og Írar eru meðal þeirra sem vilja helst ekki flytja. - ghs

**ÍRLAND**

**Njósnari myrtur** Denis Donaldson, sem eitt sinn var hátt settur í Sinn Fein, fannst skotinn til bana í Donegal á Írlandi í gær. Donaldson var rekinn úr Sinn Fein í desember eftir að upp komst um tveggja áratuga njósnir hans fyrir Breta.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Starfsmenn Ríkisútvarpsins skora á Alþingi að eyða óvissu um stofnunina með skiljanlegum lögum sem dugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Starfsmenn RÚV vilja skiljanleg lög

**Starfsmenn Ríkisútvarpsins og stjórnarandstaðan á Alþingi saka stjórnarliða um að taka ekkert tillit til athugasemda sem gerðar hafi verið við frumvarp um rekstur Ríkisútvarpsins. Búist er við löngum umræðum á Alþingi um málið.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Meirihluti menntamálanefndar Alþingis leggur til breytingar á frumvarpi um Ríkisútvarpið í samræmi við athugasemdir ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Breytingarnar fela í sér að inntak hugtaks um útvarpsþjónustu í almannaþágu er þrengt varðandi þætti sem teljast samkeppnisrekstur.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, fylgdi meirihlutaáliti menntamálanefndar úr hlaði þegar önnur umræða um frumvarpið hófst á Alþingi í gær. Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, taldi víst að biðlaunaréttindi starfsmanna RÚV væru ekki eins mikil og starfsmanna flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, sagði ljóst að verið væri að einkavæða Ríkisútvarpið. Sigurður Kári hefði margoft flutt um það tillögur. Össur minnti á samanburð á hlutafélagavæðingu og rekstri undir merkjum sjálfseignarstofnunar.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**



**MÖRÐUR ÁRNASON**

„Niðurstaða athugunarinnar var sú að að það yrði auðveldara að fá fleiri aðila til þess að taka þátt í hlutafélagi og til þess að auka hlutafé... Um það snýst allt málið. Að selja part úr ríkisútvarpinu og að lokum að öllu leyti.“

Sigurður Kári svaraði að ekki væri pólitísk samstaða um einkavæðingu og rekstrarform hlutafélags væri heppilegast fyrir rekstur Ríkisútvarpsins við þær aðstæður.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, gerði grein fyrir áliti minnihluta menntamálanefndar. Ellefu athugasemdir eru gerðar, meðal annars þær að með frumvarpinu verði rekstur ógagnsær, pólítískt vald of mikið og að nefskattur til að fjármagna starfsemina sé óheppilegur.

Starfsmenn RÚV telja að mismunandi áherslur stjórnarflokkanna í málefnum stofnunarinnar hafi nú endað í óútfylltri ávísun til framtíðar. Í ályktun fjölmenns starfsmannafundar í gær eru gerðar alvarlegar athugasemdir við óljósa fjárhagsstöðu nýja félagsins. Lýst er furðu á því að ekki hafi verið tekið tillit til umsagna sem menntamálanefnd Alþingis fékk í hendur. Loks er þess krafist að fullur biðlaunaéttur starfsmanna verði tryggður, sem og lífeyrisréttindi og aðild starfsmanna að núverandi stéttarfélögum innan Ríkisútvarpsins.

johannh@frettabladid.is




Ásta R. Jóhannesdóttir þingmaður telur tilvísanakerfið hugsanlega á gráu svæði:

# Þarf að skoða lagaheimild

**HEILBRIGÐISMÁL** Ásta R. Jóhannesdóttir alþingismaður telur að tilvísanakerfið til hjartalækna, sem kemur til framkvæmda í næstu viku, virki svipað og það var á tíunda áratugnum. Ekki hafi áður verið greitt fyrir þjónustu sérfræðinga sem ekki hafi samning við Tryggingastofnun.

„Mér finnst að það þurfi að skoða hvort það sé heimilt samkvæmt lögum að greiða fyrir þjónustu lækna sem ekki eru á samningi við Tryggingastofnun. Mér virðist þessi reglugerðarleið vera á gráu svæði og í fljótu bragði sýnist mér lögin gera ráð fyrir að samningur við læknana þurfi að vera fyrir hendi,“ segir hún.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að tilvísanakerfið sé viðbrögð ráðuneytisins við því að viðræður við hjartalækna hafi engan árangur borið og læknarnir hafi gengið út úr samningi sem gildi til 31. mars 2008. Ekki sé verið að blása nýju lífi í gamla tilvísanakerfið.

Siv segir að nýja tilvísanakerfið sé ekki almennt tilvísanakerfi heldur valfrjálst kerfi til að tryggja endurgreiðslurétt sjúklings. „Þetta er ekki ákvörðun um að taka upp tvöfalt heilbrigðiskerfi á Íslandi,“ segir hún og telur fjarri lagi að þetta þýði að menn geti keypt sig framar í biðröð. - ghs

# Hávaxtareikningar




# Háir vextir og mikið öryggi fara saman hjá SPRON!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi, hvort sem það er til styttri eða lengri tíma.

Það eru ekki aðeins góð vaxtakjör sem SPRON hefur upp á að bjóða heldur gerist þjónustan ekki betri meðal banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni, samanber Íslensku ánægjuvogina 2005.

**Frábært tilboð!**
Þeir sem stofna Netreikningana SPRON Vaxtabót eða SPRON Viðbót á www.spron.is fyrir 1. maí fá **10% vaxtaálag** á greidda vexti um næstu áramót.

**Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is**

spron
– frelsi í bankaviðskiptum



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir nýskipaður forstjóri 365 Media Scandinavia A/S?

2 Hvaða sjúkdómi segist David Beckham þjást af?

3 Hver er Íslandsmeistari kaffibarþjóna?

SVÖR Á BLS. 38

Landbúnaðarráðherra hefur áhyggjur af stórfelldum jarðakaupum auðmanna:

# Auðmenn þrengja að búskap

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra athugar ásamt fulltrúum bændasamtakanna hvort ástæða sé til þess að bregðast við stórfelldum kaupum auðmanna á bújörðum með breytingum á jarðalögum. Hann vísar meðal annars til ákvæða í dönskum og norskum lögum um ábúðarskyldu.

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði landbúnaðarráðherra á Alþingi hvort hann hygðist koma í veg fyrir raðuppkaup auðmanna. Verð á jörðum hefði hækkað um 100 prósent á fimm árum og sala þeirra hefði aukist um 50 af hundraði á sama tíma. Björgvin vísaði til þess að Guðni hefði ekki útilokað í viðtali við Bændablaðið að sú staða kynni að koma upp að gera yrði breytingar á jarðalögum ef viðskiptafrelsi færi að bitna á mikilvægum gildum. Þar hlyti hann að hafa átt við skilyrði í lögum um ábúðarskyldu.



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA** Stóruppkaup auðmanna á jarðnæði geta bitnað á mikilvægum gildum segir landbúnaðarráðhera.

Landbúnaðarráðherra sagði verðþróunina jákvæða en samfara henni steðjaði viss ógn að stöðu landbúnaðarins. Þetta hefði valdið áhyggjum bænda í ýmsum byggðarlögum.

Björgvin sagði ekki ótítt að auðmenn hefðu keypt fimm til fimmtán jarðir, en dæmi eru um að hópur fjárfesta hafi keypt mun fleiri jarðir. - jh

Veðmálafyrirtækið Betsson:

# Kært ef auglýsingar birtast

**FJÁRHÆTTUSPIL** Lögreglan hefur haft samband við stjórnendur allra helstu fjölmiðla landsins og óskað eftir því að þeir hætti að birta auglýsingar frá veðmálafyrirtækinu Betsson.com en auglýsingar fyrirtækisins birtust fyrir og um síðustu helgi í ýmsum fjölmiðlum.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, segir að ábendingunni hafi yfirleitt verið vel tekið enda séu auglýsingarnar ólöglegar og bannaðar. Hann segir að þeir sem ekki taki ábendingu lögreglu geti átt von á kæru. - ghs

Repúblikaninn Tom DeLay:

# Segir af sér þingmennsku

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríski þingmaðurinn Tom DeLay hefur sagt af sér þingmennsku og ætlar ekki að bjóða sig fram í þingkosningunum í nóvember.



TOM DELAY

„Kjósendurnir í 22. kjördæmi í Texas eiga skilið að kosningabaráttan snúist um þau mikilvægu þjóðmál sem þeir láta sig mest varða, en snúist ekki bara um mig," sagði hann í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær.

DeLay var leiðtogi repúblikana á Bandaríkjaþingi þangað til á síðasta ári, þegar hann var sakaður um að hafa átt hlut að ólöglegri fjármögnun kosningabaráttu flokksins. - gb

Sviptingar í stjórnmálunum í Taílandi:

# Ráðherra segir af sér

**TAÍLAND, AP** Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, sagði af sér í gær, en stjórnarandstæðingar hafa sakað hann um spillingu og misbeitingu á valdi sínu.

Forsætisráðherrann efndi til kosninga á sunnudag þó þrjú ár væru enn eftir af kjörtímabili hans, í þeim yfirlýsta tilgangi að sanna fylgi flokks síns. Bráðabirgðatölur sögðu flokk Thaksins hafa hlotið 57 prósent atkvæða, en óvíst er hversu marktækar kosningarnar voru því fjöldi Taílendinga neitaði að kjósa í mótmælaskyni við forsætisráðherrann. Thaksin tilkynnti því um afsögn sína í gær eftir fund með konungi landsins, Bhumibol Adulyadej.



**ÁSAKANIR UM SPILLINGU** Stjórnarandstæðingar mótmæltu í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Thaksin er auðkýfingur sem græddi fé sitt í símafyrirtækjum. Þó hann hafi upphaflega notið mikils fylgis hafa mótmæli gegn honum farið stigvaxandi undanfarið, sérstaklega eftir að fjölskylda hans seldi hlut sinn í stóru símafyrirtæki, skattfrjálst.

Á meðan stjórnarandstæðingar fögnuðu við stjórnarráðið í Bangkok í gær kvörtuðu margir fátækari íbúar landsins undan afsögn Thaksins og sögðu hann hafa sinnt fátæklingum vel. Thaksin mun sinna forsætisráðherrastöðunni þar til annar tekur við, sem verður væntanlega innan mánaðar. - smk



**FRÁ HRAFNISTU Í REYKJAVÍK** Daggjöldin á Hrafnistu eru þrettán þúsund krónur en til samanburðar eru daggjöldin á Sóltúni tuttugu þúsund krónur.

# Daggjöldin gætu breyst

**Stjórnendur dvalarheimila segja það ekki skilgreint í hvað daggjöld eigi að renna og biðja um þjónustusamninga. Heilbrigðisráðherra er ósammála.**

**KJARAMÁL** Setuverkföll starfsfólks á dvalarheimilum eru yfirvofandi á morgun og föstudag. Þau ná til um 900 starfsmanna á átta stofnunum sem vilja sömu laun fyrir sömu vinnu og starfsmenn sveitarfélagana.

Daggjöld ríkisins til þessara stofnana ákvarða að stærstum hluta laun starfsfólks að sögn stjórnenda heimilanna, sem vilja þjónustusamninga eins og dvalarheimilið Sóltún hefur sem tilgreina nákvæmlega hvaða þjónustu ber að veita fyrir daggjöldin. Samningur Sóltúns tryggir dvalarheimilinu hærri daggjöld en aðrar stofnanir fá. Þessu hafa stjórnvöld hafnað ítrekað segir Sveinn H. Skúlason, forstjóri Hrafnistuheimilanna.

Guðmundur Hallvarðsson, stjórnarformaður Hrafnistuheimilanna, hefur miklar áhyggjur af þróun mála og segir að Hrafnistuheimilin verði að sætta sig við að ríkið taki einhliða ákvörðun um daggjöldin. „Flóttinn er hafinn og við eigum engin svör. Daggjaldið á Hrafnistu er 13.000 krónur en á Sóltúni rúmlega 20.000 krónur. Miðað er við að Sóltún taki við fólki af spítölunum en það höfum við líka allt af gert og gerum enn. Við sjáum enga kröfu frá heilbrigðisráðuneytinu um hvað er lágmark og hvað er hámark þjónustu. Ef þetta þróast áfram eins og það gerir núna er sjálfhætt.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR



GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að það sé nákvæmlega tilgreint hvað ríkið sé að kaupa annars staðar en á Sóltúni. Í daggjaldinu séu skýr laga- og reglugerðarákvæði sem gilda um þá þjónustu sem veitt sé á hjúkrunarheimilum og skýrt hvaða kröfur eru gerðar. Aðspurð hvort það komi til greina að aðrar sjálfseignarstofnanir fái svipaða samninga og Sóltún svaraði ráðherra: „Við erum að skoða umönnunarþáttinn, hvernig hann eigi að vera samansettur. Við borgum daggjöldin áfram eins og við höfum gert. Það er hugsanlegt að þau geti tekið einhverjum breytingum í framtíðinni en það hefur ekkert með kjarasamningana að gera."

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur bent á að gera þurfi þjónustusamninga, sem hljóti að teljast lágmarkskrafa við kaup á samfélagslegri þjónustu. Formaður félagsins, Elsa B. Friðfinnsdóttir, segir ríkið setja frá sér milljarða án þess að skilgreint sé í hvað féð eigi að renna.

svavar@frettabladid.is


www.icelandexpress.is/friedrichshafen





FRIEDRICHSHAFEN

Vinaleg borg í fallegu umhverfi



Nokkuð óþjált nafn fyrir jafn fallega og vinalega borg. Friedrichshafen er í Suður-Þýskalandi og stendur við Konstanz-vatnið sem er þriðja stærsta stöðuvatn meginlands Evrópu þar sem Þýskaland, Sviss og Austurríki mætast. Það er alltaf nóg um að vera við vatnið.



NÝTT!

» Vinsælir ferðamannastaðir á þessum slóðum eru blómaeyjan Mainau sem er skammt frá borginni Konstanz og kastalinn sögufrægi í Meersburg. Í 30–60 mínútna ökufjarlægð eru Austurríki og Sviss hinu megin við vatnið og Ítalía ekki langt undan.

VERTU ÞINN EIGIN HERRA

Fljúgðu á einn stað og heim frá öðrum - og bíll frá Budget kemur þér á milli staða.

Bókaðu bílaleigubíl frá Budget á www.icelandexpress.is og tryggðu þér bestu verð Budget. Þú getur flogið á einn áfangastað Iceland Express, ferðast um á bíl frá Budget og flogið svo heim frá öðrum áfangastað, allt eftir þinni hentisemi.



Verð frá: 7.995 kr.*

Barnaverð: 5.995 kr.*

Iceland Express

www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum


Danska stjórnin kynnir breytingar á velferðakerfinu:

# Eftirlaunaaldur hækkaður

**DANMÖRK** Danir sjá fram á lengri starfsaldur því í gær voru áform ríkisstjórnarinnar um að hækka eftirlaunaaldurinn kynnt. Er breytingin hluti af áætlunum ríkisstjórnarinnar í endurbótum á velferðarkerfi landsins.

Töluverð umræða hefur verið um málið í Danmörku undanfarin misseri og flestar skoðanakannanir sýnt að meirihluti landsmanna er á móti hærri eftirlaunaaldri. Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar hækkar eftirlaunaaldurinn úr sextíu árum í 63 ár á næstu fimmtán árum. - ks



**SÉRSVEIT STOFNUÐ** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og innanríkisráðherrann Charles Clarke skoða sportbíl sem gerður hefur verið upptækur í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Stofnuð hefur verið ný sérsveit í Bretlandi, SOCA, til að heyja þessa baráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Berlingske Tidende fjallar um fríblað Dagsbrúnar í Danmörku:

# Nýtt fríblað tekið alvarlega

**DANMÖRK** „Þessir Íslendingar hafa margsinnis gert það sem þeir hafa sagst ætla að gera og því væri það heimskulegt að taka þá ekki alvarlega“. Þetta sagði ritstjóri stærsta fríblaðs Danmerkur, MetroXpressen, í viðtali við Berlingske Tidende í gær.

Ritstjórinn sagði þó ólíklegt að MetroXpressen myndi bregðast við samkeppninni með því að dreifa blaðinu inn á heimili líkt og Dagsbrún hyggst gera. Forsvarsmaður útgáfufyrirtækis Urban, hins fríblaðsins á danska markaðnum, sagði hins vegar að fyrirtækið myndi fylgjast vel með þróun mála hjá nýja fríblaðinu og taka ákvarðanir í kjölfarið.

Haft er eftir Gunnari Smára Egilssyni, framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, í frétt Berlingske Tidende að hugsanleg kaup fyrirtækisins á Orkla Media breyti engu um fyrirætlanirnar um fríblaðið. Dagblaðið Urban er í eigu Orkla Media.

Svenn Dam, nýráðinn framkvæmdastjóri 365 Media Scandinavia, dótturfyrirtækis Dagsbrúnar, segir að fyrirtækið muni sjálft sjá um dreifingu blaðsins enda séu þau dreifingarfyrirtæki sem fyrir eru á markaðnum ekki fýsilegir samstarfsaðilar. - ks



**GUNNAR SMÁRI OG SVENN DAM** Forstjóri Dagsbrúnar segir að hugsanleg kaup á Orkla Media, sem á fríblaðið Urban, breyti engu um fyrirætlanir um nýtt fríblað.

Sjónvarpskona í Danmörku:

# Fær að bera höfuðklút

**DANMÖRK** Jafnréttisráðherra Danmerkur hyggst ekki verða við kvörtunum kvenréttindasamtaka vegna höfuðklúts sem þáttastjórnandi í danska ríkissjónvarpinu ber. Höfuðklæðnaður hinnar 24 ára sjónvarpskonu Asmaa Abdol-Hamid hefur vakið töluverða athygli í Danmörku og óánægju fjölda kvenréttindasamtaka.

Hafa talsmenn samtakanna sagt klútinn dæmi um kúgun kvenna og því vísað málinu til ráðherra jafnréttismála. Ráðherrann segir það hins vegar í verkahring forsvarsmanna danska ríkissjónvarpsins að taka á málinu. - ks

Réttað yfir Charles Taylor:

# Segist saklaus

**SÍERRA LEÓNE, AP** Charles Taylor, fyrrum forseti Líberíu, lýsti yfir sakleysi sínu við upphaf réttarhalda yfir honum fyrir stríðsglæpadómstólum í Síerra Leóne á mánudag. Taylor er sakaður um stríðsglæpi svo sem kynlífsþrælkun, limlestingar og að hafa sent börn í bardaga.



**CHARLES TAYLOR**

Verjendur hans segja stríðsglæpadómstólinn ekki hafa vald til að dæma Líberíu eða fyrrum forseta hennar.

Saksóknarar hafa farið fram á að réttarhöldin verði flutt til Hollands, en núverandi forseti Líberíu, Ellen Johnson Sirleaf, hefur sagt að hún óttist að stuðningsmenn Taylors noti réttarhöldin í nágrannaríkinu Síerra Leóne sem afsökun fyrir uppreisn. - smk

Bæjarmál í Sandgerði:

# D-listi kynnir framboð sitt

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sjálfstæðisfélag Sandgerðisbæjar hefur kynnt framboðslista sinn til sveitarstjórnarkosninganna sem fara fram í vor.

Efsta sæti listans skipar Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri. Í næstu sætum eru Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, starfsmaður í grunnskóla Sandgerðis, Reynir Þór Ragnarsson verkefnisstjóri og Gróa Axelsdóttir grunnskólakennari.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í meirihlutasamstarfi með K-lista á þessu kjörtímabili. - sdg

# Ríkisstjórnin í tímahraki

**Jón Baldvin Hannibalsson segir Íslendinga lenta í tímahraki með að vinna úr því hvað við taki við brotthvarf bandaríska varnarliðsins, en Íslendingar hafi oft sýnt að þeir vinni best þegar þannig standi á.**

**VARNARMÁL** Það er í raun fyrst nú, hálfum öðrum áratug eftir endalok kalda stríðsins, að Íslendingar eru að taka varnarmál íslenska lýðveldisins í eigin hendur, nauðbeygðir vegna uppnámsins sem varnarsamstarfið við Bandaríkin er komið í. Þetta er meðal þess sem fram kom á málfundi í Háskólanum á Akureyri í gær, þar sem Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, flutti fyrirlestur um stefnumótun í utanríkismálum.

Í fyrirlestrinum vék Jón að stöðunni sem upp er komin í varnarmálunum. Sagði hann að nú kæmi mjög skýrt í ljós gallinn við það að íslensk stjórnvöld hefðu aldrei komið sér upp eigin sérþekkingu á hermálum, á hinni tæknilegu hlið varnarmála, sem nýst gæti í samningaviðræðum eins og þeim sem nú eru hafnar við Bandaríkjamenn. Slík þekking væri forsenda fyrir því að Íslendingar gætu á eigin forsendum metið til dæmis hvers konar varnarviðbúnaður þyrfti að vera til staðar á landinu til að varnarþörfum landsins væri fullnægt.





**DAVÍÐ ODDSSON OG GEORGE W. BUSH** Jón Baldvin segir að Íslendingum hafi verið talin trú um að Varnarliðið færi ekki vegna persónulegra kynna Davíðs og Bush. NORDICPHOTOS/AFP

„Þetta tvíhliða varnarsamstarf við Bandaríkin hefur auðvitað dregið dám af því,“ sagði Jón. Ákvarðanir um þennan viðbúnað hafi Bandaríkjamenn tekið „því sem næst einhliða“, og það „þrátt fyrir að það væri grundvallaratriði þessa samnings að hann skyldi tryggja varnir Íslands og reyndar svæðisins í kring.“

Jón rakti að frá og með valdatöku George W. Bush vestra árið 2000 „og nánar tiltekið með inngöngu Donalds Rumsfelds í Pentagon“ hefðu Bandaríkjamenn tekið endanlega ákvörðun um að draga herlið sitt frá Íslandi. Röksemdirnar væru einfaldar: að Íslandi steðjaði engin hernaðarleg ógn frá neinu þjóðríki og í öðru lagi hefði Rumsfeld frá fyrsta degi í embætti verið að framkvæma kenningar um algera endurskipulagningu bandaríska heraflans. Hann ætti að vera hægt að senda fyrirvaralaust til átakasvæða hvar sem væri í heiminum og allsherjarendurskoðun herstöðvanets Bandaríkjanna væri liður í þessu. „Það er verið að færa hann til hinna nýju átakasvæða í hinu nýja kalda stríði, sem er löngu hafið og snýst um forræði og yfirráð yfir olíu og orku og öðrum hráefnum,“ sagði Jón.

Að varnarliðið færi hefði því ekki átt að koma íslenskum ráðamönnum á óvart. „Íslendingum hefur verið talin trú um að þetta yrði ekki af því að Davíð Oddsson



**Í HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI** Jón Baldvin fjallaði um varnarmálin á málfundi á Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

væri persónulega svo vel kynntur í Washington, að hann væri svo góður vinur George W. Bush. Þegar menn fengu efasemdir um að þetta væri alls kostar rétt, þá töldu menn að þetta væri allt í lagi vegna þess að Geir Haarde hefði stundað nám hjá Johns Hopkins, sem er meðal útibú við Massachusetts Avenue, sem er ekki langt frá Hvíta húsinu, og hann hefði haft sama kennara og Condoleezza Rice og væri þess vegna ákaflega vel kynntur.“

Það bendir ýmislegt til þess að það versta hafi hent, nefnilega ekki að þeir sögðu þetta heldur að þeir hafi trúað þessu sjálfir, og kom þess vegna gersamlega í opna skjöldu að hvorugt dugði þegar á reyndi. Á þessu höfum við tapað svolitlum tíma,“ sagði Jón en bætti við að Íslendingar ynnu oft best í tímahraki þannig að ekki væri útséð um að þetta færi allt vel að lokum. audunn@frettabladid.is





STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan **2.440.000,-** Beinskiptur Sedan **2.310.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.490.000,-**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

Aukabúnaður á mynd: Sóllúga.

**TILBOÐ:**

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-






**Opið**
**Virka daga 10-18**
**Laugard. 10-18**

ÚTIVIST&SPORT

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

Gerhard Schröder dæmt í vil vegna ummæla stjórnarandstæðings:

# Gagnrýni vex á störf Schröders

**ÞÝSKALAND, AP** Dómstóll í Hamborg hefur dæmt Gerhard Schröder, fyrrverandi kanslara Þýskalands, í vil í meiðyrðamáli sem hann höfðaði á hendur Guido Westerwelle, leiðtoga Frjálsra demókrata, stærsta stjórnarandstöðuflokksins á þýska þinginu, vegna ummæla um þátt Schröders í samstarfsverkefni Þjóðverja og Rússa um lagningu gasleiðslu um Eystrasalt frá Rússlandi til Þýskalands.

Samkvæmt dómnum er Westerwelle bannað að endurtaka þá fullyrðingu að Schröder hafi „gefið fyrirtæki starf“ og síðan þegið sjálfur starf hjá fyrirtækinu.

Að Schröder skyldi hafa betur fyrir rétti að þessu sinni virtist þó ekki til þess fallið að slá neitt á þá vaxandi gagnrýni sem hann sætir heima fyrir vegna starfa sem hann hefur þegið eftir að hann fór úr kanslarastólnum í nóvember. Fáeinum vikum eftir að hann hætti þáði hann stjórnarformennsku í rússnesk-þýska samstarfsfyrirtækinu um lagningu gasleiðslunnar, en að koma því á koppinn hafði verið eitt síðasta embættisverk hans. Í síðustu viku var hann formlega skipaður í stjórnarformennskustarfið.



**SCHRÖDER Í MOSKVU** Fékk dómstól til að banna pólitísk ummæli um þátt sinn í rússnesk-þýska gasleiðslufyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upplýst var að hann þæði fyrir það sem svarar rúmlega 21 milljón króna í árslaun. Schröder hefur þegið boð um stjórnarsetu og ráðgjöf við ýmis önnur fyrirtæki. **- aa**

Ráðherra og bæjarstjóri fagna fréttum af stækkun álversins á Grundartanga:

# Aðrir kostir eru óútkljáðir

**IÐNAÐUR** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra fagnar fregnum um að Norðurál hafi flýtt fyrirhugaðri stækkun álversins á Grundartanga um sem nemur einu ári.

„Ég tel að þetta séu góðar fréttir. Áætlanir um aðra kosti í uppbyggingu álframleiðslunnar eru óútkljáðir og ekki útséð hvenær þeir kostir skýrast, til dæmis varðandi orkuöflunina og verð. Við vissum að þetta gæti orðið. Nú liggur það fyrir að þennan nýja áfanga verður hægt að taka í notkun strax að lokinni þeirri stækkun sem nú er unnið að í stað þess að hlé yrði gert fyrir síðasta áfangann. Ég tel að það sé mikikilvægt og gott fyrir efnahagslífið,“ segir Valgerður.

Stækkunin á Grundartanga kemur meðal annars til af beiðni Suðurnesjamanna um aukinn flýti vegna atvinnuástands þar svo fara megi fljótt í að reisa álver í Helguvík. Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, er vongóður um að þar rísi álver. „Flest verkefni sem við erum að vinna til undirbúnings álveri að ganga hraðar, þetta er einn þáttur í því,“ segir hann og nefnir einnig jávæð svör um orkuöflun í samstarfi við Hitaveitu Suðurnesja og samninga um lóðir og hafnaraðstöðu. „Allt gengur þetta samkvæmt áætlun.“ **- jh/sdg**



**ÁRNI SIGFÚSSON OG VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ og iðnaðarráðherra eru ánægð með að Norðurál ætli að flýta framkvæmdum.



# Gjöfin vex í pakkanum

**5.000 kr. verða 7.000 kr.**

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakkanum!

**Framtíðarsjóður**

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir framtíðina*

Fíton/SÍA FI16713




ENNEMM / SÍA / NM20589

**Ríkulegur staðalbúnaður**

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
**„Bestur“** – *Fifth Gear*
**„Best recreational 4x4“** – *Auto Express*
**„Best compact 4x4“** – *What Car?*
**„Best in class“** – *Channel 4*
**„Best Small Wagon“** – *Overlander Magazine*

**Nissan X-Trail Sport 2.990.000 kr.**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Niðurrif í kjölfar loforðs um afvopnun IRA:

# Varðturnar rifnir

**ÍRLAND, AP** Bretar hófu að taka niður fimm síðustu varðturna sína á landamærum Írlands og Norður-Írlands á mánudag. Niðurrif turnanna er hluti af ákvörðun sem tekin var í framhaldi loforðs Írska lýðveldishersins, IRA, í fyrra um að afvopnast, og hafa Írar lengi beðið þess að breski herinn rífi þessa turna.

Turnarnir stóðu á þremur hæðum í Suður-Armagh, þar sem IRA hefur löngum haft bækistöðvar sínar. Turnarnir, auk átta annarra, voru byggðir um miðjan níunda áratuginn, svo breski herinn gæti betur fylgst með athöfnum IRA-manna. **- smk**



**TURNAR RIFNIR** Breski herinn hefur hafist handa við að rífa niður fimm síðustu varðturnana á landamærum Norður-Írlands og Írlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KÚRDAR MÓTMÆLA** Einn mótmælendanna í bænum Birecik heldur þarna á dagblaði með mynd af kúrdaleiðtoganum Abdullah Öcalan, fyrrverandi leiðtoga PKK. Öcalan varð 57 ára í gær en hefur setið í tyrknesku fangelsi árum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mótmælin halda áfram

**Átökin í Kúrdahéröðum Tyrklands hafa kostað fimmtán manns lífið. Tyknesk stjórnvöld hvetja Kúrda til að tjá sig eftir lýðræðislegum leiðum.**

**TYRKLAND, AP** Fimmtán manns höfðu í gær látist í óeirðum í kúrdahéröðunum í suðausturhluta Tyrklands undanfarna viku. Ekkert lát virðist vera á átökunum.

Óeirðirnar hafa brotist út í tengslum við mótmælaaðgerðir Kúrda, sem haldnar hafa verið í framhaldi af jarðarförum fjórtán skæruliða frá samtökum sem kalla sig Verkalýðsflokk Kúrdistans, eða PKK. Skæruliðarnir féllu í aðgerðum tyrkneskra öryggissveita fyrir hálfri annarri viku.

Tyrknesk stjórnvöld, Bandaríkin og Evrópusambandið líta á þessi samtök sem hryðjuverkasamtök. Með mótmælafundum sínum vilja Kúrdar hins vegar sýna ótvírætt fram á stuðning sinn við samtökin, sem hafa áratugum saman barist fyrir réttindum Kúrda, lengst af með það markmið að stofna sjálfstætt ríki Kúrda í suðausturhluta Tyrklands.

Tyrknesk stjórnvöld viðurkenna ekki Kúrda sem sérstakan þjóðernishóp og veita þeim því ekki nein sérstök minnihlutaréttindi. Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, sagði að engra breytinga væri að vænta á þessu.

Hann sagði átökin vera eftirhreytur af deyjandi málstað og stjórnvöld myndu taka á „Kúrdavandamálinu“ með því að efla lýðræði og velferð fólks.

„Ekkert lýðræðisríki í heiminum getur sýnt ofbeldi neitt umburðarlyndi,“ sagði Erdogan. „Leyfum þeim sem vilja tala að gera það, en aldrei verður hægt að viðurkenna réttmæti hryðjuverka.“

Á hinn bóginn sagði hann líka: „Enginn skyldi dirfast þess að láta reyna á mátt ríkisins eða þjóðarinnar.“

Osman Baydemir, borgarstjóri í Dijarbakir þar sem átökin hafa verið alvarlegust, hvetur nú til þess að menn haldi ró sinni, en hann er sjálfur Kúrdi. Hann sagði þrjú börn vera meðal hinna látnu og hvatti stjórnvöld til þess að kanna hvort ástæða hafi verið til að láta herinn beita skotvopnum gegn mótmælendahópnum.

„Eftir því sem ég best veit myndi það gerast í ríkjum þar sem mannréttindi og lýðræði eru í hávegum höfð, að aðrir yrðu rekn-ir eða látnir sæta rannsókn þegar þrjú börn væru drepin af völdum skotvopna,“ sagði hann.

gudsteinn@frettabladid.is


TM

Hvers vegna gerist alltaf allt, allt í einu?

**Við sumum spurningum fást bara engin svör.**
Það er ekki nema einn stafur sem skilur að gæfu og ógæfu. Þannig er það líka oft í lífinu. Þú getur minnkað áfallið með því að tryggja þig hjá tryggingafélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er því miður ekki hægt að sjá fyrir óorðna hluti. Það hvetur alla sem hafa fyrir öðrum að sjá og hafa tekist á hendur fjárhagslegar skuldbindingar, að gera ráðstafanir gagnvart hinu óvænta og tryggja fjárhagslegt öryggi sitt og sinna.

Líf- og sjúkdómatrygging TM er jafnt fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Tryggingaráðgjafar TM hjálpa þér að meta tryggingaþörfina og velja saman þá þætti sem reynslan sýnir að gagnast best í hverju tilfelli fyrir sig.

**Dæmi um hvað tryggingarnar bæta:**

// Sjúkdómatrygging greiðir bætur þegar hinn tryggði greinist með tiltekinn sjúkdóm eða þarf að gangast undir aðgerð. Bætur eru greiddar út í formi eingreiðslu.

**Dæmi um sjúkdóma sem falla undir trygginguna:**
Hjartaáfall – kransæðaskurðaðgerð – krabbamein hjartalokuaðgerð - skurðaðgerð á meginslagæð/ósæð heilaáfall - góðkynja heilaæxli – MS - MND - meiriháttar líffæraflutningar – nýrnabilun – alzheimersjúkdómur – parkinsonssjúkdómur - alvarleg brunasár – útlimamissir – blinda.

// Líftrygging greiðir rétthöfum bætur við fráfall þess sem tryggður er, hvort sem það er af völdum sjúkdóma eða slysa. Hinn vátryggði ákveður sjálfur hverjir eru rétthafar bóta og eru þeir tilgreindir á vátryggingarskírteini. Bætur eru greiddar út í formi eingreiðslu og eru skattfrjálsar. Líftrygging gildir til 70 ára aldurs hins vátryggða.

**Líf- og sjúkdómatrygging** TM

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.



# Nýir tímar í verslunarmenntun

**Fundur á Grand Hótel 6. apríl kl. 8:15 – 10:00**

**Fylgist með stærstu breytingu í starfsmenntun á Íslandi**

**Fundurinn er öllum opinn sem hafa áhuga á nýjungum í starfsmenntun**

- **Nýir tímar í starfsmenntun verslunarfólks:** Emil B. Karlsson, SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
- **Education in the danish retail sector and future challenges:** Gorm Johansen, Menntaráðgjafi hjá Dansk handel & Service
- **Samstarf skóla og atvinnulífs í Danmörku (danska):** Herdis Poulsen, varaform. HK Handel í Danmörku
- **Ný námsskrá fyrir verslunar- og þjónustugreinar:** Ólafur Jónsson, ritstjóri námsskrár um Starfsnám þjónustugreina
- **Verslunarfagnám og nýliðafræðsla:** Hildur Friðriksdóttir, verkefnisstjóri í Verzlunarskóla Íslands
- **Diplómanám í verslunarstjórnun og viðskiptafræði með áherslu á smásölu:** Geirlaug Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri á Viðskiptaháskólanum á Bifröst.
- **Fundarstjóri:** Stefanía Magnúsdóttir varaformaður VR

**Skráning hjá svth@svth.is eða í síma 511 3000**

Virðing Réttlæti VR

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

LÍV

EINN TVEIR OG ÞRÍR 362.012




Fasteignaþjónusta Landsbankans er nú í höfuðstöðvum bankans, Austurstræti 11, 4. hæð. Við tökum vel á móti þér á nýjum stað.

Þú færð nánari upplýsingar í 410 4000.

Landsbankinn

GOTT FÓLK McCANN


Samfylkingin kynnir tillögur fyrir íbúum Grafarvogs:

# Sundabraut fari alla leið

**BORGARMÁL** „Lagning Sundabrautar er algjört forgangsverkefni í okkar augum og við teljum okkur þurfa tryggingu fyrir því að fjármagn til að leggja hana alla leið liggi fyrir áður en verkið hefst,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. Samfylkingin kynnti tillögur sínar um Sundabraut fyrir íbúum Grafarvogs fyrir skömmu en þar kom fram að meginkrafa þeirra verður að Sundabraut verði lögð alla leið upp á Kjalarnes og þræði alfarið framhjá fjölmennum íbúðahverfum með öllum tiltækum ráðum, þar á meðal með hugsanlegri jarðgangnagerð. - aöe



**DAGUR B. EGGERTSSON** Oddviti Samfylkingarinnar á fundi í Borgarholtsskóla.



**MÁLIN RÆDD** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fundað um samstarf í björgunarmálum:

# Leynd hvílir yfir fundi með aðmírál

**VARNARMÁL** Yfirmaður bandarísku strandgæslunnar, Thomas H. Collins aðmíráll, flaug til Íslands nýlega til skyndifundar við Georg Lárusson, forstjóra Landhelgisgæslunnar, og háttsetta embættismenn frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og yfirmaður Varnarliðsins sátu fundinn.

Rætt var um samvinnu á milli Landhelgisgæslu Íslands og bandarísku landhelgisgæslunnar. Aðmírállinn, sem er einn af þremur æðstu flotaforingjum Bandaríkjanna, var hér síðast í sumar og hefur fundað þrisvar með forstjóra Landhelgisgæslunnar á liðnu ári. Tilgangur fundarins nú, samkvæmt fréttatilkynningu, var að auka viðbúnað gegn hryðjuverkum og smygli, ásamt samvinnu í þjálfun og björgun.

Inntir eftir mikilvægi fundarins og hvort íslensk stjórnvöld bindi miklar vonir við samstarf við bandarísku strandgæsluna neituðu Georg Lárusson, Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Bjarni Vestmann frá varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, að svara. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur ekki svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins um málið. - shá

Sveitarstjórnarkosningar:

## Atkvæði greidd utan kjörfundar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitastjórnarkosninganna sem fara fram 27. maí hófst mánudaginn 3. apríl.

Á vef félagsmálaráðuneytisins er athygli kjósenda vakin á því að framboðsfrestur hafi ekki runnið út þó atkvæðagreiðsla sé hafin. Fer hún þannig fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðil bókstaf þess lista, þegar um listakosningu er að ræða, sem hann vill kjósa og má jafnframt geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Velti bíl** Maður ók út af vegi við Ytri-Bægisá í Öxnadal aðfaranótt þriðjudags og velti bíl sínum. Ma[urinn meiddist ekki. Grunur leikur á ölvun.

**Stálu fartölvu** Vegfarandi tilkynnti um innbrot í fyrirtæki í Keflavík rétt eftir miðnætti í fyrrinótt. Sá hann tvo dökkklædda menn á hlaupum frá innbrotsstað og í ljós kom að þeir höfðu stolið fartölvu. Ekki er vitað hverjir þarna voru að verki.

## LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu á mánudaginn var farið rangt með nafn framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, en hann heitir Jónas Þórir Þórisson.

Sjávarútvegsráðherra um áframhaldandi hvalveiðar:

# Vill veiða hval til að vernda þorsk

**HVALVEIÐAR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir það tómt mál að tala um að byggja upp þorskstofninn nema með því að stunda hvalveiðar. Hann sagði á Alþingi í fyrradag að ekki hefði verið tekin pólitísk ákvörðun um áframhald hvalveiða en hrefnuveiðum í vísindaskyni yrði haldið áfram.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki, spurði sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar og vitnaði til nýlegra rannsókna, sem fjallað var um á síðasta fundi sjávarspendýraráðs Norðaustur-Atlantshafs, NAMMCO, sem haldinn var á Selfossi. Guðlaugur sagði að niðurstöður Gísla Víkingssonar hvalasérfræðings sýndu að þorskur og annar botnfiskur væri allt að fimmtán prósent af fæðu hrefnunnar en ekki um þrjú prósent eins og eldri rannsóknir hefðu sýnt.

„Þetta segir okkur að til þess að byggja upp þorskstofninn verðum við að stunda hvalveiðar,“ svaraði sjávarútvegsráðherra. Fram kom í rannsóknum að lítið er af þungmálmum og þrávirkum efnum í holdi hrefnunnar og taldi ráðherra að það stuðlaði enn að aukinni eftirspurn eftir hvalaafurðum líkt og þegar hefði gerst í Noregi. - jh



**HREFNUVEIÐAR** Allt að fimmtán prósent fæðu hrefnunnar eru þorskur og annar botnlægur fiskur.

Forstjóri Nokia hættur:

# Þriðji hver sími er frá Nokia

**FINNLAND** Jorma Ollila, forstjóri og stjórnarformaður Nokia í Finnlandi, hélt sína síðustu ræðu á aðalfundi Nokia í Helsinki í vikunni. Ollila hefur verið við stjórnvölinn hjá Nokia síðustu fjórtán árin og víkur til hliðar í sumar. Við stjórnartaumunum hjá fyrirtækinu tekur Olli-Pekka Kallasvuo.

Í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat kemur fram að Ollila hafi stiklað á stóru í velmegunarsögu Nokia. Fjöldi farsíma hafi aukist í milljarða í stjórnartíð Ollila og þriðji hver sími sé frá Nokia. Þá hafi virði félagsins margfaldast á aðeins fáeinum árum. - ghs



**REYKJAVÍK** Fasteignaverð hefur hækkað mest á höfuðborgarsvæðinu.

Höfuðborgarsvæðið:

# Íbúðaverð hækkar

**VERÐLAG** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um þriðjung milli áranna 2004 og 2005. Næstmest var hækkunin á Suðurlandi, 26 prósent, og aðeins hærri en hækkunin á Norðurlandi vestra, sem var 23,9 prósent. Minnst var hækkunin á Vesturlandi og Norðurlandi eystra, sem voru sitt hvoru megin við átján prósentin.

Verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði tvöfalt meira á hvern fermetra á tímabilinu en það gerði á Norðurlandi eystra. - sdg

Nýr sendiherra í Litháen:

# Afhenti trúnaðarbréf sitt

**LITHÁEN** Hannes Heimisson sendiherra afhenti Valdas Adamkus, forseta Litháen, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Litháen. Hannes verður með aðsetur í Helsinki. Athöfnin fór fram í forsetahöllinni í Vilníus, höfuðborg landsins.

Hannes lagði áherslu á náinn vinskap þjóðanna og vaxandi samskipti á vettvangi stjórnmála og viðskipta í viðræðum sínum við Adamkus. Forsetinn þakkaði Íslendingum þann stuðning sem þjóðin hefur sýnt Litháen frá því að þjóðin endurheimti sjálfstæði sitt fyrir fimmtán árum. - sdg



**SINUELDAR Á MÝRUM** Þökkuð er öflug framganga þeirra sem unnu að slökkvistarfi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar:

# Þakkar góða framgöngu

**SINUELDAR** Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sent frá sér tilkynningu þar sem öllum sem unnu að slökkvistarfi á Mýrum er þakkað fyrir ósérhlífni og ómetanlega framgöngu.

Þar segir að sinueldarnir á Mýrum í Borgarbyggð séu með mestu hamförum sinnar tegundar á landinu í áratugi. Með öflugri framgöngu og góðu samstarfi slökkviliða, lögreglu, ýmissa aðila sem buðu fram aðstoð sína og ekki síst íbúa í héraðinu hafi tekist að ráða niðurlögum eldsins og mikið lán sé að enginn hafi hlotið skaða í átökunum við eldana. - shá



## „ORÐRÉTT“

### *Enda framleiðið þið ekki ál*

**„Okkur finnst stjórnvöld sýna mikla lítilsvirðingu og tómlæti því það er látið eins og við séum ekki til.“**

ÁLFHEIÐUR BJARNADÓTTIR STARFSKONA Á HRAFNISTU UM FRAMGÖNGU STJÓRNVALDA Í KJARAMÁLUM. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Með vonina eina að vopni*

**„En ég vona eins og allir aðrir að það gangi vel að manna þessi heimili þannig að starfsemin verði sem best.“**

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA UM KJARAMÁL STARFSFÓLKS HJÚKRUNARHEIMILA. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐMUNDUR PÁLL ÓSKARSSON FISKVERKANDI Í HNÍFSDAL

## Þolir ekki við í höfuðborginni



„Það er allt fínt að frétta nema kannski helst til rólegt hjá mér,“ segir Guðmundur Páll Óskarsson fiskverkandi í Hnífsdal. „Nú er steinbítsvertíð í gangi en það er bara búin að vera bræluskratti í nær hálfan mánuð þannig að ég fæ ekkert hráefni.“ Auk þess að herða fisk verkar Guðmundur Páll hákarl. „Það gekk mjög vel með hákarlinn. Hann rauk út eins og heitar lummur og mig vantaði um þrjú tonn til að getað annað eftirspurn. Steinbíturinn gengur líka ágætlega enda er verkunin löngu orðin landsþekkt.“ Faðir hans, Óskar Friðbjarnarson, var þekktur á árum áður fyrir gæðaharðfisk og hákarl en hann lætur nú syni sínum eftir öll sín leyndarmál í þessari iðju.

„Svo skrapp ég reyndar til Reykjavíkur,“ heldur Guðmundur Páll áfram. „Ég var reyndar bara í sólarhring en þá var ég líka alveg búinn að fá nóg og varð bara að komast vestur. Ég skil það ekki hvernig nokkur maður getur búið þarna í þessu stressi. Svo er allt svo flókið og ef það á að redda einhverju þá tekur það mikinn tíma; hérna fyrir vestan ganga hlutirnir bara einn, tveir og bingó.“

Nú stendur yfir kosning um kynþokkafyllsta Vestfirðinginn en Guðmundur Páll lætur sér það í léttu rúmi liggja. „Ég var svo sem ekki tilnefndur enda lítill og samanrekinn svo ekki var við því að búast,“ segir hann og hlær.

## HVAÐ SEGIR ANNA?

**KÆRLEIKUR**



### *Vatn í fangaklefa*

„Við eigum að gera öðrum það sem við viljum að aðrir geri okkur. Ef við værum raunverulega kristin myndum við gera það. Því miður komum við oft illa fram við aðra og vekjum þannig upp hatur og grimmd,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði. „Nýlega varð mér hugsað til fangelsismálanna eftir að hafa heyrt af slæmu máli sem varðar lágmarksmannréttindi fanga. Oft er fólk þar í aumu ástandi eftir að hafa verið stungið inn í klefa til að sofa úr sér vímuna. Þetta fólk þráir aðeins eitt þegar það vaknar af eitursvefninum og það er að fá vatn að drekka. Hvers vegna er ekki vatn haft í klefum?“ spyr Anna Marta.



ÍSLANDSMEISTARINN AÐ STÖRFUM Erna Aðalheiður Karlsdóttir hefur unnið í einn mánuð í eldhúsinu á Nordica hóteli en áður vann hún á danska skyndibitastaðnum Sunset Boulevard. Hún hefur gaman af að dansa en stígur ekki sporin í vinnunni því gólfið er svo hált. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Vaskar ekki upp heima

**Erna Aðalheiður Karlsdóttir, starfsmaður eldhússins á Nordica hóteli, bar sigur úr býtum á Íslandsmótinu í uppvaski sem fram fór á föstudag. Hún segir lykilinn að árangrinum vera almenna skynsemi.**

„Þetta var mjög skemmtileg keppni,“ segir Íslandsmeistarinn nýkrýndi og neitar um leið að keppnin hafi verið eitthvað sérstaklega erfið. Keppnin var haldin í tengslum við sýninguna Matur 2006 sem haldin var í Fífunni í Kópavogi og tóku fjórtán þátt. Þuríður Helga Guðbrandsdóttir, formaður Félags matartækna, segir mótið hafa tekist frábærlega og keppendur staðið sig vel. Erna Aðalheiður verður í fararbroddi Íslendinga á Norðurlandamóti uppvaskara sem fram fer í Stokkhólmi 25. apríl. Fer hún fyrir fimm manna landsliði en auk hennar skipa það þau Da Chadapon og Songmvang Wong Wan sem vinna á Landspítalanum, Brynhildur Magnúsdóttir frá Hrafnistu í Hafnarfirði og Hugrún Ólafsdóttir frá Alcan.

Erna Aðalheiður er vitaskuld spennt fyrir Svíþjóðarferðinni og ætlar að gera sitt besta til að verða landi og þjóð til sóma. Hún veit þó ekki hverjir möguleikarnir ytra verða.

Stutt er síðan Erna Aðalheiður hóf störf á Nordica, aðeins einn mánuður, og má því heita undravert hve skjótt hún hefur náð tökum á uppvaskinu. „Ég er nýflutt til landsins frá Danmörku þar sem ég bjó í tíu ár. Foreldrar mínir fluttu heim fyrir einu og hálfu ári og ég saknaði þeirra og langaði líka að prufa eitthvað nýtt.“ Hún vann á skyndibitastaðnum Sunset Boulevard í Danmörku og þurfti stundum að setja í uppþvottavélina þar. Á þeim grunni byggir hún. Annars segir hún almenna skynsemi ráða mestu um góðan árangur í uppvaskinu.

Erna Aðalheiður lætur vel af vinnunni á Nordica, segir stemninguna góða. Hún er líka ánægð með að hafa flutt aftur til Íslands en ber strætó ekki vel söguna. „Hér þarf maður greinilega að hafa bíl því ekki er mikið varið í strætókerfið,“ segir hún. Og Íslandsmeistarinn í uppvaski þarf ekki að vaska upp heima hjá sér. „Nei, ég slepp við það, en þríf í staðinn,“ segir hún og hlær.

Helsta áhugamál Ernu Aðalheiðar er dans. Hún dansaði mikið í Danmörku en hefur ekki enn byrjað æfingar hér. „Ég dansa djass, stepp og riverdans og bara hvað sem er,“ segir hún en neitar að hún stígi sporin í eldhúsinu á Nordica. „Gólfið er svo sleipt að það er hættulegt að dansa á því.“ ■




## Tekið við kortum í Vikivaka

Hinn goðsagnakenndi söluturn Vikivaki á Laugaveginum tekur nú í fyrsta skipti í sögunni við kredit- og debetkortum.

Vikivaka þekkja margir enda er hann ein formfastasta verslun Laugavegarins. Margir þekkja Vikivaka einfaldlega sem sjoppuna sem tekur ekki við kortum. Hefur það orðið nokkrum hungruðum gestum til trafala á meðan aðrir hafa sagt það hafa ákveðinn sjarma að taka ekki við greiðslukortum. Nú hefur hins vegar orðið breyting þar á.

Nýverið urðu eigendaskipti á söluturninum og tóku þá við rekstrinum Anna Dóra Ármannsdóttir og tengdasonur hennar Högni Brekason. Að sögn nýju eigendanna höfðu fyrirennarar þeirra séð um reksturinn í um tvo áratugi. Anna segir að hugmyndin um kaup á Vikivaka hafi komið frá tengdasyninum eftir að hann hafði verið að leita sér að viðskiptatækifærum.

Brydduðu Anna og Högni strax upp á þeirri nýbreytni að taka við kortum, bæði debet- og kreditkortum. Hefur slíkt ekki tíðkast hjá Vikivaka síðan slík kort komu á markað. Anna segir að margir viðskiptavinir hafi lýst yfir ánægju sinni með breytinguna. „Margir hafa komið hingað eingöngu til þess að fá að prófa að borga með kortunum sínum.“ Anna segist samt eiga von á því að sumir fastakúnnar þurfi smá tíma til að aðlagast breytingunum. „Annars erum við nokkuð ánægð og okkur hefur almennt verið mjög vel tekið.“ ■



**TÖKUM ÖLL KORT** Auglýsingaskilti hefur verið komið fyrir á Laugaveginum til að vekja athygli á breytingunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


EKKERT BRUDL
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUSBRAUÐ
KÍLÓ brauð
2 lítrar
98 KR.
appelsín
KARTÖFLUSALAT
HRÁSALAT
KF SALAT
98 KR.
350g
PRINGLES
98 KR.
BAUKUR
bonus.is
2 maltdósir
2 dósir
98 KR.
1 lítri
KIWI
98 kg KR.
KIWI
GRÆN EPLI
GUL EPLI
RAUÐ EPLI
SMYRILL
98 KR.
400g
Sjáðu verðið!
GRÆN/GUL/RAUÐ
98 kg KR.
EPLI
SNEIDDUR
KRAMINN
BITAÐUR
3 dósir í pakka
98 KR.
ANANAS
GULAR MELÓNUR
KANTALÓPUR
VATNSMELÓNUR
KANTALÓPUR
98 kg KR.
INNFLUTT SELLERÍ
98 kg KR.
SELLERÝSTÖNGLAR
KÍNAKÁL
VATNSMELÓNUR
98 kg KR.
GULAR MELÓNUR
98 kg KR.
INNFLUTT KÍNAKÁL
98 kg KR.
www.bonus.is

## Svona erum við

> Útleiga myndbanda 1989 til 2004 í eintökum og á íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** MARTIN LUTHER KING

# *Mannréttindafrömuður*

Martin Luther King er einn frægasti mannréttindafrömuður 20. aldarinnar vegna baráttu sinnar fyrir réttindum svartra í Bandaríkjunum.

Martin Luther King fæddist í Atlanta árið 1929 og var því aðeins 39 ára þegar hann lést en hann var myrtur 4. apríl 1968 í Memphis þar sem hann var staddur til að sýna stuðning við verkfall sorphirðumanna.

**Hvernig var réttindamálum svartra í Bandaríkjunum háttað á 20. öldinni?**

Þrælahald var afnumið í Bandaríkjunum árið 1865 en þrátt fyrir það nutu svartir ekki sömu réttinda og hvítir. Lög gegn kynþáttamisrétti voru sett í 18 fylkjum í norður- og vesturríkjunum sem skilaði sér þó ekki í sömu atvinnutækifærum eða launum fyrir svarta.

Misréttið var sérstaklega áberandi í suðurríkjunum. Til dæmis var svörtum meinaður aðgangur að sömu veitingahúsum og hvítir sóttu og þurftu að sitja í sérstökum sætum í almenningsvögnum og rútum. Skólar voru einnig aðskildir milli hvítra og svartra.

Í lok sjötta áratugar 20. aldar fóru að myndast hreyfingar sem börðust fyrir auknum réttindum svartra sem notuðu yfirleitt friðsamlegar aðgerðir á borð við kröfugöngur og setuverkföll til að koma málstað sínum á framfæri.

**Afhverju varð Martin Luther King svona farsæll leiðtogi?**

Martin Luther King varð þekktur út um öll Bandaríkin fyrir ræðusnilld sína. Tók hann oft sjálfur þátt í kröfugöngum og mótmælaaðgerðum og var hann handtekinn í október 1960 ásamt 33 námsmönnum í setuverkfalli inni á veitingahúsi í Atlanta þar sem aðeins hvítir fengu afgreiðslu.

Í ágúst 1963 var King einn af skipuleggjendum frægrar kröfugöngu sem endaði við Lincoln memorial minnismerkið í Washington. Rúmlega 200.000 manns tóku þátt og hlýddu á King flytja frægustu ræðu sína „Ég á mér draum," sem snerist um draum hans um að allir nytu jafnréttis óháð hörundslit.

Réttindabarátta svartra leiddi til þess að árið 1964 voru ný lög sett um borgaraleg réttindi sem tryggðu svörtum aukin réttindi. Sama ár fékk King friðarverðlaun Nóbels.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands



## SPURT & SVARAÐ

FÉLAG ÍSLENSKRA LEIKSKÓLAKENNARA

### *Stéttarfélag stjórnenda*



**BJÖRG BJARNADÓTTIR,** formaður Félags leiksskólakennara

Vilji leikskólastjóra er til að kljúfa sig úr Félagi íslenskra leikskólakennara og stofna eigið stéttafélag.

**Eru hagsmunir stjórnenda og starfsmanna ekki samrýmanlegir innan Félags leikskólakennara?**

Jú. Ég mun tala áfram fyrir því að kennarar og stjórnendur í leikskólum verði áfram í sama stéttarfélagi.

**Telurðu að samningsstaða muni skaðast við stofnun nýs félags?**

Þessir hópar hafa bara einn samningsrétt og það þyrfti að breyta lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna ef það ætti að breytast.

# Að endurbæta gallaðar ákærur

**Sakborningum í Baugsmálinu hefur heldur fækkað á síðustu vikum. Athygli vekur þó að Jón Gerald Sullenberger er sestur á sakamannabekkinn ásamt öðrum sakborningum. Þó ekki fyrir brot sem hann hefur þegar játað varðandi innflutning á bílum í þágu Jóhannesar Jónssonar og barna hans, heldur er honum gefið að sök að hafa fegrað fjárhag Baugs með því að gefa út falsaðan reikning.**

BAUGS MÁLIÐ



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON Ákærir nú Jón Gerald Sullenberger á grundvelli reiknings sem varð tilefni húsleitar hjá Baugi.

Nýju ákærurnar, sem Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, hefur gefið út, byggjast allar á ákæruliðunum 32 sem Hæstiréttur vísaði frá dómi 10. október síðastliðnum. Frávísunin byggðist á því mati dómaranna að um verulega galla hefði verið að ræða á ákæru ríkislögreglustjóra, en þeir vörðuðu meðal annars alvarlegustu ákæruliðina um fjárdrátt og umboðssvik.

Lögformlega var ekkert því til fyrirstöðu að kanna hvort efni væri til þess engu að síður að ákæra á nýjan leik á grundvelli ákæruliðanna 32 og var Sigurði Tómasi um síðir falið það verk.

**Nokkur misseri enn**

Ákærurnar nú eru settar fram í 19 liðum en eru reistar á 17 af þeim 32 sem Hæstiréttur vísaði frá. Þá er staðan einnig sú að Jóhannes Jónsson er laus mála og mál endurskoðendanna tveggja, Stefáns Hilmars Hilmarssonar og Önnu Þórðardóttur, og Kristínar Jóhannesdóttur ræðst í Hæstarétti bráðlega og telst sú niðurstaða endanleg.

Í tilkynningu frá settum saksóknara kemur fram að nýja ákæran er í fimm köflum.

Í fyrsta lagi er Jón Ásgeir Jóhannesson ákærður fyrir fjársvik eða umboðssvik þegar Baugur keypti Vöruveltuna hf. án þess að hann hefði gert stjórn Baugs grein fyrir því að hann hefði sjálfur keypt Vöruveltuna sjö mánuðum fyrr. Honum er því gefið að sök að hafa auðgast með blekkingum á kostnað Baugs.

Í öðru lagi eru Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson ákærðir fyrir brot gegn hlutafélagalögum vegna ólögmætra lánveitinga, sem nema alls um 400 milljónum króna.

*Ákærurnar nú eru settar fram í 19 liðum en eru reistar á 17 af þeim 32 sem Hæstiréttur vísaði frá.*

Í þriðja lagi er Jóni Ásgeir og Tryggva gefið að sök að hafa framið meiri háttar bókhaldsbrot og brot gegn hlutafélagalögum á árunum 2000 og 2001 með tilhæfulausum tekjufærslum sem áhrif höfðu á afkomutölur félagsins.



THEE VIKING Jón Ásgeir er ákærður fyrir að draga sér fé, meðal annars til að reka skemmtisnekkju.

Jón Gerald Sullenberger er einnig ákærður fyrir hlutdeild í því að gefa út tilhæfulausan kreditreikning sem færður hafi verið til tekna í bókhaldi Baugs.

Í fjórða lagi eru Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir meiri háttar bókhaldsbrot fyrir að láta líta svo út í bókhaldi Baugs að seld hefðu verið hlutabréf út úr félaginu sem í raun voru áfram í eigu Baugs í Lúxemborg.

Í fimmta og síðasta lagi eru Jón Ásgeir og Tryggvi ákærðir fyrir að hafa dregið fé úr sjóðum Baugs til hagsbóta fyrir fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs og til reksturs skemmtibáts í Bandaríkjunum. Tryggvi er með sama hætti talinn hafa dregið sér fé með notkun kortareiknings Baugs í eigin þágu.

**Jón Gerald fegrar Baug**

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, þykir athyglisvert að Jón Gerald er nú ákærður fyrir bókhaldsbrot og hann hafi fegrað mynd Baugs með því að leggja mönnum lið við að semja rangan og tilhæfulausan reikning. „Það er sami reikningur og var lagður fram hjá lögreglu á sínum tíma sem vísbending um það að menn væru að draga sér fé frá Baugi og varð grundvöllur þess að heimiluð var húsleit hjá Baugi í ágúst árið 2002. Þessi reikningur reyndist síðar vera kreditreikningur og inneign Baugs hjá fyrirtæki Jóns Geralds."

Gestur segist hafa vonað að nú væri nóg að gert og lýsir vonbrigðum með útgáfu nýrra ákæra. Hann segir að verjendur hafi vart greint ákærurnar til hlítar enda séu sumar þeirra einstaklega flóknar.

Stjórn Baugs Group hefur í yfirlýsingu ekki tekið undir ásakanir á hendur Jóni Ásgeiri og Tryggva og njóti þeir stuðnings stjórnarinnar til þess að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu í Strasbourg vegna málsmeðferðarinnar.

Gestur Jónsson segir að til þess komi vart fyrr en búið sé að tæma öll réttarfarsleg úrræði hér á landi.

Hugsanlegt er þó að unnt sé að skjóta málinu til mannréttindadómstólsins á grundvelli frávísunar Hæstaréttar á ákærunum 32 í október síðastliðnum.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is



**ÁKÆRÐIR**
Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson eru ákærðir fyrir meiri háttar bókhaldsbrot og ólögmæt lán. Jón Gerald Sullenberger sætir ákæru fyrir að falsa reikning sem fegrar myndina af Baugi gagnvart fjárfestum. Myndin er samsett.

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Boots

# Nýtt á Islandi




Boots

## Merkið tryggir gæðin

Eingöngu fáanlegt í Smáralind

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Tilgangur ríkisútvarps:

# Menning og markaður

Fjölmiðlafrásagnir af reiptogi Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um forláta Guarneri fiðlu gætu í skjótri svipan umfram allt annað virst spaugilegar. Sama má segja um kröfu hljómsveitarinnar á óuppgerðum skuldum útvarpsins sem framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar segir að nemi sexhundruð og fimmtíu milljónum króna. Lausnin ætti ef til vill að liggja í bókhaldsreglum ríkissjóðs.

En er málið í reynd þannig vaxið að það sé annaðhvort spaugilegt eða svo einfalt að um lausn dugi að vísa til bókhaldsreglna? Að öllu athuguðu sýnast þessi bókhaldsmál þvert á móti geta verið vísbendingar um þá menningarstefnu er býr að baki þeim áformum um breytingar á rekstri Ríkisútvarpsins sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi að frumkvæði ríkisstjórnarinnar.

Kunnara er en frá þurfi að segja að ríkisrekstur á útvarpi er ekki sjálfgefinn. En um það hefur þrátt fyrir allt verið allgóð sátt að starfrækja útvarp á vegum ríkisins til þess fyrst og fremst að sýna menningarlegan metnað umfram það sem markaðurinn sýnist vera viljugur til eða fær um. Það eru fullgild rök.

Að vísu er það svo að hvarvetna hafa ríkisútvarpsstöðvar staðið frammi fyrir augljósri þverstæðu. Það er spurningin um það hvort unnt er að nota skattpeninga borgaranna til þess eins að lyfta menningunni einni til hásætis og hunsa með því óskir fjöldans um afþreyingu. Augljóst er að ríkisútvarp getur ekki með öllu sniðgengið afþreyingarefni þó að markaðurinn geti mjög auðveldlega sinnt því viðfangsefni. En það breytir ekki hinu að eini sjálfstæði tilgangur ríkisútvarps er menningarlegt hlutverk þess.

Með hæfilegri einföldun má segja að Ríkisútvarpið hafi sinnt menningarlegum tilgangi sínum með rekstri Rásar eitt. En að uppistöðu til hefur rekstur Rásar tvö og sjónvarpsins verið markaðsvara sem deila má um hvort er betri eða verri en einkarekin fyrirtæki á þessu sviði hafa boðið upp á. Það þarf því að bæta Ríkisútvarpið sem menningarstofnun en ekki afþreyingarstofnun eigi að viðhalda réttlætingu þess.

Algengt er að metnaðarfullar ríkisútvarpsstöðvar reki sinfóníuhljómsveitir. Rökin sýnast liggja í augum uppi. Hér er um að ræða tónlist sem líklegast er að ríkisrekið útvarp geti skilað í ýmsu formi áfram úr tónlistarsölunum út til fólksins. Það hefur verið lítt skiljanlegt hversu lítið Ríkisútvarpið hefur nýtt sér þessi tengsl til þess að efla dagskrá sína, ekki síst sjónvarpsins. Hitt er óskiljanlegt hvers vegna byrja á nýjan tíma í rekstri þess með því að rjúfa þessi tengsl. Öll rök sýnast falla að hinu að auðga þau að innihaldi.

Staðreynd er að ríkisstjórnin ætlar ekki að svara til um eiginfjárstöðu Ríkisútvarpsins og fjárhagsstöðu Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrr en eftir að áformaðar skipulagsbreytingar hafa verið festar í lög. Til þess hefur hún allan rétt. Það kann að vera stjórnunaraðferð.

Stjórnunaraðferð af þessu tagi getur hins vegar einvörðungu þýtt tvennt: Annaðhvort er undirbúningurinn í skötulíki eða ekki er allt með felldu um raunveruleg áform að reka hér menningarútvarp og sjónvarp með nokkurri reisn og af þeim metnaði sem einn getur yfir höfuð verið réttlæting fyrir rekstrinum.

Fiðlumálið hefur því vakið upp spurningar sem þarf að svara áður en unnt er að taka ákvarðanir á málefnalegum grundvelli um framtíðarskipulag Ríkisútvarpsins.

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lögfræðingur óskast

Aftur er Jón Gerald Sullenberger í vanda. Í fyrra skiptið þurfti hann að leita réttar síns uppi á Íslandi vegna meintra svika og pretta Baugsfeðganna gagnvart sér. Hann var svo heppinn að komast í samband við Styrmi Gunnarsson, ritstjóra Morgunblaðsins, sem útvegaði honum lögfræðing, nánar til tekið Jón Steinar Gunnlaugsson, núverandi hæstaréttardómara. Þegar tölvupóstar, sem sagan mun sjálfsagt dæma sem æði merkilega, voru birtir í Fréttablaðinu í september síðastliðnum þótti einum blaðamanni Morgunblaðsins sem Styrmir ritstjóri væri orðinn gerandi í Baugsmálinu. Styrmir hafði blaðamanninn ofan af slíkri firru með eftirfarandi orðum sem birt voru í Morgunblaðinu 27. september síðastliðinn: „Verð ég aðili að málinu bara af því að Fréttablaðið tekur upp á því að setja mál í rangt ljós? Ég tel að svo sé ekki og tel það fráleitt að ég sé aðili að málinu þótt ég hafi hjálpað ungum manni að fá lögfræðing sér til ráðuneytis... Ég mun ekki afsala mér neinu ritstjórnarvaldi varðandi málefni Baugs.“



### Hver lætur nota sig?

Nú er sem sagt Jón Gerald Sullenberger orðinn sakborningur í Baugsmálinu og vantar sárlega lögfræðing. Vafalaust mun Jónína Benediktsdóttir og Styrmir Gunnarsson sjá aumur á þessum unga manni enn á ný. Hins vegar er óhægt um vik að fá Jón Steinar aftur til verka þar sem hann er nú orðinn hæstaréttardómari. Enda ekki víst að hann mundi vilja koma nærri málinu þótt hann hefði aðstöðu til. Sitt er nú hvað að smíða kæru og standa fyrir húsleit í þágu skjólstæðins síns eða að gerast verjandi hans í sama máli. Styrmir segir svo eftirminnilega í Morgunblaðinu 26. september síðastliðinn: „Allt er þetta mál umhugsunarefni fyrir starfsfólk fjölmiðla... Nú er á fjölmiðlunum hér stór hópur vel menntaðs ungs fólks sem kann vel til verka og veit sínu viti. Er það tilbúið til að láta nota sig í hvað sem er?“



Styrmir heldur vafalaust áfram að hjálpa ungum mönnum í leitinni að réttlætinu. Á meðan heldur ungt fólk á Morgunblaðinu áfram sínum störfum með starfsheiður sinn að veði.

johannh@frettabladid.is

# Skrumskæling lýðræðisins

Í DAG
FJÁRMÁL STJÓRNMÁLAFLOKKA



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Er svo komið að þeir sem hafa sterkustu fjármálaöflin á bak við sig geti keypt sér völd og áhrif? Hvað ætla þau öfl að fá út úr því?*

Miklar umræður hafa farið fram í breskum fjölmiðlum undanfarið um fjárreiður þarlendra stjórnmálaflokka. Tony Blair forsætisráðherra varð nýlega uppvís að því að hafa gert tilraun til að selja nokkrum auðkýfingum lávarðstign með tilheyrandi sæti í bresku lávarðadeildinni, efri deild breska þingsins. Að vísu átti svo að heita að auðkýfingarnir hefðu veitt Verkamannaflokknum „lán“ að upphæð 14 milljónir punda (ca. 1.500 milljónir króna) til síðustu kosningabaráttu sinnar en öllum er það ljóst að sá háttur var einungis hafður á vegna þess að lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna kveða svo á, að skylt er að skrá opinberlega bein fjárframlög til flokksstarfseminnar, en ekki er skylt að gefa upp „lán“, eins þótt þau séu „óafturkræf“.

Dálkahöfundur breska blaðsins The Economist tók málið fyrir nýlega, og telur hlutdeild Blairs að málinu óverjandi. Hann hafi brotið gegn hinni gullnu reglu allrar stjórnmálastarfsemi: Allt sem viðkemur tengslum milli peninga og stjórnmála á að vera gagnsætt og uppi á borðinu. Ljóst er að Blair annaðhvort tók þátt í eða lét átalið að dylja þessi fjárframlög og nöfn þeirra sem að þeim stóðu. Það var aðeins fyrir árvekni útnefninganefndar lávarðadeildarinnar að Blair tókst ekki það ætlunarverk sitt að koma auðkýfingunum í deildina og að í leiðinni varð uppvíst um örlæti þeirra í garð Verkamannaflokksins.

Íhaldsflokkurinn á erfitt með að notfæra sér þetta hneyksli, enda uppvíst að margir núverandi lávarðar hafa sýnt þeim flokki einstaka gjafmildi meðan sá flokkur var við völd og áður en þeir hlutu sæti sín í deildinni.

Hneykslismálið verður The Economist tilefni til hugleiðinga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Eins og öll ríki Evrópu – nema Ísland – hafa Bretar sett lög um stjórnmálaflokka og fjárreiður þeirra í því skyni að hafa uppi á borðinu tengsl stjórnmálamanna og frammámanna í fésýslu og atvinnulífi. The Economist telur stjórnmálaflokkunum nokkur vorkunn að grípa til örþrifaráða um fjáröflun til starfsemi sinnar, sérstaklega kosningabaráttu vegna dvínandi áhugi almennings á allri stjórnmálastarfsemi. Síðastliðna hálfa öld hefur meðlimatala bresku flokkanna fallið um 85% og það er þeim 500.000 sérvitringum, eða svo, sem enn halda við flokksskírteinum sínum, ofviða að standa undir starfsemi flokkanna fjárhagslega. Jafnframt hefur meðalaldur flokksbundinna hækkað svo að flestir þeirra eru að nálgast eftirlaunaaldur.

Lengi vel áttu launþegasamtök beina aðild að Verkamannaflokknum, lögðu honum til fé og höfðu ómæld áhrif á stefnu hans. Blair sjálfur og fylgismenn hans áttu drýgstan þátt í að skera á þau tengsl með þeim afleiðingum að verkalýðshreyfingin axlar nú aðeins 40% af útgjöldum flokksins.

Á hinn bóginn leiddu þessi tengsl flokksins við verkalýðshreyfinguna til þess að fyrirtækin voru reiðubúin að leggja ríflega fjármuni í fjárhirslur Íhaldsflokksins. Nú, þegar þau eru hætt að skelfast Verkamannaflokkinn og ríkisstjórn með hann í forsvari, minnkar áhugi þeirra á að ausa fé til pólitískrar starfsemi. Auk þess telja fyrirtæki sig jafnvel fá óorð af því að leggja flokkunum til fé. Fjölmiðlarnir spyrji þau án afláts hvað þau ætli sér að fá út úr því? Því sé betra að láta það vera.

Samhliða þessari þróun hefur kosningabaráttan orðið æ dýrari. Sjálfboðaliðastarf er að mestu úrelt. Kosningabaráttan fer að langmestu leyti fram í fjölmiðlum. Flokkarnir leigja sér rándýra verktaka úr hópi auglýsingaskrifstofa almannatengsla- og skoðanakannanafyrirtækja og kosningabaráttan stendur að miklu leyti milli þeirra. Stjórnmálamennirnir verða nánast sem fyrirsætur á þeirra vegum. Þeim eru lögð orð í munn, litgreindir og dressaðir upp samkvæmt formúlum auglýsingafyrirtækjanna, sem nú stýra kosningabaráttunni.

Hér á landi er ár tvennra kosninga framundan. Auglýsingafyrirtæki hafa í æ ríkara mæli haslað sér völl á þessu sviði með gengdarlausum fjáraustri í auglýsingar í fjölmiðlum, einkum loftmiðlunum. Fjárráð skipta æ meira máli í stjórnmálastarfseminni. Það orð hefur legið á að fyrir tilstilli auglýsingafyrirtækja hafi Framsóknarflokknum tekist trekk í trekk að hífa sig upp úr bjórstyrkleika fyrir kosningar upp í árangur, sem gefur honum oddaaðstöðu í landstjórninni og aðkomu að borgarstjórninni. Er nokkur von til þess að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um að hætta þessum fjáraustri, komi sér saman um að hætta auglýsingaflóði í loftmiðlunum og snúi sér í staðinn að málefnabaráttu, sem gefi kjósendunum tækifæri til að gera upp á milli þeirra á grundvelli stefnumála? Eða er svo komið að þeir sem hafa sterkustu fjármálaöflin á bak við sig geti keypt sér völd og áhrif? Hvað ætla þau öfl að fá út úr því?

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 5. apríl 2006 – 13. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa



**Háskólinn í Reykjavík**
Alþjóðlegt andrúmsloft í MBA-námi 18

**Seðlabanki Íslands**
Boðar að tímabundið hægi á hagvexti 12-13

**Kína**
Meira en upprunaland fyrir ódýrar vörur 22








## Moody's segir stöðuna góða

Matsfyrirtækið Moody's segir að ekki steðji hætta að greiðsluhæfi og lausafjárstöðu Íslands. Í skýrsku sem fyrirtækið birti í gær er komist að þeirri niðurstöðu að landið standi ekki frammi fyrir óhóflegum greiðsluhæfis- eða lausafjárvandræðum vegna óstöðugleika sem gætt hefur í viðskipta- og fjármálaumhverfinu. Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs er Aaa.

„Þótt við höfum varað við hættum sem fylgja aukinni skuldsetningu hagkerfisins, þá hefur Ísland hæstu lánshæfiseinkunn okkar og horfurnar eru stöðugar. Við teljum að áhyggjur sem nýverið hafa fram komið séu orðum auknar," segir Joan Feldbaum-Vidra, höfundur skýrslunnar hjá Moody's. **- óká**





**EIN VÉLA FINNAIR** Hlutur FL Group í Finnair nemur um 10 milljörðum króna að markaðsvirði.

## FL kaupir í Finnair

FL Group hefur aukið við hlut sinn í finnska flugfélaginu Finnair og á eftir kaupin 10,025 prósenta hlut í félaginu. Að sögn Alberts Jónssonar, framkvæmdastjóra FL Group, hefur fyrirtækið aukið við hlut sinn í Finnair jafnt og þétt. „Finnair hefur skilað góðri afkomu og teljum við fyrirtækið spennandi fjárfestingakost. Fyrirtækið er fjárhagslega sterkt og með spennandi vaxtastefnu til lengri tíma litið," sagði hann.

Í ársskýrslu FL Group kemur fram að fyrirtækið átti 9,5 prósenta hlut í Finnair fyrir kaupin. Markaðsvirði hlutarins nemur um 10 milljörðum króna. **- jab**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**IG fjárfestir** | Icelandic Group hefur keypt allt hlutafé í Saltur A/S í Danmörku. Áætluð velta samstæðunnar á árinu 2006 er um 3.500 milljónir íslenskra króna.

**Smáralind tapar** | Smáralind ehf. tapaði 101 milljón króna á síðasta ári samanborið við 43 milljóna króna tap árið áður.



**Stýrivextir hækka** | Seðlabanki hækkaði stýrivexti um 75 punkta í 11,5 prósent. Greiningardeildir bankanna höfðu gert ráð fyrir 50 punkta hækkun.

**Fylgja Seðlabankanum** | Viðskiptabankarnir brugðust skjótt við stýrivaxtahækkun Seðlabankans með því að hækka vaxtakjör sín.

**Mógúll kaupir** | Breski fasteignamógúllinn Róbert Tchenguiz er kominn með 8,1 prósents hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo.

**Skuldabréfaútgáfa KB** | KB banki hefur gefið út skuldabréf fyrir um 43,5 milljarða króna til fjármögnunar á íbúðalánum bankans hér á landi.

**Mikill halli** | Vöruskipti voru óhagstæð um 7,2 milljarða króna í febrúar en á sama tíma í fyrra voru þau óhagstæð um 4,8 milljarða króna.

**Skiptast á** | Glitnir hefur keypt 16 prósent hlutafjár í Kreditkorti af KB banka og KB banki kaupir 18,45 prósent í Greiðslumiðlun af Glitni.

**Nýr forstjóri** | Dagsbrún hefur ráðið Svenn Dam í starf forstjóra og varastjórnarformanns 365 Media Scandinavia A/S.

# Virði erlendra hlutabréfa lækkar

### Erlend hlutabréf í eigu íslenskra stórfyrirtækja lækka í virði. Umræðan hefur mikil áhrif á íslenska markaðinn.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hlutabréf í erlendum fyrirtækjum, sem eru að stórum hluta í eigu Íslendinga, hafa fallið í verði af ótta við að íslensku eigendurnir hafi ekki burði til að taka þau yfir og verði að selja bréfin til að laga sínar lausafjárstöður. Þetta kemur í kjölfar neikvæðra frétta um horfur á lánshæfismati íslensku fjármálafyrirtækjanna. Hvergi hefur þetta komið betur fram en í bresku Kauphöllinni þar sem easyJet og Woolworths hafa lækkað að undanförnu. Hræðsla um að FL Group verði að selja hlut í easyJet, sem er um þrjátíu milljarðar að markaðsverði, hefur gert fjárfesta óörugga og lækkaði markaðsverðmæti easyJet um þrettán milljarða á fáeinum dögum. French Connection, sem er að fjórtán prósentum hluta í eigu Baugs, hefur lækkað verulega að undanförnu.

Jónas Gauti Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, telur að þessi umfjöllun kunni að hafa smitast yfir á íslenska markaðinn sem hefur gefið mjög eftir í byrjun vikunnar. „Það er eðlilegt að á þroskuðum og skilvirkum mörkuðum leiði óvissa til verðbreytinga og við sjáum það glöggt að fjárfestar eru næmir á að bregðast hratt við nýjum fréttum, sérstaklega neikvæðu umtali." Stýrivaxtahækkun Seðlabankans fyrir helgi hafi ekki síður haft áhrif á íslenska markaðinn. Jónas bendir á að ávöxtun undanfarinna mánaða hafi verið mjög góð.

Morten nokkur Kongshaug, sérfræðingur hjá Danske Bank, er þess fullviss að að íslensk fyrirtæki á borð við Baug, FL Group og KB banka muni selja hlutabréf í breskum félögum í hrönnum. Í samtali við Times segir hann að þegar einn byrji, þá fylgi hinir í humátt á eftir.

Svipuð umræða hefur verið uppi hjá dönskum fjölmiðlum þótt fjárfestingar íslenskra aðila á dönskum hlutabréfamarkaði séu í minni mæli. Fjárfestar eru ekki vissir um að FL Group geti tekið Bang & Olufsen og Royal Unibrew yfir og jafnvel hefur heyrst að íslenska félagið verði að losa bréf sín.

En það er ekki allt á fallanda fæti í útrásinni. Sænski Carnegie-fjárestingabankinn hækkað mikið í verði að undanförnu meðal annars vegna væntinga um að Landsbankinn – stærsti hluthafinn – kunni taka hann yfir. Hluturinn í Carnegie hefur þannig meira en tvöfaldast á einu ári.

# Danske leiðir lán til BN

### Verið er að ganga frá sambankaláni til BN bank í Noregi. Danske Bank leiðir lánið. BN bank er í eigu Glitnis banka.

Unnið er að lokafrágangi sambankaláns til BNbank í Noregi undir forystu Danske Bank. Lánið er tekið á svokölluðum millibankalánamarkaði, en hann er einn valkosta banka við fjármögnun, auk skuldabréfaútgáfu og fleiri leiða. BNbank er í eigu Glitnis banka, en er sjálfstæður banki með eigin fjármögnun.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki búið að loka láninu og því liggja ekki fyrir kjörin sem bankanum bjóðast, en stefnt mun að því að skrifa undir lánið í lok þessa mánaðar eða byrjun næsta. Að sama skapi liggur ekki enn fyrir hversu margir bankar koma á endanum til með að taka þátt í láninu.

21. mars gaf greiningardeild Danske Bank frá sér svarta skýrslu. Umfjöllunarefnið var bág staða íslensku bankanna og yfirvofandi efnahagskreppa á Íslandi.

Greiningardeildir bankanna hér sögðu skýrsluna illa grundaða og á misskilningi byggða og sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn brást við með tilkynningu um styrka stöðu íslensku bankanna. Greiningardeildir eru hins vegar sjálfstæðar og ekki hægt að setja samasemmerki á milli skrifa þeirra og annarrar starfsemi banka.

Sambankalánið til BNbank sem unnið er að er sambærilegt við lán sem Kaupþing banki fékk í Evrópu undir miðjan síðasta mánuð, en þar naut bankinn um fjórum sinnum hagstæðari kjara en boðust á skuldabréfamarkaði. Þar tóku alls 27 bankar þátt í láninu sem var að upphæð 500 milljónir evra, eða um 43 milljarðar króna. **- óká**


GOTT FÓLK McCANN





Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. mars – 3. apríl 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 18% |
| Alfesca | -1% | -3% |
| Atorka Group | -3% | -9% |
| Bakkavör | -3% | -1% |
| Dagsbrún | -3% | 12% |
| FL Group | -6% | 6% |
| Flaga | -6% | -36% |
| Glitnir | -2% | 0% |
| KB banki | -3% | 7% |
| Kögun | 0% | 22% |
| Landsbankinn | -6% | -5% |
| Marel | 3% | 14% |
| Mosaic Fashions | 0% | -5% |
| Straumur | -2% | 6% |
| Össur | 0% | 1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Síminn spyr um sölu bréfa Kögunar

## Kaupandinn tengdist ekki félaginu að sögn stjórnarformanns Kögunar.

Síminn sendi fyrirspurn til stjórnar Kögunar þar sem óskað var eftir upplýsingum um sölu á eigin hlutabréfum Kögunar þann 14. mars síðastliðinn, degi fyrir örlagaríkan aðalfund félagsins, en Síminn og Exista urðu undir í stjórnarkjöri. Í fyrirspurn Símans var annars vegar óskað eftir upplýsingum um kaupanda bréfanna og hins vegar um hvaða aðilar hefðu borið ábyrgð á sölunni fyrir hönd Kögunar.

Örn Karlsson, stjórnarformaður Kögunar, segir að borist hafi tilboð í eigin bréf Kögunar frá aðila utan úr bæ fyrir milligöngu miðlara. „Staðan var sú að þessi bréf voru seld á markaðsverði. Fjármálastjóri og forstjóri önnuðust söluna fyrir hönd félagsins með heimild stjórnar.“



**FRÁ AÐALFUNDI KÖGUNAR**

Örn segist ekki geta greint frá því hver hefði keypt en sagði þó að hann tengdist félaginu á engan hátt. Myndi hann skýra frá því við aðra stjórnarmenn Kögunar, þar á meðal fulltrúa frá Símanum og Exista, hver sá hefði verið.

Eigin bréf Kögunar námu 1,6 prósentum af hlutafé bankans áður en salan fór fram. Fengust um 206 milljónir króna fyrir bréfin. **- eþa**

# Greinendur Danske mæta

Höfundar neikvæðra skýrslna Danske Bank um íslenskt efnahagslíf munu standa fyrir máli sínu hérlendis í næstu viku.

Félag viðskipta- og hagfræðinga heldur hádegisverðarfund á miðvikudaginn eftir viku þar sem Carsten Volgreen, aðalhagfræðingur greiningardeildar Danske Bank, og Lars Christensen sérfræðingur munu halda erindi og svara spurningum.

Fundurinn ber yfirskriftina „Horfur í efnahagsmálum“ og er ekki að efa að umræður geta orðið fjörugar. **- hh**



**MAGNÚS KRISTINSSON** Náði ekki endurkjöri í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja.

# Felldur úr stjórn sparisjóðsins

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður og einn stærsti hluthafinn í Straumi-Burðarási, náði ekki endurkjöri í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja á aðalfundi sparisjóðsins á dögunum. Gísli G. Guðlaugsson, Skæringur Georgsson og Þór Í. Vilhjálmsson voru hins vegar kosnir.

Magnús, sem komst inn í stjórn sparisjóðsins fyrir ári síðan með því að fella Skæring með eins atkvæðis mun, fékk 29 atkvæði af 68 sem dugði ekki til. Fimm stjórnarmenn sitja í stjórn sparisjóðsins: þrír kjörnir á stofnfjáreigendafundi en tveir tilnefndir af bæjaryfirvöldum.

Stofnfjáreigendur eru 70 talsins og skiptist stofnfé, að upphæð tvær milljónir króna, í jafna hluti. Magnús hefur, samkvæmt heimildum, lýst sig fylgjandi því að opnað verði fyrir viðskipti með stofnfé sparisjóðsins. Í ljósi mikilla viðskipta með stofnfé í stærstu sparisjóðunum er talið fullvíst að stofnfjáreigendur í Vestmannaeyjum fengju mun meira í sínar hendur en þeir lögðu inn ef þeir myndu selja sitt stofnfé.

Þær breytingar sem urðu á stjórn sparisjóðsins á aðalfundi munu þó ekki tengjast hugmyndum Magnúsar um stofnfjárviðskipti. **- eþa**

# Össur innkallar þrjú þúsund gervihné

## Framleiðslugalli í pinna kom í ljós við skoðun. Forstjórinn segir velferð sjúklinga hafða í fyrirrúmi.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Stoðtækjafyrirtækið Össur hefur innkallað fjórar tegundir af Total Knee-gervihné fyrirtækisins vegna galla sem í þeim er að finna.

„Þetta er framleiðslugalli í pinna sem keyptur er af utanaðkomandi aðila,“ segir Sigurborg Arnarsdóttir, upplýsingafulltrúi og tengiliður fjárfesta hjá Össuri, en alls þarf að innkalla um 3.000 gervihné sem farið hafa í dreifingu um heim allan.

Pinninn sem um ræðir er í einum af sjö liðum hnésins, en í reglubundnu eftirliti varð vart við sprungur í honum. „Við erum ánægð með hversu hratt hefur tekist að vinna þetta og fljótt og vel gengið að ná til allra hlutaðeigandi,“ segir Sigurborg, en fyrirtækið hefur ekki áður lent í jafnviðamikilli innköllun. „Svo hafa ekki heldur komið upp nein slys eða annað slíkt vegna gallans þannig að við höfum náð að fyrirbyggja það.“

Á vef Össurar, www.ossur.com, er haft eftir Jóni Sigurðssyni, forstjóra fyrirtækisins, að þar á bæ séu öryggismál tekin mjög alvarlega. „Við fórum af stað með innköllunina jafnskjótt og við urðum vör við gölluðu pinnana. Enda er velferð sjúklinganna okkur efst í huga. Við grípum svo að auki til aðgerða sem tryggja eiga gæði og öryggi hnjánna sem koma í staðinn.“

Total Knee-gervihnén eru af tegund 1100, 1900, 2000 og 2100, en á vef Össurar er að finna yfirlit yfir raðnúmer hnjánna sem um ræðir, en hné sem afgreidd voru fyrir 7. júní í fyrra eru ekki plöguð af gallanum.

Fjallað er um Össur í nýrri fyrirtækjagreiningu greiningardeildar Landsbankans og segist deildin telja að mjög spennandi tímar séu framundan hjá fyrirtækinu. „Félagið hefur stækkað mikið á síðastliðnu ári og er áætlað að velta ársins í ár verði tæplega tvöföld velta „gamla“ Össurar 2005,“ segir bankinn og bendir á að frá því að verðmat hans á Össuri kom út fyrir helgi hafi úrvalsvísitalan lækkað meðan hlutabréfaverð Össurar hafi nánast staðið í stað.



**JÓN SIGURÐSSON** Jón, sem er forstjóri Össurar, segir fyrirtækið leggja höfuðáherslu á öryggismál og velferð sjúklinga sem nota gervilimi fyrirtækisins.

**Við fórum af stað með innköllunina jafnskjótt og við urðum vör við gölluðu pinnana. Enda er velferð sjúklinganna okkur efst í huga. Við grípum svo að auki til aðgerða sem tryggja eiga gæði og öryggi hnjánna sem koma í staðinn.**

# Kemur Finnum í opna skjöldu

## Talið að Tchenguiz hafi keypt hlutabréf í Sampo af KB banka.

Kaup Roberts Tchenguiz á yfir átta prósenta hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo, fyrir 60 milljarða króna, hafa komið verulega á óvart í finnskum fjármálaheimi, enda Tchenguiz algjörlega óþekkt nafn þarlendis. Hollenska eignarhaldsfélagið Exafin, sem er í eigu Tchenguiz, er þar með orðið þriðji stærsti hluthafinn í Sampo á eftir finnska ríkinu og Varma lífeyrissjóði.

Mikill samgangur hefur verið með hinum íransk-ættaða Tchenguiz og KB banka undanfarin misseri og er talið að kaupin séu gerð með vitund stjórnenda KB banka og jafnvel talið líklegt að hugmyndin að kaupunum sé þaðan komin. Í viðskiptaútgáfu Helsingin Sanomat eru getgátur um að KB banki hafi selt Tchenguiz hlutabréf sín í Sampo en 54 prósent hlutafjár eru í eigu erlendra aðila. Stjórn KB banka hefur heimild til að auka hlutafé bankans um 100 milljarða að markaðsverði og gæti þannig skipt á eigin bréfum fyrir bréf í Sampo ef bankinn hefði hug á að eignast bréf á ný.

Sérfræðingar segja að Sampo, sem er sjöundi stærsti banki Norðurlandanna, hafi verið leiðandi í því að taka yfir og sameinast öðrum fjármálafyrirtækjum. Forstjórinn Björn Wahlroos þykir slyngur í viðskiptum og iðinn við að koma á óvart. „Sampo er áhugavert félag af því að það starfar bæði á banka- og tryggingamarkaði,“ segir Bengt Dahlström, sérfræðingur hjá EQ banking.




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32112 04/2006






# 124 SINNUM TIL TUNGLSINS

Starfsemi okkar teygir sig víða og hefur sannað gildi þess að fá góða hugmynd frá Íslandi. Einstakt leiðakerfi með skiptistöð á Keflavíkurflugvelli, tíðar áætlunarferðir í farþegaflugi og fjölþætt þjónusta í frakt- og leiguflugi eru grundvöllur að velgengni okkar og sífellt aukinni hlutdeild á alþjóðamarkaði. Samtals flugu vélar á vegum Icelandair Group 47.485.000 km árið 2005 sem samsvarar því að flogið væri 124 sinnum fram og til baka til tunglsins.

WWW.ICELANDAIR.IS

# Hækkun yfir meðaltali

Úrvalsvísitalan hækkaði um 6,5 prósent á fyrsta fjórðungi þrátt fyrir nokkrar lækkanir síðustu vikur. Í samhengi við lengra tímabil sést að hækkunin er nokkuð yfir meðaltalsársfjórðungshækkun.

Í hálf fimm fréttum KB banka segir að samanborið við níu af síðustu 11 ársfjórðungum sé ávöxtun á fyrsta ársfjórðungi góð. Gengi margra félaga hafi hækkaði verulega frá áramótum en sjö félög í Úrvalsvísitölunni hækkuðu um meira en 10 prósent. Kögun hækkaði mest allra félaga á fjórðungnum en hækkunin nemur 22,7 prósentum, leiðrétt fyrir arðgreiðslum. Þar á eftir kemur Actavis, en gengi bréfa þeirra hækkaði um 19,7 prósent. Þá hækkuðu bréf FL Group um 18 prósent. Gengi bréfa í Flögu lækkaði mest á sama tímabili eða um 33,2 prósent. - jab



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Gengi bréfa í Kögun hækkaði mest á fyrsta ársfjórðungi en gengi bréfa í Flögu lækkuðu mest.

# Sumarafleysingar með minna móti

## ÚA gerir hlé á vinnslu í fjórar vikur í sumar.

Sumarafleysingar verða með minna móti hjá Útgerðarfélagi Akureyrar í sumar vegna fjögurra vikna hlés á vinnslu í júlílok.

Í frétt á vef Brims hf. er haft eftir Gunnari Vigfússyni, verkstjóra hjá ÚA á Akureyri, að sem fyrr hafi verið töluverð ásókn í sumarafleysingavinnu hjá fyrirtækinu. „Hins vegar er ljóst að sumarafleysingar verða með minna móti vegna þess að við gerum hlé á vinnslunni hjá okkur í fjórar vikur, frá 28. júlí,“ segir hann.

Gunnar segir að þrátt fyrir að útgerðinni hafi að undanförnu borist eilítið minna hráefni en venja hafi tekist að halda uppi fullri vinnslu, en skortur á aðföngum hefur helgast af slæmu veðri og brælu á miðunum. Töluverð ýsuveiði hefur þó verið undanfarnar vikur, en sú veiði mun þó hafa dottið niður í brælum fyrir helgi. - óká



**UPPSKIPUN Á AKUREYRI** Brim hf. varð til árið 2004 með sameiningu Útgerðarfélags Akureyringa og Útgerðarfélagsins Tjalds. MARKAÐURINN/GVA

# Zara slær H&M við

Spænska tískuverslunarkeðjan Inditex, sem hefur meðal annars verslunina Zöru innan sinna vébanda, hefur tekið fram úr Hennes & Mauritz sem stærsta fataverslunarkeðja Evrópu.

Inditex seldi fyrir rúma 1.000 milljarða króna króna á síðasta reikningsári, sem lauk í janúar, samanborið við 975 milljarða veltu hinnar sænsku H&M. Vöxtur Inditex var mikill á síðasta ári og opnaði félagið 448 nýjar verslanir. Inditex stefnir að því að opna 1.300 verslanir fyrir 2010 til viðbótar við þær 2.700 sem fyrir eru.

Þrátt fyrir þetta skilaði H&M meiri hagnaði, um 85 milljörðum króna samanborið við 69 milljarða hagnað spænska félagsins. Liggur munurinn í því að H&M er rótgrónara fyrirtæki, vex hægar og fjárfestir þar af leiðandi minna. - eþa



**H&M NÆSTSTÆRST Í EVRÓPU** Inditex, sem rekur meðal annars Zara, velti meiri fjármunum en H&M á síðasta starfsári í fyrsta sinn.

# Hærri verðbólguspá

Greiningardeild KB banka telur í endurskoðaðri verðbólguspá sinni fyrir apríl að vísitala neysluverðs hækki um 0,85 prósent, sem er 0,1 prósentustigi hærra en fyrri spá. Gangi spá greiningardeildarinnar eftir hækkar 12 mánaða verðbólga úr 4,5 prósentum í 5,1 prósent í næsta mánuði.

Helsta ástæða hækkunarinnar er verðhækkun á eldsneyti, sem hefur hækkað um 9 krónur eða 8 prósent frá því í byrjun síðasta mánaðar. Í fyrri spá bankans var gert ráð fyrir 5 prósenta hækkun. - jab



**KRÓNA** Hækkun eldsneytisverðs hafði töluverð áhrif á neysluvísitöluna.

# Auka á gjaldeyrisforða Seðlabankans

## Bæta á eiginfjárstöðu Seðlabankans. Gjaldeyrisforði nemur nú um 80 milljörðum króna. Varla verður hann aukinn alveg á næstunni, enda skilyrði erfið á erlendum mörkuðum.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Eftir samráð ríkisstjórnar og Seðlabanka hefur verið ákveðið að auka gjaldeyrisforða bankans á næstu misserum og bæta eiginfjárstöðu hans, væntanlega með erlendu lánsfé en ekki með gjaldeyriskaupum á markaði. Þeta kom fram í máli Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans, á ársfundi bankans.

Davíð segir að með þessu sé horft til lengri framtíðar og breytinga sem séu að verða í alþjóðlegu efnahagslegu umhverfi, frekar en til tímabundins óróa nú. „Jafnframt hefur Seðlabankinn komið þeim tilmælum til fjármálaráðuneytis og ríkisstjórnar að gert verði átak til að efla grunn íslenska skuldabréfamarkaðarins. Ríkissjóður er óvenju vel aflögufær um þessar mundir og skuldir hans lækka ár frá ári. Þótt hann þurfi ekki að sækja fé á markað er vel þekkt annars staðar frá að það kemur ekki í veg fyrir að ríkisskuldabréf séu hryggstykkið í virkum markaði. Ráðuneytið og ríkisstjórnin hafa tekið umleitunum bankans vel og eru þær nú í athugun,“ segir Davíð.

Greiningardeild Glitnis banka segir ljóst að erlendir aðilar hafi margir hverjir horft til gjaldeyrisforðans að undanförnu, til dæmis í hlutfalli við innflutningsverðmæti eða veltu á gjaldeyrismarkaði og þótt hlutfallið vera heldur lágt. „Gjaldeyrisforði Seðlabanka er nú nálægt 80 milljörðum króna, sem gróflega samsvarar þriggja mánaða verðmæti vöruinnflutnings eða veltu tveggja stórra viðskiptadaga á gjaldeyrismarkaði,“ segir greiningardeildin, en að auki hefur Seðlabankinn lánalínur hjá erlendum fjármálastofnunum sem grípa má til þegar gjaldeyrisforðanum sleppir. „Væntanleg aukning forðans er þó óháð þessum lánalínum og því styrkir hún bankann í því hlutverki að vera lánveitandi til þrautavara og/eða bregðast við miklum sviptingum í gengi krónu.“ Bankinn telur þó ólíklegt að gjaldeyrisforðinn verði aukinn á allra næstu dögum, „enda skilyrði Íslendinga á erlendum fjármagnsmörkuðum erfið, jafnvel þótt um ríkissjóð sé að ræða.“



# Síminn braut ekki á Og Vodafone

Síminn braut ekki samkeppnislög í kynningu á farsímaþjónustu á Akranesi, samkvæmt nýrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Í ákvörðuninni kemur fram að samkeppnisyfirvöldum hafi borist erindi frá Og Vodafone, þar sem því var haldið fram að Síminn hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í tengslum við farsímaþjónustu. „Í málinu lá fyrir að Og Vodafone hafði boðið íbúum Akraness sérstakt kynningartilboð á farsímaþjónustu. Skömmu síðar kynnti Landssíminn íbúum Akraness tilboð á farsímaþjónustu.“

Samkeppniseftirlitið segir meðal annars að tilboð fyrirtækjanna hafi verið að ýmsu leyti ólík og að ekki sé unnt að líta svo á að Síminn hafi með tilboði sínu undirboðið Og Vodafone. Samkeppniseftirlitið telur í ákvörðun sinni ekkert benda til þess að tilgangur tilboðs Símans hefði verið að þröngva Og Vodafone út af markaði fyrir farsímaþjónustu við einstaklinga heldur hefði umrætt tilboð verið þáttur í viðbrögðum fyrirtækisins við tilboði Og Vodafone. - óká




**HÖFUÐSTÖÐVAR SÍMANS Í ÁRMÚLA Í REYKJAVÍK**


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000



Apríl tilboð
Alltaf ódýrari!
72% AFSLÁTTUR
Office1
Merkipennar frá Papermate.
Vörunúmer: 690559
Mjög góðir merkipennar fáanlegir í svörtu og rauðu. 1,8mm oddur.
39,-
Verð áður 139,-
Office1
Verbatim DVD diskar
Vörunúmer: 94143500
DVD + diskur 4,7Gb 16 hraða.
25 á spindli.
3.890,-
Vörunúmer: 94143522
DVD - diskur 4,7Gb 16 hraða.
25 á spindli.
3.890,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Verbatim geisladiskar
Skrifanlegir geisladiskar,
80 mín - 700 mb.
Vörunúmer: 94143432
Geisladiskur 700mb 25 á spindli.
1.390,-
Vörunúmer: 94143351
Geisladiskur 700mb 50 á spindli.
2.890,-
Vörunúmer: 94143411
Geisladiskur 700mb 100 á spindli.
5.890,-
RAPESCO
66% AFSLÁTTUR
Office1
Rapesco bréfaklemmubox
Vörunúmer:794pch000a1
Bréfaklemmubox frá Rapesco.
100 bréfaklemmur fylgja með.
99,-
Verð áður 295,-
RAPESCO
50% AFSLÁTTUR
Office1
Rapesco heftari og tengdamamma
Vörunúmer:794538
Heftari og tengdamamma saman í pakka. Heftari fyrir hefti 26/6.
199,-
Verð áður 398,-
Office1
Ljósritunarpappír
Vörunúmer: 1601007010-OFF
A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.
Rykfrír og mjög þéttur pappír.
Pappír sem tæknimennirnir mæla hiklaust með. 5 pakkar í kassa.
1 pakki
280,-
1 kassi
1.400,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Peach Tætari
Vörunúmer: 707ps400-10
Mjög einfaldur og góður tætari.
Hentar vel fyrir litlar skrifstofur.
Passlegur undir skrifborð. Tætir líka geisladiska.
Aðeins
2.990,-
12 stk. í pakka
Office1
Kúlutússpenni frá Uni
Vörunúmer:920umn207
Mjög góður kúlutússpenni frá Uni.
Með 0,7mm skriftarlínu. 12 í pakka.
Fáanlegur í svörtu, bláu og rauðu.
1.490,-
pakkinn
NÝTT
Office1
Nammi í kaupbæti!
Öllum pöntunum hjá fyrirtækjaþjónustu Office 1 að upphæð 10.000 eða meira fylgir sælgæti.
Tilboðin gilda einungis í fyrirtækjaþjónustu Office 1.
Tilboðin gilda til 30. apríl eða meðan birgðir endast.
ÓTRÚLEGT VERÐ
HP Laser Jet 1320n
Vörunúmer: okq5928a
· Geislaprentari
· Prenttækni: Monochrome Laser
· Prenthraði bls. á mín.: Allt að 21 bls.
· Prentun fyrstu bls.: 8 sek.
· Upplausn: 1200x1200dpi í svörtu
· Minni: 16MB (mest 144MB)
· Mánaðarnotkun: 10.000 bls.
· Pappírsbakki: 250 bls., 1 umslög, 100 glærur
· Tvíhliðaprentun · Útbakki: 250 bls.
· Pappír: 60-163 g. · Örgjörvi: 133MHz.
· Tungumál: HP PCL6/PCL5e, HP PostScript stig 2
· Tengi: USB 2.0,innbyggt hp jetdirect Ethernet 10/100 port
· Annað: Stilling fyrir 50% prentduftsparnað
Office1
45.990.-
Fyrirtækjaþjónusta
Í fyrirtækjaþjónustu Office1 starfa einstaklingar með mikla þekkingu á skrifstofu- og rekstrarvörum. Endilega hafðu samband og fáðu upplýsingar um viðskiptakjör og þjónustuvalmöguleika.
Pantanir 550 4111 • Fax 550 4101 • www.office1.is • pontun@office1.is
Office1 Superstore
Hringdu og pantaðu í síma 550 4111
Tilboðin gilda í apríl 2006 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

## Sjálfkældur bjór

Bandaríska tæknifyrirtækið Tempera Technology vinnur að þróun bjórdósar sem kælir sig sjálf á þremur mínútum og helst köld í allt að 45 mínútur. Í dósinni er lítið kæli- og þéttikerfi sem er náttúruvænt og ætti því hvorki að spilla bjórnum né nánasta umhverfi.

Búnaðurinn virkar þannig að þegar bjórdós er opnuð dregur kælibúnaðurinn í sig raka frá miðinum og myndar gufu sem kælir bjórinn.

Dósin er jafnstór hálfs lítra bjórdós en vegna kælibúnaðarins rúmast ekki nema 0,37 desílítr-ar í henni, sem er litlu meira magn en í lítilli dós.

Ekki liggur fyrir hvað bjórinn með kælibúnaðinum mun kosta þegar hann kemur á markað í sumar. - jab



**BJÓR** Senn verður hægt að kaupa bjór sem kælir sig sjálfur.

## Óttast dýra ólympíuleika

Breska dagblaðið Obersver sagði um helgina að David Higgins, sem hefur yfirumsjón með Ólympíuleikunum í Lundúnum í Bretlandi 2012, óttaðist að leikarnir yrðu kostnaðarsamari en talið var í fyrstu. 2 milljarða punda þyrfti í viðbót við fyrri fjárhagsáætlun til að ýta þeim úr vör. Talsmenn leikanna neita hins vegar öllum staðhæfingum þessa efnis og segja um helberan skáldskap blaðsins að ræða. Endanleg kostnaðaráætlun vegna leikanna liggi ekki fyrir fyrr en í sumar, að þeirra sögn.

Enn er óvíst hversu mikið Ólympíuleikarnir í Lundúnum munu kosta. Hið opinbera greiðir 1,5 milljarða punda en ýmsir styrktaraðilar greiða það sem upp á vantar. Mestur hluti kostnaðarins felst í byggingu ólympíuþorps í Lower Lea Valley í austurhluta Lundúna. -jab


**BARIST UM ÓLYMPÍULEIKANA** Knattspyrnusnillingurinn David Beckham og íþróttakonan Denise Lewis kát eftir að tilkynnt var í júlí í fyrra að ólympíuleikarnir 2012 yrðu í Lundúnum.


**GASSTÖÐ Í HVÍTA-RÚSSLANDI** Stöðin tekur á móti gasi frá Rússlandi og miðlar því áfram til viðskiptavina.

## Gazprom hækkar verðið

Stjórn rússneska ríkisgasfyrirtækisins Gazprom greindi frá því í síðustu viku að Hvít-Rússar yrðu að greiða jafnhátt gjald fyrir jarðgas frá Rússlandi og önnur viðskiptalönd fyrirtækisins.

Hvít-Rússar hafa fram til þessa greitt jafnvirði 47 dollara fyrir hverja 1.000 kúbikmetra af jarðgasi frá Rússlandi en það er algjört lágmarksgjald. Er góðu vinfengi stjórnvalda í Hvíta-Rússlandi og Rússlandi því að þakka að gjaldið hefur ekki hækkað.

Það kom því flatt upp á Oleg Maximov, orkumálaráðherra Hvít-Rússa, þegar Alexei Miller tjáði honum að Rússar hygðust hækka gjöld fyrir jarðgas.

Gazprom snarhækkaði verð á jarðgasi til Úkraínu í janúar síðastliðnum. Þykir hækkunin hafa verið gerð til höfuðs Viktor Jústsjenko, forseta landsins, sem hefur gagnrýnt stjórnvöld í Rússlandi. Talið er að verðhækkun á gasinu hafi orðið til þess að flokkur Jústsjenkos tapaði fylgi í síðustu þingkosningum í landinu í lok mars. -jab

## Varhugaverð barnaleikföng

Bandaríska RoseArt Industries hefur innkallað 3,8 milljónir lítilla barnaleikfanga úr verslunum víðs vegar um Bandaríkin. Leikföngin voru búin til í Kína og seld í búðum á borð við Toys R Us og Wal-Mart. Um er ræða kubba í þremur stærðum sem börn geta notað til að byggja með. Inni í kubbunum er lítill segull sem heldur þeim saman. Að sögn bandaríska neytendasamtaka virðist sem segull í kubbunum hafi nokkrum sinnum fallið úr þeim og valdið börnum skaða. Hafi m.a. 20 mánaða drengur kafnað eftir að hann gleypti segul úr kubbinum. Þá hafi þrjú önnur börn á aldrinum þriggja til átta ára þurft að fara í skurðaðgerð til að fjarlægja segul úr maga þeirra. Þá setti fimm ára drengur tvo segla í nef sitt. Varð að skera hann upp til að fjarlægja seglana úr lungum hans. -jab



**LEIKFANGABÚÐIN TOYS R US** Leikföngin varasömu voru seld í verslunum víðs vegar um Bandaríkin.

# Breskir stúdentar í skuldasúpu

### Skuldir háskólastúdenta í Bretlandi hafa tvöfaldast á síðastliðnum sex árum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Könnun breska menntamálaráðuneytisins á stöðu háskólanemenda hefur leitt í ljós að skuldir þeirra hafa tvöfaldast á síðastliðnum sex árum. Nemendur frá efnaminni fjölskyldum skulda mest þegar námi þeirra lýkur. Þá leiddi könnunin jafnframt í ljós að mikill fjöldi háskólanemenda vinnur fyrir sér meðfram námi.

Þá kemur fram í könnuninni að há skólagjöld í breskum háskólum séu ástæða þess að skuldir nemenda hafa hækkað mikið. Þá er ótalinn annar kostnaður, s.s. húsaleiga, matarkostnaður og útgjöld. Meðalskuldir nemenda nema 7.918 pundum, jafnvirði 977.000 íslenskra króna, að loknu háskólanámi. Efnaminni nemendur skulda hins vegar um 370.000 krónum meira en þeir sem koma frá efnameiri heimilum.

Þá sögðu sex af hverjum tíu nemendum að fjárhagsáhyggjur hefðu haft áhrif á einkunnir þeirra og 10 prósent nemenda sögðu að þau hefðu hugleitt að leggja námið á hilluna vegna fjárhagsörðugleika.

3.700 háskólanemendur og aðstoðarkennarar við 88 háskóla í Bretlandi tóku þátt í könnuninni.



**BRESKIR HÁSKÓLASTÚDENTAR** Nemendur í breskum háskólum mótmæla slæmum kjörum og háum skrásetningargjöldum.

Bill Rammell, sem fer með málefni langskólamenntunar í ríkisstjórn Tonys Blair, segir að breytingar á skólagjöldum, sem feli í sér að hægt er að greiða þau að útskrift lokinni, komi efnaminni nemendum til góða.

Þá sagði hann jafnframt að ríkisstjórnin ætlaði að gera efnaminni nemendum kleift að sækja um fleiri styrki á árinu en áður og myndi það jafna stöðu þeirra.

Himinn og haf – SÍA

Ekki bara spari að spara!

Hefðbundna safnið – 36% ávöxtun



spron
VERÐBRÉF

# ég horfi. ég uppgötva. ég mynda. ég endurspegla. ég heiti Jonathan Torgovnik og ég nota SanDisk®.

Bollywood, Ellis Island, Ísraelsher. Jonathan Torgovnik hefur sýnt okkur innviði alls þessa. Sýnt okkur sannindi sem við hefðum aldrei getað gert okkur í hugarlund. Og það er að hluta til SanDisk Extreme® III minniskortunum að þakka. Þau eru hraðvirkustu minniskort SanDisk, hönnuð til að skila sínu við erfiðustu aðstæður. Svo traust að nafntogaðir fagmenn um heim allan kjósa þau fram yfir önnur. Það er vissulega áhrifamikil staðreynd.



SanDisk Extreme III CompactFlash®



SanDisk Extreme III SD™



SanDisk Extreme III Memory Stick PRO™

WWW.SANDISK.COM




Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

BECO

FRÍHÖFNIN

FOTO VAL

Heimilistæki www.ht.is

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

SanDisk®

STORE YOUR WORLD IN OURS™

SanDisk, SanDisk-merkið, SanDisk Extreme og CompactFlash eru vörumerki SanDisk Corporation, skrásett í Bandaríkjunum og öðrum löndum. Store Your World in Ours er vörumerki SanDisk Corporation. SanDisk er viðurkenndur leyfishafi SD-vörumerkisins. Memory Stick PRO er vörumerki Sony Corporation. Önnur vöruheiti eru nefnd hér einungis til samsömunar og geta verið vörumerki viðkomandi handhafa. © 2005 SanDisk Corporation. Allur réttur áskilinn. 1 megabæti (MB) = 1 milljón bæta. 1 gígabæti (GB) = 1 milljarður bæta. Eitthvað af skráðu minni er notað í forsnið og aðrar aðgerðir og er því ekki tiltækt til gagnavistunar.

# Bloomberg segir sögu Björgólfs Thors

## Nýlega birtist sjö blaðsíðna umfjöllun á einni virtustu viðskiptafréttaveitu heims um fyrsta íslenska milljarðamæringinn, í dollurum talið. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir rýndi í greinina um athafnamanninn.

„Í sólarupplýstri svítu við Park Lane í London rifjar Björgólfur Thor Björgólfsson upp leiðina sem gerði hann að fyrsta milljarðamæringi Íslands. „Veski, farsímar og lyf," segir Björgólfsson, 39 ára, og vísar til fjárfestinga í fjármálageiranum, fjarskiptamarkaðnum og á afsláttalyfjamarkaðnum." Þannig hefst hin sjö blaðsíðna langa úttekt á ævi og starfi Björgólfs Thors Björgólfssonar sem birtist nýverið á síðum Bloomberg-viðskiptafréttaveitunnar.

**BERFÆTTUR LANDKÖNNUÐUR**

„Hlutverk mitt er að vera könnuður og að vera tveimur til þremur árum á undan öllum hinum," er haft eftir Björgólfi og sérstaklega tekið fram að hann hafi verið berfættur í inniskóm meðan á viðtalinu stóð. „Það er alltaf verið að reyna að setja okkur í ákveðinn flokk en ég vil ekki vera háður ákveðnum geira, landi eða iðnaði," segir Björgólfur sem hefur komið víða við á ferli sínum eins og tíundað er í umfjölluninni. Þar er saga hans rakin, frá því að hann flutti, í samstarfi við föður sinn, Björgólf Guðmundsson, og Magnús Þorsteinssson, gosdrykkjaverksmiðju frá Íslandi til Pétursborgar árið 1993 sem síðar var seld Pepsi-samsteypunni. Síðar settu þeir Magnús upp bjórverksmiðju þar og náðu að byggja upp vörumerkið Botchkarov bjór fyrir Rússlandsmarkað og hafði náð 3,7 prósenta markaðshlutdeild í Rússlandi árið 2001.

Fjárfestingar Björgólfs í samheitalyfjafyrirtæki í Búlgaríu þegar Kosovo-stríðið stóð sem hæst árið 1999 eru líka tíundaðar. Nú, sex árum og 25 yfirtökum síðar, heitir þetta fyrirtæki Actavis og er fjórði stærsti framleiðandi samheitalyfja í heimi og verður það þriðja stærsta nái nýjustu áætlanir þess um yfirtöku fram að ganga.

**EINKAVÆÐING LANDSBANKANS**

Í greininni er sagt frá því hvernig Björgólfur stofnaði fjárfestingafélagið Samson Holding í félagi við föður sinn og Magnús Þorsteinsson og keypti 45,8 prósenta hlut í Landsbankanum af íslenska ríkinu þegar hann var einkavæddur. Eftir að hafa náð Landsbankanum hafi Björgólfur eldri tekið við stjórnarformennsku bankans en sonurinn snúið sér að fjarskiptageiranum í Austur-Evrópu.

Sagt er frá því að Björgólfur undirbúi nú útrás í bankageiranum undir nafninu Novator Credit Fund og höfuðstöðvar þess verði í Greenwich í Connecticut. Mun ætlunin vera að sameina kosti vogunarsjóðs og einkafjárfestasjóðs og er áætlað að lagt verði upp með efnahagsreikning að andvirði um 5 milljarða evra. Höfundur greinarinnar telur þessar áætlanir Björgólfs áhættusamar enda sé mikið af vogunar- og einkafjárfestasjóðum í Bandaríkjunum.

**ÞEKKTIR ÍSLENDINGAR FYRIR SVÖRUM**

Blaðamaður Bloomberg virðist hafa undirbúið viðtalið sitt vel og vitnar í ýmsa forkólfa íslensks athafnalífs. „Ísland er að vinna upp tapaðan tíma," hefur hann eftir Hannes Smárasyni, forstjóra FL Group. „Við búum yfir evrópskri skynsemi og amerísku vinnusiðferði." Hann hefur jafnframt eftir Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, að smæð Íslands og 50 tíma vinnuvika hafi mótað Íslendinga og hafi sitt að segja um árangur Íslendinga í fjárfestingum á erlendri grundu. „Við erum fljót að taka ákvarðanir" er haft eftir forsetanum.

Í greininni er jafnframt sagt frá áhyggjum erlendra greiningaraðila af ástandinu í íslensku efnahagslífi og minnst á hrakfallaspár erlendra greiningaraðila og banka á undanförnum misserum. Haft er eftir Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, að stærstu fyrirtæki Íslands séu nánast ónæm fyrir fjárhagslegum áföllum hér heima fyrir, þar sem stærstur hluti tekna þeirra og kostnaðar komi erlendis frá.

„Að sigla í gegnum hugsanlega bólu heima fyrir er einungis eitt þeirra atriða sem hann þarf að hafa áhyggjur af. Nú, þegar hann beinir metnaði sínum að samheitalyfjunum, vogunarsjóðum og yfirtökum í vesturátt, þarf hann að sanna að stefnan sem hann hefur tekið í Evrópu muni ekki sigla honum í strand þegar erfiðari tímar sækja að," segir blaðamaður í lok greinar sinnar.

**- hhs**



**SAGA BJÖRGÓLFS THORS BJÖRGÓLFSSONAR ER RAKIN Á BLOOMBERG-FRÉTTAVEITUNNI** Í viðtalinu segist hann meðal annars ekki vilja setja sig í flokk og hann vilji ekki tilheyra ákveðnum geira, landi eða iðnaði. Segist hann fyrst og fremst vera könnuður og hans helsta hlutverk sé að vera tveimur til þremur árum á undan hinum.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




## Góð ráð fyrir vaxandi fyrirtæki

Vantar þig fleiri klukkutíma í sólarhringinn? Viltu minnka áhættuna? Vantar þig heilræði um hvernig auðvelda má lánsviðskipti? Hafðu þá samband við Midt Factoring, sem hvorki er hefðbundið innheimtufyrirtæki né banki. Við meðhöndlum viðskiptavini þína eins og þeir væru okkar eigin og veitum þér lán sem ekki hefur áhrif á lánshámark þitt.

Midt Factoring sér um að fjármagna viðskiptakröfur þínar, meta áhættu af lánsviðskiptum, innheimta kröfur, vakta skuldara fyrirtækisins og færa viðskiptamannabókhald. Midt Factoring vinnur að forvörnum og tryggir kröfur gegn greiðslufalli og gengisbreytingum. Í stuttu máli, þá gefum við þér aukið rými til vaxtar.

Kynntu þér málið á **www.mfi.is**

MidtFactoring
á Íslandi hf.

*Sími 553 - 6300 · www.mfi.is · Suðurlandsbraut 20 · 108 Reykjavík*



954 Litronic


Bomag BC 572 RB


A 934 Liebherr

# Til hamingju með góðan vélakost!

## MEST óskar Jarðvélum, Furu og Sorpstöðinni til hamingju með góð kaup

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

FURA MÁLMENDURVINNSLA

JARÐVÉLAR EHF JV

- Sorpstöð Suðurlands keypti nýjan troðara af gerðinni Bomag BC 572 RB
- Fura ehf. fékk á dögunum afhenda A 934 Liebherr gröfu
- Jarðvélar ehf. keyptu Liebherr 954 Litronic gröfu

Þegar fjárfesta á í vinnuvélum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvélarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvélar. Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig við vélakostinn! Hafðu samband við söludeild véla & tækja að Bæjarflöt 4 í síma 4 400 540 og aflaðu þér upplýsinga.

## MEST sér um véla- og tækjakostinn!

mest

– allt til bygginga

# Græddur er fenginn arður

**Hluthafar í stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni fá yfir 31 milljarð króna í arð fyrir síðasta ár. Sérfræðingar eru sammála um að arðgreiðslur hafi verið lágar á Íslandi, enda hafi hagnaður runnið til frekari fjárfestinga, en þær fari nú ört vaxandi. Auk þess hefur arðgreiðslustefna fyrirtækja orðið skýrari eins og Eggert Þór Aðalsteinsson komst að raun um.**



**HLUTHAFAFUNDUR** Fyrirtæki hafa fremur kosið að nýta hagnað til frekari fjárfestinga og vaxtar en að greiða hann út til hluthafa. Með auknum hagnaði stærstu fyrirtækjanna hafa arðgreiðslur farið mjög hækkandi og námu yfir 31 milljarði á síðasta ári. MARKAÐURINN/VALLI

Allt bendir til þess að yfir 31 milljarðs króna arður streymi til hluthafa stærstu félaganna í Kauphöllinni á fyrri hluta ársins. Þrátt fyrir að nokkur stór félög hafi verið skráð af markaði er umtalsverð aukning á arðgreiðslum milli ára. Á síðasta ári námu arðgreiðslur hjá sömu félögum um fimmtán milljörðum króna. Það eru einkum hluthafar í fjármálafyrirtækjum og fjárfestingafélögum sem njóta góðs af hækkandi arðgreiðslum en flest þessara félaga skiluðu methagnaði.

### VÖXTUR Í ARÐGREIÐSLUM

Almennt eru sérfræðingar á markaði þeirrar skoðunar að arðgreiðslur hafi verið lágar hjá íslenskum fyrirtækjum og raunarður lítill í samanburði við erlenda hlutabréfamarkaði. Hefðin fyrir að greiða út arð hefur verið tiltölulega lítil hér á Íslandi því menn hafa litið svo á að arður væri betur geymdur inni hjá fyrirtækjum með tilliti til frekar fjárfestinga.

"Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að félög eigi að borga myndarlegan arð og tel að 20-40 prósent af hagnaði ætti að vera greiddur til eigenda. Jafnvel þó að stjórnendur félaga þurfi að sækja nýtt fé á komandi ári. Það væri þá ákvörðun hluthafans hvort hann ætti að leggja inn meira fé," segir Jafet Ólafsson, forstjóri VBS Fjárfestingarbanka.

Jafet telur að raunarður sé í lægri kantinum á Íslandi. Erlendis tíðkist það að fyrirtæki greiði út aukaarð þegar mjög vel hefur árað, til dæmis við sölu á fyrirtækjum. "Ég man bara eftir einu svona tilviki á Íslandi þegar Baugur, sem þá var á markaði, greiddi út aukaarð fyrir Arcadia."

Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka, telur að eftirspurn eftir arði sé að aukast. Stór hópur, eins og langtímafjárfestar, vilji hafa einhverjar tekjur af hlutabréfum sínum. "Þá hafa menn verið að ráðast í mörg, spennandi verkefni annars staðar og vilja þar af leiðandi fá tekjur af þessum fjárfestingum, sem þeir eiga nú þegar, til að geta ráðist í frekari fjárfestingar. Svo geta þeir sem eru skuldsettir vegna hlutabréfakaupa notað arð til að létta á þeim skuldum."

Það kann að skýra lágar arðgreiðslur að stórir fjárfestar hafa ekki gert miklar kröfur í þeim efnum. Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði, segir að það breyti í sjálfu sér ekki miklu fyrir greiðsluflæði Gildis hvort fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfesti í, greiði arð. Lífeyrissjóðirnir eru tiltölulega ungir og eru með töluvert innstreymi umfram útstreymi. "Við lítum á fjárfestingu í hlutabréfum sem langtímafjárfestingu sem skila mun arði til lengri tíma. Litið. Arðgreiðslurnar ber hinsvegar að hafa í huga við verðmat fyrirtækja. Varðandi greiðsluflæði þá breytir þetta ekki miklu því við höfum yfir að ráða miklum fjármunum, iðgjöldum og afborgunum af lánum." Ef lífeyrisgreiðslurnar væru íþyngjandi þá myndu arðgreiðslur kannski skipta máli að sögn Tryggva.

### BAKKAVÖR BREYTIR ÚT AF VANANUM

Almennt bera auknu arðgreiðslur merki um heilbrigði og jákvæða þróun að mati Þórðar Pálssonar. "Það er ánægjulegt að sjá að fyrirtækin geta greitt út þennan arð. Ég held að það þurfi ekkert nauðsynlega að koma niður á vaxtarmöguleikum þessara fyrirtækja."

Bakkavör er gott dæmi um íslenskt fyrirtæki sem hefur nýtt hagnað til áframhaldandi uppbyggingar í stað þess að greiða hann út til hluthafa. Þó varð breyting á þessu ári þegar hluthafar samþykktu tillögu stjórnar um greiðslu 25 prósenta arðs af nafnvirði hlutafjár. Þórður telur það afar jákvætt að fyrirtæki sem Bakkavör skuli bæði geta skapað mikinn vöxt í fyrirtækinu og greitt hluthöfum sínum arð. "Satt best að segja kom það mér á óvart að fyrirtæki, sem er nýbúið að taka jafnstór lán, skuli geta greitt út svona myndarlegan arð. Ég held að það sýni mikinn styrk þessa fyrirtækis og sé skýrt merki um að það ráði vel við að greiða af þeim lánum."

Síminn er hins vegar öfugt dæmi við Bakkavör. Á meðan félagið var að mestu leyti í eigu ríkissjóðs var hár arður greiddur út úr því og fengu hluthafar til dæmis 5,7 milljarða arð fyrir árið 2004. Á aðalfundi Símans á dögunum var hins vegar lagt til að ekki yrði greiddur arður fyrir árið 2005 sem sýnir hvernig áherslur nýrra eigenda, um hvernig beri að hámarka arðsemi félagsins, hafa breyst. Hafa eigendur Símans boðað útrás og vöxt.

Jafet segir að arðgreiðsla hafi ekki alltaf áhrif á verðmæti félaga eins og raunin ætti að vera. Sá sem kaupir hlutabréf eftir ákvörðun arðs á aðalfundi ætti að kaupa bréfin á lægra gengi en oft breytist það ekkert. Við 20-40 prósenta arðgreiðslu ætti gengi félaganna að lækka um 20-40 punkta.

"Við þekkjum fjölmörg dæmi um það hversu markaðurinn getur verið óskilvirkur en þetta hefur þó skánað mikið á seinni árum." Þótt Jafet nefni ekkert félag í þessum efnum var það alþekkt aðferð fjárfesta á sínum tíma að kaupa bréf í Íslandsbanka fyrir aðalfund, taka til sín arð og selja bréfin svo eftir aðalfund, án þess að gengið lækkaði.

### INNFLYTJANDUM SKEMMT

Viðmælendur Markaðarins eru sammála að flest fyrirtæki hafi skýra arðgreiðslustefnu og hún liggi nokkuð ljóst fyrir. "Það hefur mátt marka það þannig að hluthafar séu sæmilega ánægðir með þá stefnu með þeim hætti að þessir hlutir eru ekki mikið ræddir á hluthafafundum," segir Þórður.

**ARÐGREIÐSLUR ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA OG STÆRSTU FÉLAGA (Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| Félag | Arður 2005 | Hlutfall af hagnaði | Arður 2004 |
|---|---|---|---|
| Straumur | 6.679 | 25% | 1.887 |
| KB banki | 6.646 | 14% | 3.298 |
| FL Group | 6.034 | 35% | 1.466 |
| Glitnir | 5.371 | 28% | 4.525 |
| Landsbanki | 3.306 | 13% | 1.577 |
| TM | 1.809 | 25% | 906 |
| Atorka Group | 1.012 | 79% | 819 |
| Bakkavör | 404 | 11% | 0 |
| HB Grandi | 204 * | 37% | 256 |
| Kögun | 77 | 12% | 58 |
| Marel | 48 | 9% | 48 |
| Actavis | 0 | 0% | 284 |
| Avion Group | 0 | 0% | 0 |
| Alfesca | 0 | 0% | 0 |
| Dagsbrún | 0 | 0% | 0% |
| Össur | 0 | 0% | 0 |
| Icelandic Group | 0 | 0% | 144 |
| Össur | 0 | 0% | 0 |
| Mosaic Fashions | Liggur ekki fyrir | | 0 |
| **Alls** | **31.590** | | **15.268** |

** Tillaga fyrir aðalfund*

Jafet bendir á að mörg félög hafi sett sér mjög markvissa arðgreiðslustefnu um að greiða allt að 40 prósent af hagnaðinum út. "Ég held að það sé mjög gott fyrir hluthafa að ganga að því vísu hvað þeir fá mikið greitt út. Við hjá VBS Fjárfestingarbanka höfum alltaf lagt á það áherslu að greiða út arð og gerum það meira að segja samdægurs."

Arðgreiðslustefna KB banka hljóðar upp á að 10-30 prósent hagnaðar skuli greiddur út til hluthafa en hlutfalllið er 30-40 prósent í tilviki FL Group og Glitnis. Stefna Straums í þessum efnum hljóðar svo að tekið sé mið af hagnaði ársins sem og fjármagnsþörf bankans á hverjum tíma.

Mörg fyrirtæki greiða ekki út arð í ár, annaðhvort telja þau sig þurfa á öllum sínum peningum að halda við frekari vöxt eða þá að þau skiluðu tapi og geta því ekki umbunað hluthöfum sínum.

Stærstu arðgreiðslurnar til einstakra fjárfesta í ár renna til Exista, stærsta hluthafans í KB banka, annars vegar og hins vegar til Samsonar, stærsta hluthafans í Landsbankanum, sem fengu hvort um sig 1,2 milljarða króna í arð. Glitnir bauð sínum hluthöfum upp á að þiggja helming arðsins í formi hlutabréfa og gengu 85 prósent þeirra bréfa, sem í boði voru, út. Straumur greiddi fimm milljarða út í formi hlutabréfa í Avion Group, 1.329 milljónir í peningum og 350 milljónir í bréfum Icelandic Group sem vakti furðu margra. "Eina klúðrið með arðgreiðslur í ár var að senda mönnum þetta lítilræði af hlutabréfum í Icelandic. Mér finnst þetta hálfgerður brandari að senda mönnum einhverja þúsundkalla. Þetta er bara gert til að skemmta pappírsinnflytjandanum," segir Jafet Ólafsson að lokum.

við framleiðum:
einbýlishús
parhús
sumarhús
www.nytthus.is
NýttHús

# HÖNNUN SEM ER ÞESS VIRÐI AÐ TALA UM






Falleg borðplatan, stílhreinar höldurnar og hagnýt skilrúmin skapa réttu stemninguna í eldhúsinu.

## KOMDU VIÐ Í NÝJU KVIK BÚÐINNI

Einföld en svipsterk hönnun með dökkum hurðum með eikaráferð og glæsilegum álklæddum köntum. Hér sýnd með borðplötu úr 60 mm þykku, möttu, svörtu, náttúrulegu graníti með rauf við brúnina.

Komdu og skoðaðu þetta og einnig mörg fleiri glæsileg eldhús.

Við hjá Kvik teljum að „allir eigi rétt á flottu eldhúsi“ og við seljum nýtískuleg eldhús á ótrúlega lágu verði í meira en 80 verslunum um alla Evrópu.

Einstök hugmynd Kvik felst í danskri hönnun í hæsta gæðaflokki á lægsta verði sem býðst og skjótri afgreiðslu á draumaeldhúsinu þínu.

DÖNSK HÖNNUN

www.kvik.com

ALLIR EIGA RÉTT Á FLOTTU ELDHÚSI kvik

Kvik Reykjavik . Skútuvogur 11A . 104 Reykjavik . Tlf. 540 3800

Opið: Mán - föstud. 10.00-18.00 . Laugard. 11.00-16.00

# Seðlabankinn boðar að *tímab*

Í Peningamálum Seðlabanka Íslands er sagt að tímabundinn samdráttur kunni að verða fylgifiskur aðgerða til að ná tökum á verðbólgu. Krónan hefur ekki styrkst líkt og búist var við eftir 75 punkta stýrivaxtahækkun bankans fyrir helgi. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér umræðu um horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Við nokkuð dökkan tón kveður hjá Seðlabanka Íslands varðandi horfur í efnahagslífi þjóðarinnar. Í Peningamálum, efnahagsriti bankans, er spáð minni hagvexti á þessu ári en gert hafði verið ráð fyrir og óverulegum á næsta ári, eða 4,2 prósentum á árinu og 0,4 prósentum á því næsta. Þá eru sagðar horfur á meiri verðbólgu en nemur verðbólgumarkmiði bankans.

Bankinn brást við verðbólguhorfum og hækkaði stýrivexti sína í lok síðustu viku. Í Peningamálum boðar hann svo enn strangara aðhald í peningamálum. „Þótt aðhaldssöm peningastefna kunni að leiða til tímabundins samdráttar í þjóðarbúskapnum, telur Seðlabankinn að of slök peningastefna við ríkjandi skilyrði muni að lokum leiða til harkalegri aðlögunar en strangt aðhald nú.“ Má því gefa sér að vaxtahækkunarferli bankans sé hvergi nærri lokið, en næstu ákvörðunar um stýrivexti er að vænta frá bankanum 18. maí næstkomandi. „Hermun með nýju þjóðhagslíkani Seðlabankans bendir til þess að vextirnir gætu þurft að hækka í meira en 15 prósent og haldast þar um töluverða hríð ef þokkalegar líkur eiga að vera á því að verðbólgumarkmiðinu verði náð á spátímanum. Slíkt mat er þó mikilli óvissu háð,“ segir í Peningamálum.

Athygli hefur vakið að gengi krónunnar hefur ekki styrktist ekki við 75 punkta vaxtahækkun Seðlabankans síðasta fimmtudag líkt og við hefði mátt búast, heldur hefur gengið haldið áfram að veikjast lítillega. Telja sérfræðingar að þar spili inn í óvægin umræða um íslenskt efnahagslíf sem birst hefur í erlendum miðlum og hjá greiningardeildum erlendra banka undanfarna daga og vikur. Skrifin, sem á stundum eru sögð byggja á misskilningi eða mislestri á aðstæðum, hafa dregið þannig úr trú á aðstæður að þeir sem áður hafa fjárfest í svonefndum krónubréfum og ýtt undir styrka stöðu krónunnar halda nú að sér höndum.

## Óvægin umræða hefur áhrif

Kauphöll Íslands segir ástæðu til að huga að miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál og fjármál í ljósi áhrifa umræðu á alþjóðavettvangi um þau. Umræðan, sem sögð er hafa verið óvægin og fremur beinst að neikvæðum þáttum en jákvæðum, hefur ýtt undir óróa og sveiflur á hlutabréfamarkaði.

Kauphöllin bendir á að Úrvalsvísitalan hafi verið um 20 prósentum lægri nú í lok fyrsta ársfjórðungs ársins, en hún var hæst áður en umræðan hófst. „Þrátt fyrir lækkunina er Úrvalsvísitalan þó 6,5 prósentum hærri í lok ársfjórðungsins en hún var um áramótin – og lægsta gildi hennar á fjórðungnum var svipað og áramótagildið. Það er umhugsunarefni hvað skyndileg tónbreyting í alþjóðapressunni – að því er virðist af litlu tilefni – getur valdið miklu umróti hér heima,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, í yfirliti fyrsta ársfjórðungs hjá Kauphöllinni.

Greining Glitnis banka tekur í sama streng og segir þróun Úrvalsvísitölunnar hafa verið með nokkuð sérstökum hætti á nýliðnum ársfjórðungi. „Framan af hækkaði vísitalan hratt og náði hámarki í 25 prósenta hækkun um mitt tímabilið. Þá lá leiðin niðurávið og endaði vísitalan í 5.894 stigum sem gerir 6,5 prósenta hækkun á fyrsta ársfjórðungi. Segja má að bjartsýni og góð uppgjör hafi skýrt þessar miklu hækkanir framan af en að svartsýni í kjölfar mikillar erlendrar umfjöllunar um íslenska hagkerfið og bankana skýri að töluverðu leiti miklar lækkanir frá miðjum febrúar,“ segir bankinn, en bendir um leið á að 6,5 prósenta hækkun á einum ársfjórðungi teljist nokkuð góð ef hún væri uppreiknuð á ársgrundvöll og næmi þá 29 prósentum.

### YTRI SKILYRÐI ALMENNT TALIN GÓÐ

Þá er ein ástæða talin vera sú dökka mynd sem Seðlabankinn málar af efnahagshorfum í spám sínum, bæði meiri samdrætti í hagvexti en aðrir hafa spáð, áframhaldandi ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og að viðskiptahalli dvíni lítið. Þannig er bankinn talinn hafa tekið undir með þeim sem spáð hafa efnahagslægð og grafið um leið undan gengi krónunnar.

Seðlabankinn segir minnkandi vöxt innlendrar eftirspurnar hins vegar vera óhjákvæmilegan fylgifisk aðlögunar hagkerfisins að jafnvægi eftir nokkurra ára ofþensluskeið. „Grunnspá Seðlabankans bendir hins vegar til þess að aðlögunin sé of hæg og hætta sé á að undirliggjandi ójafnvægi nái að festa sig í sessi sakir viðvarandi hárra verðbólguvæntinga. Því virðist þurfa töluvert aðhaldssamari peningastefnu en felst í grunnspánni til að verðbólgumarkmiðið náist



**Á ÁRSFUNDI SEÐLABANKANS** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Ólafur G. Einarsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, fluttu allir ræður á ársfundi Seðlabankans síðasta föstudag.
MARKAÐURINN/STEFÁN



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON** Ólafur er hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

innan tveggja ára,“ segir í Peningamálum.

Um leið telur Seðlabankinn ytri skilyrði þjóðarbúsins almennt vera góð, að minnsta kosti til skamms tíma litið. „Áætlað er að hagvöxtur í heiminum hafi verið um 3,2 prósent árið 2005 og spáð er svipuðum vexti á þessu ári. Gangi spár eftir má því almennt búast við áframhaldandi góðu ástandi í heimsbúskapnum,“ segir bankinn og bendir á að heldur hafi dregið úr verðbólgu í Evrópu og Bandaríkjunum frá því síðasta haust. „Sveiflur í verðlagsþróun skýrast að miklu leyti af breytingum á verði eldsneytis. Kjarnaverðbólga, skilgreind sem hækkun samræmdrar vísitölu neysluverðs án orku og matvæla, hefur verið lítil.“ Í Peningamálum segir að þrátt fyrir aukið aðhald að undanförnu í peningamálum í Bandaríkjunum og Evrópu, sem leitt hafi til hækkunar skammtímavaxta, séu raunvextir enn tiltölulega lágir og framboð lánsfjár mikið. „Verðlag helstu útflutningsafurða hefur hækkað verulega í erlendum gjaldmiðlum. Góðar horfur eru á því að verðlag útflutnings haldist áfram hátt eða hækki jafnvel enn frekar. Hins vegar eru nú taldar horfur á töluvert minni vexti útflutnings í ár og á næsta ári en spáð var í desember,“ segir Seðlabankinn, en þar koma ekki síst til áhrif af mun minni loðnuafla en gert var ráð fyrir í fyrri spá bankans. Í stað þriggja prósenta aukningar í útflutningsframleiðslu sjávarafurða er nú spáð tveggja prósenta samdrætti á árinu.

Í Peningamálum hefur Seðlabankinn á því orð að miðlun peningastefnunnar um vaxtarófið hafi verið misgreið. „Nokkur hækkun hefur þó orðið á vöxtum óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með líftíma til um það bil fjögurra og sjö ára. Útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum hefur hins vegar þrýst niður vöxtum á skuldabréfum til eins árs auk þess sem uppkaup eru hafin á þeim flokki. Á tímabili gætti einnig áhrifa erlendu útgáfunnar á óverðtryggða vexti til fjögurra ára, en þau virðast hafa dvínað eftir að gengi krónunnar tók að lækka, auk þess sem verulega hefur hægt á útgáfunni það sem af er marsmánuði. Þrýstings til hækkunar hefur gætt á óverðtryggðum bréfum eftir að matsfyrirtækið Fitch breytti horfum á lánshæfismati ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar og krónan lækkaði skarpt í kjölfarið. Það kann að skýrast af því að horfur séu taldar á lakara mati á lánshæfi bréfanna, en hitt vegur þó líklega þyngra að fjárfestar telji verðbólguálag óverðtryggðra skuldabréfa of lágt í ljósi gengislækkunar krónunnar.“

### HEIMILIN FINNA MEIRA FYRIR HRÆRINGUM

Líklega hafa þær hræringar sem orðið hafa á fjármálamörkuðum nýlega haft aðhaldsáhrif á heimili landsins, að mati Seðlabankans. „Vextir húsnæðisveðlána hafa hækkað þrátt fyrir nýlega lækkun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa. Vextir óverðtryggðra lána hafa hækkað, en aukist verðbólguvæntingar heimilanna einnig á næstunni hefur hækkunin tæpast varanleg aðhaldsáhrif. Gengislækkun krónunnar mun skila sér í þyngri greiðslubyrði á erlendum lánum, en þau vega ekki þungt í greiðslubyrði einstaklinga,“ segir bankinn en hlutfall gengisbundinna útlána lánakerfisins til heimila er talið vera milli þrjú og fjögur prósent, en undir lok síðasta árs mun hafa hægt á útlánaaukningu lánakerfisins til heimila.

Þá segir að áhrif lægra gengis komi mismunandi mikið við ýmsa geira atvinnulífsins. „Gengislækkun stuðlar að meiri hagnaði í samkeppnisgreinum, eykur hins vegar greiðslubyrði fyrirtækja sem skuldsett eru í erlendum gjaldmiðlum, en gerir jafnframt erlenda lántöku hagkvæmari, að því gefnu að vænst sé minni lækkunar gengis eftir að gengisaðlögun er komin fram að hluta. Sterk króna á síðastliðnu ári virðist ekki hafa dregið úr erlendri lántöku fyrirtækja, þrátt fyrir að líkur á að gengið leiti jafnvægis hafi aukist eftir því sem raungengið fjarlægðist langtímajafnvægi sitt. Hlutfall gengisbundinna lána hefur þó lækkað þar sem útistandandi lán hafa lækkað í krónum talið sökum sterkara gengis. Lægra gengi mun hækka þetta hlutfall á ný og auka greiðslubyrði fyrirtækja,“ segir bankinn en bendir um leið á að í vöxt færist að fyrirtæki verji sig fyrir gengisáhættu með skiptasamningum. „Kostnaður við gengisvarnir hefur verið lægri upp á síðkastið en oft áður, að hluta til vegna erlendu útgáfunnar á skuldabréfum í íslenskum krónum. Upplýsingar um umfang og kjör skiptasamninga eru hins vegar af skornum skammti.“ Seðlabankinn telur því erfitt að ráða í heildaráhrif nýlegra hræringa á fjármálamörkuðum á fjármálaleg skilyrði fyrirtækja, en telur þau sennilega minni en virðist við fyrstu sýn.

### MISVÆGI RÍKIR Í HAGSTJÓRNINNI

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir fleiri verða að leggjast á árar með Seðlabankanum og nefnir þar sérstaklegar fjármál ríkis og sveitarfélaga. „Ummæli bankans að verðbólgumarkmiðinu verði ekki náð nema til komi nokkurra prósenta hækkun á stýrivöxtum hlýtur að verða að skilja sem hvatningu í þessa átt.“

Ólafur undrast ummæli í stefnugrein Peningamála að stefna bankans kunni að leiða til tímabundins samdráttar í efnahags-

## Atvinnuleysi er minna hér

Nýjustu mælingar á atvinnuleysi sýna að það hafi dregist saman um 1,2 prósent í febrúar frá sama mánuði árið 2004, en í efnahagsfregnum Kaupþings banka kemur fram að langtímaatvinnuleysi hafi farið minnkandi síðan í mars 2003. „Skammtímaatvinnuleysi hefur einnig farið lækkandi síðan í byrjun árs 2003. Samkvæmt tölum frá OECD er langtímaatvinnuleysi hér á landi mun minna en í öðrum löndum,“ segi bankinn, en OECD skilgreinir langtímaatvinnuleysi sem það atvinnuleysi sem hefur varað í 12 mánuði eða lengur. „Árið 2004 reyndist langtímaatvinnuleysi á Íslandi vera um 11 prósent af heildaratvinnuleysi, en meðaltal OECD landanna nam 32 prósentum og er Ísland því í hópi landa með lægsta langtímaatvinnuleysi.“



## NÝ OG BETRI DÍSILVÉL

Hyundai Tucson býðst með þremur vélargerðum. Ein þeirra er tveggja lítra dísilvél sem nýlega hefur verið endurbætt.

BÍLAR 2



## HJÓLAÐ UM ÍTALÍU

Íslendingar hafa nú kost á að stíga pedalana á Ítalíu í sumar undir leiðsögn reyndra fararstjóra.

FERÐIR 6

allt



## ALLT HITT

**[ NÁM FERÐIR BÍLAR BÖRN ]**

**Útivist** stendur fyrir ferð í Bása um páskana. Þar munu rólegheit og kyrrð ráða ríkjum. Farið verður í skíða- og sleðaferðir eða gönguferðir, allt eftir árferði. Skráning stendur yfir og kostar ferðin 12.600 kr fyrir meðlimi og 14.400 kr fyrir aðra.



**Fjölskyldudagur** Eyjafjarðardeildar 4x4 klúbbsins verður haldinn laugardaginn 8. apríl. Farið verður á Lágheiði þar sem snjór er nægur. Fjallapylsur verða bornar fram eftir kúnstarinnar fjallagrillreglum og gos boðið með. Brottför frá Olís við Tryggvabraut kl. 11:00. Það eru allir velkomnir, sérstaklega nýir meðlimir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi klúbbsins.

**Regnbogabörn,** Háskólinn á Akureyri og The Spiritans and Presentation Sisters standa fyrir fyrirlestrum um einelti og sjálfsvíg í kvöld og á morgun. Fyrirlesarar eru dr. Tony Byrne prestur og systir Kathleen Maguire en þau leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að opna umræðuna um einelti, finna þær ástæður sem liggja þar að baki og nauðsyn þess að þolendur þekki þær árangursríku leiðir sem færar eru til að mæta gerendum. Fyrirlestrarnir fara fram í kvöld í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju kl 20:00 og á morgun í Vídalínskirkju í Garðabæ á sama tíma.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 5. apríl, 95. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.32 | 13.30 | 20.31 |
| Akureyri | 6.12 | 13.15 | 20.20 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Jón Örvar Jónson er mjög ánægður á Hvanneyri. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Tengingin við landið mjög mikilvæg

***Jón Örvar Jónsson lýkur BS-námi í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri í vor. Hann segir að það sé mjög gott að búa í háskólaþorpinu á Hvanneyri.***

Jón Örvar var búinn að skoða ýmsa möguleika á umhverfis- og náttúrufræðinámi áður en hann ákvað að fara í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. „Mér fannst tenging skólans hérna við landið mikilvæg, en þessi skóli er miklu nær náttúrunni en aðrir skólar sem voru í boði,“ segir hann.

Jón Örvar segir að náttúrufræðinámið á Hvanneyri sé mjög þverfaglegt. „Nálgunin er svolítið önnur en hefur verið í öðrum íslenskum háskólum þar sem er bara hægt að læra jarðfræði eða bara líffræði. Hér er allur pakkinn og það er farið yfir allt sviðið sem tengist náttúrufræði og í raun náttúruvernd og skipulagsfræði líka og allri nýtingu á landi. Markmiðið með náminu er að fá sem breiðastan grunn þannig að hægt sé að fara út og taka ákveðið land fyrir og meta hvað á að gera við það, ekki bara frá þröngu jarðfræðilegu sjónarhorni heldur með tilliti til allra þátta. Við erum að skoða hlutina frá mismunandi sjónarhornum og erum kannski í auðlindahagfræði og náttúruvernd á sama tíma sem eru algjörlega andstæðir pólar.“

Jón Örvar segir að námið byggist mikið upp á verkefnum og sé að töluverðum hluta bóklegt. „Þegar veður leyfir erum við svo úti og yfir sumarið eru sumarnámskeið sem fara að miklu leyti fram utandyra. Þá tökum við plöntunámskeið og förum í jarðfræðiferðir um nánasta umhverfi.“

Þar sem Jón Örvar er að klára í vor er hann farinn að huga að framhaldsnámi. „Ég ætla að fara til Hollands í framhaldsnám í sjálfbærri þróun,“ segir hann.

Jón Örvar hefur verið mjög ánægður á Hvanneyri þann tíma sem hann hefur verið í skólanum þar. „Þegar maður býr í háskólaþorpi verða öll samskipti nemenda og kennara persónulegri og stemningin er einstök.“

*emilia@frettabladid.is*








**Eigum til afgreiðslu strax**

**Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla**

**MAZDA MPV LX V6**





Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16” álfelgur
Raf.í rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

X4 ehf.

**Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. kl. 12:00 - 16:00**

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**



**Ljósin** verða að vera í lagi nú þegar vetur lætur minna á sig aftur. Starfsfólk bensínstöðva er alltaf til í að aðstoða þá sem þurfa með peruskiptingar.

Full búð af aukahlutum
á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes,
neonljós, græjur,
spoilerar, lækkunargormar,
kraftsíur, racekútar, o.fl.





**AG Mótorsport** - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : **www.agmotorsport.is**

Stilling
- betri en bestir
Bílavarahlutir

THULE SWEDEN
Ferða- og skíðabox



Ocean 100 / 360 lítrar
Apollo 100 / 350 lítrar
Ocean 600 / 330 lítrar
NÝTT
Spirit 820 / 480 lítrar

Stilling Bílavarahlutir
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

REYNSLUAKSTUR



Hyundai Tucson er laglegur bíll, stílhreinn og traustlegur.

# Ný og betri dísilvél

***Hyundai Tucson býðst með þremur vélargerðum. Ein þeirra er tveggja lítra dísilvél sem nýlega hefur verið endurbætt.***

Jepplingurinn vinsæli Hyundai Tucson hefur selst vel síðan hann kom á markað haustið 2004. Tucsoninn er fáanlegur með þremur vélargerðum, tveggja lítra bensínvél, 2,7 lítra bensínvél og loks tveggja lítra dísilvél sem fyrir skömmu var endurbætt. Vélin skilar nú 140 hestöflum meðan fyrirrennarinn skilaði einungis 112 hestöflum.

**HYUNDAI TUCSON DÍSEL CRDI**
**Vél: 2 l 140 hestöfl**
**Beinskiptur 6 gíra**
**Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri 7,2 l/100 km**
**Verð: 2.830.000**

Tucson-jepplingi með þessari nýju dísilvél var reynsluekið á dögunum. Bíllinn var beinskiptur með sex gíra kassa. Hann reyndist ansi hreint snarpur og líflegur og til muna skemmtilegri en bíllinn var með eldri dísilvélinni. Bæði er vélin kraftmikil og sömuleiðis er hún ágætlega hljóðlát. Í það minnsta þannig að ekkert heyrist í henni þegar setið er í vel einangruðum bílnum.

Hyundai Tucson er skemmtilegur farkostur fyrir þá sem kjósa jeppling sem ekki er of fyrirferðarmikill. Ekki spillir fyrir að ef dísilvélin er valin þá er um leið valinn umhverfisvænni kostur en með bensínvélinni. Bíllinn er vissulega dýrari með dísilvélinni en á móti kemur að þótt bíllinn sé kraftmikill og snarpur þá er eyðslan í hófi. Hyundai Tucson dísilbíll er því góður ferðafélagi hvort heldur sem er á beinum en ekki svo breiðum íslenskum þjóðvegi, þar sem viðbragðsfljótur bíll getur komið sér vel, og á grófari vegi þar sem Tucsoninn er einkar stöðugur og traustlegur fararskjóti.

*steinunn@frettabladid.is*



Það er þægilegt að geta seilst í skottið án þess að opna allan hlerann.



Tucsoninn er verklegur þegar hann er kominn með grjótgrind.



Nýja dísilvélin er öflug og skemmtileg.



Bíllinn er aðlaðandi að innan.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



**Partur-Spyrnan-Lyftarar** • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# Snarþjónusta Öskju

***Söludeild og verkstæði atvinnutækja Öskju er nýflutt í Hafnarfjörð.***

Á þjónustuverkstæði Öskju við Skútuhraun í Hafnarfirði er meðal annars boðið upp á sérstaka snarþjónustu fyrir Mercedes-Benz atvinnubíla. Stefnt er að því að hafa að minnsta kosti eitt stæði á verkstæðinu laust fyrir fyrir minniháttar viðgerðir sem hægt er að sinna fljótt og vel, segir Páll Halldór Halldórsson, sölustjóri atvinnubíla hjá Öskju. Þjónustuverkstæðið sinnir annars bæði viðgerðum og reglubundinni skoðun.

Bílaumboðið Askja ehf. tók á síðasta ári við Íslandsumboðinu fyrir Mercedes-Benz. Sú deild fyrirtækisins sem selur atvinnutæki flutti nýverið í glæsileg 1.600 fermetra húsakynni að Skútahrauni 2a í Hafnarfirði. Alls er fyrirtækið með í sölu tólf grunntegundir Mercedes-Benz atvinnubíla, bæði rútur, vörubíla og smærri bíla. Mest seldu bílarnir í dag eru Sprinter-sendiferðarbílar og alls hafa Páll og félagar selt fjörutíu slíka bíla frá áramótum, þar af átta sem Rauði kross Íslands ætlar til sjúkrabílaflota síns.



Páll Halldór Halldórsson, til vinstri, og Ágúst Magni Þórólfsson verkstjóri á verkstæði.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Hyundai Talus verður að öllum líkindum framleiddur í Tékklandi.

# Hyundai til Tékklands

***Síðasta haust varð ljóst að Hyundai myndi opna verksmiðju í Tékklandi. Nú hefur formlega verið gengið frá samningum og mun verksmiðjan komast í gagnið árið 2008.***

Frá þessu greindu Kim in-Seo, forstjóri Hundai, og Pavel Sobisek, viðskiptaráðherra Tékklands, á blaðamannafundi nýlega. Hyundai mun þá slást í hóp fyrirtækja eins og Toyota, Fiat og Peugeot sem öll reka verksmiðjur í Tékklandi. Verksmiðjan verður risavaxin og verða 300.000 bílar framleiddir árlega auk 600.000 gírkassa. Áætlað er að verksmiðjan skapi 15.000 störf á ársgrundvelli.

Það er greinilega mikill uppgangur hjá Hyundai en sala á bílum þeirra jókst um 11% á síðasta ári. Enn fremur var þessi suður-kóreski risi valinn arðvænlegasta hlutafélagið á bílamarkaðnum af PricewaterhouseCoopers og Automotive News.



Bensínverð hækkaði í síðustu viku vegna hækkunar á heimsmarkaðsverði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Bensín dýrt hér á landi

***Bensín er dýrt á Íslandi miðað við aðrar Evrópuþjóðir.***

Þetta kemur fram í verðkönnun FÍB á bensínverði víðsvegar í Evrópu. Á Íslandi kostar bensínlítrinn nú tæpar 120 krónur og hefur aldrei verið dýrara að fylla bílinn. Það er hins vegar dýrara að fylla hann í Hollandi þar sem lítrinn kostar rúmar 127 krónur.

Ódýrast er bensínið í Eistlandi þar sem borga þarf tæpar 74 krónur fyrir lítrann. Eystrasaltslöndin eru einu löndin þar sem lítraverð fer niður fyrir 80 krónur að undanskildum Bandaríkjunum, en þar kostar lítrinn tæpar 45 krónur.

Athygli vekur að bensínverð er hátt á öllum Norðurlöndunum. Kostnaðurinn er 108 krónur í Svíþjóð og Finnlandi, 111 krónur í Danmörku og hjá olíurisanum Noregi þarf að greiða 118 krónur fyrir lítrann af bensíni.



Lexus bílar sjaldnast allra bíla segir í skýrslu sænsks tryggingafyrirtækis.

# Lexus besti bíllinn

***Sænskt tryggingafyrirtæki kannaði hvaða bílar biluðu sjaldnast.***

Lexus er með lægstu bilanatíðnina samkvæmt skýrslu sænska tryggingafyrirtækisins Länsförsäkringar sem kannaði bilanatíðni bíla á sænskum markaði. Japanskir bílar standa sig almennt mjög vel, af tíu bestu bílunum eru átta japanskir. Tveir evrópskir bílar ná inn á listann, Volvo og BMW. Skýrslan tók til vélarbilana af ýmsu tagi, bilana á gírkassa, hjólabúnaði, stýrisbúnaði, rafbúnaði, bremsum og kælikerfi. Einungis voru skoðaðir bílar sem eru nýrri en átta ára og höfðu ekið minna en 100.000 kílómetra.

Þeir bílar sem komu verst út voru Land Rover, Smart bílar, Rover og Alfa Romeo. Í ljós kom að dregið hefur stórlega úr bilanatíðni Chrysler, Opel, Porsche, Jeep, Suzuki, Subaru, Daewo (Chevrolet) og Volvo síðan síðasta rannsókn fór fram. Jaguar, Hyundai, Mitsubishi, Honda, Fiat, Chevrolet, Citroen og Skoda bila aftur á móti meira nú en áður.

Í frétt norska dagblaðsins Aftenposten, sem greinir frá niðurstöðum skýrslunnar, kemur fram að tryggingafyrirtækið sænska sér um tryggingar á einum þriðja af öllum bílum í Svíþjóð.

| BILA SJALDNAST: | BILA OFTAST: |
|---|---|
| 1. Lexus | 1. Land Rover |
| 2. Toyota | 2. MCC (Smart) |
| 3. Honda | 3. Rover |
| 4. Mazda | 4. Alfa Romeo |
| 5. Nissan | 5. Fiat |
| 6. Volvo | 6. Jaguar |
| 7. Kia | 7. Renault |
| 8. Subaru | 8. Seat |
| 9. Suzuki | 9. Chevrolet |
| 10. BMW | 10. Saab |
















Hér er hjólið fest aftan á varadekkið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjólið tekið með í ferðalagið

***Upplagt getur verið að kippa reiðhjólunum með þegar farið er í bústaðinn eða annan bíltúr. Þá eru sérstakar grindur nauðsynlegar á bílinn.***

Hjólagrindur eru oft festar á dráttarkróka bifreiðanna og þær eru þægilegar viðureignar. Grindur til að festa á toppinn fara líka mjög vel með hjólin, að sögn þeirra sem gerst þekkja. Fyrirtækið Stilling býður upp á mikið úrval hjólafestinga, sem flestar eru ættaðar frá framleiðandanum Thule. Að sögn Bjarna Jóhannessonar hjá Stillingu er verðið frá 6.000 upp í 16.000 krónur og telur hann verðmuninn einkum fólginn í því hversu nýlegar og einfaldar festingarnar séu. „Það er heilmikil þróun í þessari framleiðslu og festingarnar alltaf að verða einfaldari og þar með fljótlegra að festa hjólin á bílinn,“ útskýrir hann og telur festingarnar allar jafn öruggar.

Hjólin þurfa að vera fest þannig að þau haggist ekki. Mismunandi er hvað grindurnar eru gerðar fyrir mörg hjól; þannig er hægt er að vera með fimm hjól á einni festingu, jafnvel á minnstu gerðir fólksbíla. Svo eru ýmsar útfærslur á því hvernig grindurnar eru festar á bílinn og hvort þær eru ætlaðar fyrir jeppa eða fólksbíla, hvernig skottið opnast og hvort þær eru festar á varadekkið eða ekki. Flestar okkar festingar frá Thule eru mjög alhliða,“ segir Bjarni. „Þar getur allt unnið saman, festingar fyrir skíði, snjóbretti og farangursbox og svo skellir maður hjólafestingunni á líka.“



Svona lítur festingin út.



Það er þægilegt að kippa hjólunum af bílnum og taka smá sprett á þeim.



Það fer vel með hjólin að hafa þau uppi á bílnum en óhjákvæmilega taka þau veður á sig.







**www.islenskuskolinn.is** er skóli fyrir íslensk börn búsett erlendis. Skólinn fer fram á netinu og er ætlaður börnum frá 0 til 18 ára aldurs.





Erla Þuríður Pétursdóttir, formaður SÍNE, lærði sjálf í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tengir saman íslenska námsmenn erlendis

***SÍNE, sem gætir hagsmuna námsmanna erlendis, stendur fyrir hádegisráðstefnu á föstudag.***

Samband íslenskra námsmanna erlendis, SÍNE, stendur fyrir hádegisráðstefnu í Þjóðminjasafninu á föstudag undir yfirskriftinni Vitur er sá er víða ratar - mannauður í alþjóðlegum fyrirtækjum.

„Það vakti athygli okkar þegar Viðskiptaráð Íslands gaf út skýrslu þar sem þeir tilkynntu sérstaklega að þeim námsmönnum hefði fækkað sem fara erlendis í nám. Hins vegar hafi enn í dag um áttatíu prósent stjórnenda í stærstu fyrirtækjum lært erlendis,“ segir Erla Þuríður Pétursdóttir formaður SÍNE og bendir á að umræðan í þjóðfélaginu hafi alltaf verið á þá leið að mikill auður sé í fólki sem fari út í nám því það safni reynslu útan úr heimi og byggi upp tengslanet sem nýtist öllu samfélaginu. „Okkur langaði til að heyra hvort þetta sé ekki eitthvað sem við verðum að hlúa að,“ útskýrir Erla en nokkrir leiðtogar úr atvinnulífinu munu koma saman og ræða þessi mál í Þjóðminjasafninu á fundinum sem er öllum opinn og hefst klukkan tólf.

Í SÍNE eru um 1200 félagar sem er rúmlega helmingur þeirra námsmanna sem stunda nám í útlöndum. Meginhlutverk sambandsins er að gæta hagsmuna námsmanna, sérstaklega erlendis. Fólk getur leitað þangað með ýmis vandamál sem varða skattamál, hvernig eigi að flytja búslóð og einnig hvernig kerfið í mismunandi löndum virkar.

„Þungaáherslan er og hefur alltaf verið lánasjóðurinn,“ segir Erla en SÍNE hefur fastan fulltrúa í stjórn LÍN. Þá er sambandið að skoða annað þarft hagsmunamál um þessar mundir en íslenskir stúdentar borga full námsgjöld í skólum í Bretlandi meðan námsmenn frá ESB svæðinu gera það ekki. „Við höfum fengið lögfræðiálit sem rennir frekari stoðum undir það að þetta geti ekki staðist,“ áréttir Erla sem segir málið í fullri vinnslu. Erla var sjálf við nám í Bandaríkjunum og fannst hún græða heilmikið á því að vera í SÍNE. „Það er notalegt að vita að allir íslenskir námsmenn í útlöndum eru tengdir saman.“

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta 6. vikna námskeið 11. apríl.
**Skráning á biðlista fyrir sumarnámskeið er hafin**
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Keramik fyrir alla

## Gæsun



Gæsun-Brúðargjöf.
Tvær flugur í einu höggi.
Málið flott stell
og gæsið í leiðinni.

Keramik fyrir alla,
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

Hljómar & List
HLJÓÐFÆRI • SKÓLI

**Nýr tónlistarskóli og verslun Skipholt 29A**



***Einstakt tækifæri***

Nokkrir af fremstu tónlistarkennurum landsins munu annast kennslu í óperusöng, fiðlu, selló, kontrabassa og píanó.
Þeir leggja áherslu á faglega kennslu og metnað í þágu hvers og eins nemanda, því hver og einn nemandi er einstakur.

*Námskeiðin byrja nú í apríl 2006 og eru bæði tveggja vikna og til lengri tíma.*
*Kennt er bæði frá grunnstigi og upp á háskólastig.*

***Einnig gott tækifæri fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast.***

*Kennarar skólans eru m.a.*
Alina Dubik Mezzósópran
Ewa Tosik Warszawia Fiðluleikari
Páll Hannesson Kontrabassaleikari

Þuríður Helga Píanóleikari mun vera í samspili.

Skipholt 29A · sími 511-5151 · 661-4153 · www.hljomaroglist.com

NÁM Í HÁSKÓLANUM Á HÓLUM

- VAXANDI ATVINNUGREINAR
- MARKVISST OG FJÖLBREYTT NÁM



FERÐAMÁL
útivist og afþreying
náttúra Íslands
menning og saga
matur og ferðaþjónusta
rekstur og markaður
möguleiki á verknámi erlendis

FISKELDI
FISKALÍFFRÆÐI
ferskvatn og sjór
fjölbreytt fiskalíffræði
áhersla á verklegt nám
rekstrarfræði
möguleiki á verknámi erlendis





HROSSARÆKT
REIÐMENNSKA
hestafræðingur
og leiðbeinandi
tamningamaður
þjálfari
og reiðkennari

NÁM Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Nemendur segja:
- Námið hefur opnað mér algjörlega nýjan heim.
- Ég hef eignast góða vini og kynnst mörgu góðu fólki.
- Forréttindi að fá að læra sitt fag í bestu fáanlegu aðstöðu.
- Sveigjanlegt og hagnýtt nám.
- Kennararnir eru með vandað námsefni og allt það nýjasta.
- Fyrst og fremst gaman!

SÉRSTAÐA OKKAR:
DJÚPAR RÆTUR - 900 ÁRA SAGA
FRÁBÆR AÐSTAÐA TIL NÁMS OG BÚSETU
NÁIN TENGSL VIÐ ATVINNULÍFIÐ
MARKVISST OG FJÖLBREYTT NÁM

Hólaskóli, Háskólinn á Hólum
Hólum í Hjaltadal
551-Sauðárkrókur
s: 455-6300 fax: 455-6301
www.holar.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

**Grænland** í öllu sínu vetrarveldi er spennandi áfangastaður yfir páskana. Flugfélag Íslands heldur uppi áætlanaflugi til Kúlusúk sem er á austurströnd Grænlands.








Kristín Einarsdóttir og Alda Jónsdóttir, fararstjórar og hjólagarpar hjá Úrvali Útsýn.

# Hjólað um vín og vatnahéruð á Ítalíu

***Íslendingar hafa nú kost á að stíga pedalana á Ítalíu í sumar undir leiðsögn reyndra fararstjóra í faðmi stórkostlegrar náttúru.***

Kristín Einarsdóttir og Alda Jónsdóttir verða fararstjórar í hjólaferðum til Ítalíu á vegum Úrvals Útsýnar í sumar. Hjólaferðirnar eru flestar nýjar af nálinni en farið verður alls í fimm ferðir. Þrjár ferðir eru í boði þar sem hjólað er á milli staða og farangur hjólagarpanna er trússaður á milli og tvær ferðir eru settar þannig upp að hjólaðar eru dagsferðir frá hóteli.

„Við byrjum í Brescia í Lambardi-héraði á Ítalíu sem er rétt hjá Gardavatninu,“ segir Kristín sem mun sjá um fararstjórn í trússferðunum. „Lambardi-héraðið er ofboðslega fallegt svæði. Við hjólum fram hjá vötnum og ám, gegnum vínhéruð þar sem við gæðum okkur á vínsmakki og framhjá kastölum og gömlum byggingum.“

Í trússferðunum er gist á fínum hótelum og borðað á glæsilegum veitingastöðum enda mætti kalla ferðina lúxusferð með smá líkamlegu erfiði. „Fólk hjólar bara rólega, enda er lagt upp úr því að fólk njóti ferðarinnar. Farangurinn er keyrður á milli staða þannig þegar komið er á hótelið, leggur fólk hjólunum, fer í samkvæmisfötin og út að borða,“ segir Kristín. „Það eru hjólaðir um 50 til 60 kílómetrar á dag og til þess að njóta ferðarinnar er betra að vera í ágætis formi. Ég myndi segja að þessi ferð væri fyrir byrjendur og aðeins lengra komna. Samtals er hjólað í fimm daga og síðasta daginn dveljum við í Mílanó og skoðum þá stórkostlegu borg.“



Íslendingar eru farnir að sækja meira í útivist og afþreyingu í sumarleyfum sínum.

Alda sér aftur á móti um ferðir þar sem gist er á sama stað alla ferðina og farið í dagshjólaferðir frá hótelinu. „Við gistum á Hótel Flora við Gardavatn. Þetta er frábær ferð fyrir hjón og fjölskyldur. Fólk ræður hvort það dvelur á hótelinu eða skellir sér í hjólaferð,“ segir Alda. „Miðbær Garda er í göngufæri og í þessari ferð ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Bæði er hjólað við Gardavatnið og einnig upp í fjöll.“ Ítalskir hjólaleiðsögumenn fylgja hópnum í ferðunum sem eru bæði fjölbreyttar og skemmtilegar.

Færst hefur í aukana að fólk vilji meiri afþreyingu í sumarleyfum sínum. Hjólaferðir hafa þann kost að ferðalangar geta auðveldlega verið út af fyrir sig kjósi þeir svo eða blandað geði við hópinn. Þá er eitt eftir að koma sér í form og pakka niður hjólahjálminu og skella sér út í heim.

Nánari upplýsingar um ferðirnar má sjá á www.uu.is. undir íþróttir.

*johannas@frettabladid.is*










**ráð }**

## Þjórfé fyrir þjóninn

VIÐA ER GERT RÁÐ FYRIR AÐ VIÐSKIPTAVINIR SKILJI EFTIR ÞJÓRFÉ



Gott er að hafa í huga þegar farið er út að borða í öðrum löndum að víða er gert ráð fyrir því að viðskiptavinirnir skilji eftir þjórfé fyrir veitta þjónustu. Þó að við séum ekki vön þessu á Íslandi er sjálfsagt að virða siði annarra þjóða. Ágætt getur verið að kynna sér siðina í landinu sem dvalið er og hvort að vaninn er að skilja eftir þjórfé og þá hversu mikið.

HVERT ERTU AÐ FARA?



Elín María Reynisdóttir er á leiðinni til Mílanó. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Á leið til Mílanó

***Elín María Reynisdóttir, stjórnandi Brúðkaupsþáttarins Já, er nýkomin frá London og á leiðinni til Mílanó.***

Síðasta utanlandsferð Elínar var til Lundúna. „Ég fór í stutta ferð þangað í janúar og var bara að skemmta mér, fara út að borða og svoleiðis,“ segir hún. Elín hefur komið nokkrum sinnum til Lundúna áður og þekkir ágætlega til þar svo það var ekkert sem kom henni á óvart í þeirri ferð.

Elín fór hins vegar síðasta haust til Máritíus, sem kölluð hefur verið eyja elskendanna, með Brúðkaupsþættinum Já. „Það var mjög spennandi. Ég var að koma þangað í fyrsta skipti en alveg klárlega ekki það síðasta. Ég var rosalega hrifin og þetta er alveg æðislegur staður.“ Dálítill hópur fór með Elínu til Máritíus því með í för voru brúðhjón og tökulið. „Við vorum tólf í allt og skemmtum okkur mjög vel. Það var stjanað við okkur á hótelinu sem var ævintýri líkast og maturinn og menningin og allt var bara alveg frábært.“

Næsta utanlandsferð Elínar verður síðan til Mílanó. „Það verður líka bara stutt ferð,“ segir hún. Elín hefur ekki komið til Mílanó áður svo hún hlakkar mikið til. „Það verður örugglega mjög gaman að koma þangað. Það er alltaf gaman að sjá nýja staði og smakka öðruvísi mat.“

# Lúxusferð til Kína

***Bændaferðir bjóða upp á skemmtilegar Kínaferðir nú í apríl.***

Kínaferðin stendur yfir í tvær vikur og verður margt skoðað. Þar á meðal ern Terrakotta-herinn, sem er einn merkilegasti fornleifafundur í heimi, Torg hins himneska friðar í Peking, Forboðna borgin og auðvitað Kínamúrinn. Einnig verður siglt niður Yangtze-fljót í skemmtiferðaskipi sem gist verður á í fjórar nætur. Farið verður til tveggja borga í ferðinni, Sjanghæ og Peking.

Tvær ferðir verða farnar í apríl. Sú fyrri verður farin 6. til 20. apríl og er fararstjóri Inga Ragnarsdóttir. Sú seinni verður farin 13. til 27. apríl og verður Magnús Björnsson fararstjóri í þeirri ferð.

Örfá sæti eru laus í báðar ferðirnar, sem kosta 262.000 krónur á mann í tveggja manna herbergi. Innfalið í verði er allt flug, flugvallarskattar, allar ferðir sem fara þarf innan Kína, skoðunarferðir og aðgangseyrir á þá staði sem skoðaðir verða, íslensk fararstjórn, gisting á fjögurra stjörnu hótelum og fjögurra stjörnu skemmtiferðaskipi, fullt fæði og allt þjórfé fyrir þjónustu. Það sem er hins vegar ekki innifalið er vegabréfsáritun, ferðatryggingar, bólusetningar og nokkrar máltíðir.

Frekari ferðalýsingu er að finna á heimasíðu bændaferða, www.baendaferdir.is, og má þess geta að einnig verður hægt að fara í þessar ferðir í september.



Kínamúrinn er einn af þeim stöðum sem skoðaðir verða í ferðinni.



Landmannalaugar eru heillandi heimur að vetri sem sumri.

# Laugar um páska

***Ferðafélag Íslands verður með skipulagðar göngur um Landmannalaugar um páskahelgina.***

Ferðafélagið verður með skálaverði í Landmannalaugum um páskana og boðið verður upp á heitt kaffi og kakó. Farið verður í dagsgöngur frá skála ferðafélagsins og haldnar kvöldvökur. Ferðafélagið efnir til farar inn í Laugar á skírdag og til baka annan í páskum. Á leiðinni inn verður boðið upp á skíðagöngu frá Bjallavaði ef snjóalög og veður leyfa. Gjald er 16.000 krónur fyrir félagsmenn og 18.000 fyrir aðra. Innifalið er ferðir, gisting og gönguferðir. Skráning er á skrifstofu FÍ í síma 568 2533 eða á netinu, fi@fi.is, en í dag rennur út frestur til að bóka sig. Fararstjóri er Helga Garðarsdóttir.




**Foreldranámskeið** eru haldin reglulega í Bústaðarkirkju. Þar hittast foreldrar og svefnvenjur barna eru ræddar.




Full búð af glæsilegum sumarfatnaði og útifatnaði

Fatnaður fyrir 0 – 16 ára

Ný lína fyrir krakka yfir kjörþyngd frá 8-16 ára

collexion

DIESEL

FRANSA for boys and girls

Freeze www.fransa-freeze.com

XBOYZ

LEGO WEAR

ducky beau mini

TICKET TO HEAVEN

RÓBERT BANGSI ...og unglingarnir

Hlíðasmára 12 Sími: 555-6688


# Bleikt fyrir bæði kynin

***Erla Hlín Helgadóttir rekur barnafataverslunina Adams í Smáralind og er að taka inn mikið af litríkum fötum á bæði stelpur og stráka fyrir sumarið.***



Erla Hlín Helgadóttir rekur barnafataverslunin Adams í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Adams er bresk barnafatakeðja og Erla rekur einu verslunina hérna á landi. „Við opnuðum í október 2003 og erum komin með stóran hóp fastra viðskiptavina,“ segir hún.

Litagleðin ræður ríkjum í sumarlínunni frá Adams og á það bæði við um stelpufötin og strákafötin. Athyglisvert er að bleikur litur sem hingað til hefur oftast verið talinn stelpulitur er einnig notaður í strákafötin frá Adams. „Við höfum aðeins verið með bleikt í strákafötunum til þess að fylgja herratískunni, en bleikt hefur verið mjög áberandi í henni og verður það áfram skilst mér. Strákafötin eru ekki skærbleik en við erum með bleika tóna svona til áhersluauka og það er gaman að prófa nýja hluti.“

Erla segir að bleika litnum í strákafötunum hafi verið misvel tekið. „Við tókum inn alveg bleika boli fyrir eins til þriggja ára stráka og það hefur gengið hægt á þá. Í fötunum á eldri strákana hafa þetta frekar verið bleikar rendur á skyrtum og bleikt meira svona til áherslu og þeir hafa alveg samþykkt bleika litinn og jafnvel viljað fá sér bleik bindi við jakkafötin sín.“

Fleiri skærir litir en bleikur eru áberandi í strákafötunum fyrir sumarið. „Appelsínugulur hefur til dæmis gengið ofsalega vel og mikið verið tekið í þeim lit á alveg niður í pínulitla stráka. Svo er rautt mjög vinsælt og bláu litirnir eru skærari heldur en þeir hafa verið og við erum með svolítið í túrkísbláu sem er mjög sumarlegt.“

Stelpufötin fyrir sumarið eru einnig litrík eins og venjulega. „Bleikt er náttúrulega áberandi fyrir stelpurnar og rautt og svo er dálítið mikið af hvítu. Stelpufötin fylgja kventískunni alveg eins og strákafötin fylgja herratískunni og hvítt og svart er í tísku núna og það er áberandi hjá okkur með þessu bleika og rauða,“ segir Erla.



Strákar mega líka vera í rauðu.



Appelsínugulur verður strákalitur í sumar.



Hvítur kjólar eru alltaf sumarlegir.



Bleikt er líka fyrir stráka.



Svart og hvítt er sígilt.



Hvítt og bleikt verður áberandi í sumar.



Grænt er ennþá fyrir stráka og stelpur líka.


Flott föt á flotta krakka!



DU PAREIL ...au même

Laugavegur 17 og Kringlunni

Sími 588-6750 og 552-6744





Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði

Móðurást

Hamraborg 7 • Kópavogi • Sími 564 1451

www.modurast.is





Ferðaföt

Veisluföt

Sængurgjafir mikið úrval.

Skótilboð

20% afsláttur

IANA

Laugaveg 53 • S: 552 3737




## Börn túlka biblíuna

SÝNING Á MYNDUM BARNA AF ATBURÐUM Í LÍFI JESÚ VERÐUR OPNUÐ Í NORRÆNA HÚSINU ÞANN 7. APRÍL AF BISKUPNUM, HR. KARLI SIGURBJÖRNSSYNI.

Teikningar og önnur myndverk eftir börn frá Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Danmörku og Íslandi eru á sýningu sem verður opnuð í anddyri Norræna hússins 7. apríl kl. 14. Sýningin heitir Hinn rauði þráður í biblíunni frá páskum til hvítasunnu. Upphafið að verkefninu átti Folkekirkenes Skoletjeneste í Fredriksberg og Kaupmannahöfn.

# - sem þig vantar

IN

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

brimborg Taktubil



en C5, skrd. 12/2004, ek. 68.000 2000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 0.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 7000.

brimborg Taktubil



Toyota Corolla, skrd. 07/2000, ek. 121.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 750.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Peugeot 406 Brake, skrd. 02/2001, ek. 90.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Fiat Stilo, skrd. 09/2002, ek. 44.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr. Tilboð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Mazda 323 F, skrd. 12/1998, ek. 123.000 km, 1500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Focus HighSeries, skrd. 06/1999, 130.000 km, 1600cc, beinskiptur. t verð 730.000 kr. Tilboð 599.000 00% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 11/2003, ek. 35.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.350.000 kr. Tilboð 2.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Peugeot Partner, skrd. 09/2002, ek. 95.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 850.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Ford Expedition XLT Sport, skrd. 07/2004, ek. 15.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.570.000 kr. Tilboð 3.990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Skoda Octavia, skrd. 03/2002, ek. 90.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Focus C-Max, skrd. 02/2004, ek. 00 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett 1.630.000 kr. Tilboð 1.480.000 kr. % lán mögulegt S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Ford Focus skrd. 5/2003, ek. 40.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.380.000 kr. Tilboð 1.260.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Hyundai Starex 4x4, skrd. 05/1999, ek. 96.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.160.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



MMC Lancer, skrd. 03/2001, ek. 99.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 850.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil



Nissan Terrano II, skrd. 09/2001, ek. 113.000 km, 2700cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.790.000 kr. Tilboð 1.599.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubil

brimborg Taktubil

brimborg Taktubil

brimborg Taktubil

brimborg Taktubil

# eignarlóðum í Hagalandi á Selfossi

## uðurlandi fyrir hönd Ræktunarsambands Flóa og Skeiða
## glýsa eftir kauptilboðum í eftirtaldar eignarlóðir:

eyðublöð, skipulagsskil- fást afhent frá og með . á skrifstofu Lögmanna 3, Selfossi. Þessi gögn laust á geisladiskum eða óna gjaldi.

ar eignarlóðir skal skila í sérstökum tilboðseyðu- s vegar **„Víkurmói-tilboð“** **-tilboð“** til skrifstofu Lög- urvegi 3, Selfossi. Skila- tudaginn 28. apríl 2006. estinum liðnum eru ógild.

bjóðendur hafa greitt til- 00,-. fyrir tilboð í lóð við 00,-. fyrir lóð við Urðar- þeirra ógild. Tilboð í erða opnuð á skrifstofu viðstöddum þeim bjóð- a föstudaginn 28. apríl

*eru gefnar á skrifstofu*
*Suðurlandi*
*3, Selfossi*
*0 2900*

RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

***Fjölbýli: Á neðangreindum eignarlóðum er heimilt að byggja fjölbýli á fjórum hæðum.***

Víkurmói lóð nr. 2. 2838,4 m²
Víkurmói lóð nr. 4. 2686,6 m²
Víkurmói lóð nr. 6. 2850,6 m²

***Einbýli: Á neðangreindum eignarlóðum er heimilt að byggja einbýli á einni hæð.***

Urðarmói lóð nr. 1. 699,4 m²
Urðarmói lóð nr. 2. 835,5 m²
Urðarmói lóð nr. 3. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 4. 509,6 m²
Urðarmói lóð nr. 5. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 6. 1000,2 m²
Urðarmói lóð nr. 7. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 8. 812,0 m²
Urðarmói lóð nr. 9. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 10. 637,7 m²
Urðarmói lóð nr. 11. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 12. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 13. 650,0 m²
Urðarmói lóð nr. 14. 663,8 m²
Urðarmói lóð nr. 15. 650,0 m²




GN
585 0100 • Fax: 585 0109
mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

**Einarsnes 60**

**Stærð í fermetrum: 141,3**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Tegund eignar: Einbýli**
**Verð: Tilboð**

**FALLEGT EINBÝLI Á TVEIMUR HÆÐUM Á ÞESSUM VIN-SÆLA STAÐ**
Húsið skilast tilbúið að utan með grófjafn- n einangrunar. Á teikn- fnherbergjum, tveimur Útgengt á svalir frá efri
**ANDLÁTA**

**DA GERÐARSDÓTTIR,**

ATVINNA

**Íspólska ráðningarþjónustan**
**Útvegar starfsfólk frá Póllandi**

*Við höfum meðal annars, vana sjómenn, múrara, rafvirkja og fleiri.*

Upplýsingar og góða þjónustu færðu
hjá Ingibjörgu M. Þorvaldsdóttur og
Adam Tomasz Piotrowski

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Leikskólinn Sunnuhvoll

Auglýsir eftir leikskólakennara eða starfsmanni með aðra uppeldismenntun eða reynslu til starfa á deild fyrir yngri börn

Staðan er laus frá 1. júlí nk.

Upplýsingar gefur Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir leikskólastjóri, í síma **565 9480** og netfang sunnuhvoll@leikskolarnir.is

Upplýsingar um Sunnuhvol eru á vef skólans,

G Í DAG KL. 16:00-19:00 – ÞORLÁKSGEISLI 1-3 – GRAFARHOLTI

Nokkrar íbúðir eftir



Tilbúið til afhendingar



3ja og 4ra herbergja íbúðir í sextán íbúða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru frá 101 fm til 140 fm. Öllum íbúðunum fylgir
ymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi
jólf verða flísalögð. Innréttingar og skápar frá HTH. Í eldhúsi er
borð og blásturofn frá AEG. Veggháfur frá Airforce með viftu.
**lag kl. 16-19 á Þorláksgeisla 1-3. Verð frá 24.500.000,-**

*ÐNUM: Daníel 897-2593 - Finnbogi 895-1098 - Tryggvi 891-7307 - Þorsteinn 820-3466*

mili
GNASALA
ími 530 6500

Söluaðilar

Byggingaraðili: Byggingafélag

LYNGVÍK
FASTEIGNASALA
Síðumúla 33 - Sími 588 9490




08 Reykjavík - S: 515 0500 - Fax: 515 0509 - www.fasteignakaup.is

## IL SÖLU

## OPIN HÚS

13a,



Reyrengi 9,
Reykjavík



Ljósavík 52a,
Reykjavík



Mosarimi 11,
Reykjavík



# HVUNNDAGURINN

## *Krefjandi verkefni skemmtileg*



**Skemmtilegast:**
Að ferðast um Ísland í góðum félagsskap og njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða.
Samskipti við heiðarlega og skemmtilega einstaklinga.
Að drekka kaffi á sunnudagsmorgnum með kærustunni minni.
Að elda góðan mat með þeim sem mér þykir vænst um.
Samvera með sonum mínum.
Krefjandi verkefni.
Þegar liðið mitt spilar góðan handbolta og sigrar.
Þegar ég sé að leikmennirnir sem ég þjálfa hafa náð að verða betri undir minni stjórn.

**Leiðinlegast:**
Samskipti við óheiðarlegt fólk.
Að heyra fréttir um fleiri fyrirhuguð álver og virkjanir á okkar fallega landi.
Þegar ég sé hvernig við erum að fórna einu stærsta víðerni Evrópu, hálendi Íslands, undir virkjanir, raflínur og álver.
Að tapa mikilvægum handboltaleik.

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON, ÞJÁLFARI MEISTARAFLOKKS KARLA HJÁ FRAM.

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## VISSIR ÞÚ...

...að árásin á Pearl Harbor fór fram 7. desember 1941?

...að árásina skipulagði aðmírállinn Isoroku Yamamoto?

...að hann hafði miklar efasemdir um gildi árásarinnar?

...að orðin: „I fear all we have done is to awaken a sleeping giant and fill him with a terrible resolve," sem honum eru eignuð eru upprunalega úr Hollywood myndinni Tora! Tora! Tora!

...að í árásinni tóku þátt sex flugmóðurskip með 423 flugvélum?

...að aldrei áður hafði jafn stór flugher tekið þátt í einni orustu?

...að flugmóðurskipunum sex fylgdu 23 önnur skip, þar á meðal tvö stór orustuskip?

...að auk þeirra voru 25 kafbátar sem áttu að hindra að nokkurt skip gæti flúið Pearl Harbor?

...að árásin átti að vera þríþætt?

...að Japanar hættu hins vegar við þriðju bylgjuna af ótta við mannfall og að upp kæmist um stöðu flota þeirra?

...að þetta, og sú staðreynd að ekkert af þremur flugmóðurskipum Bandaríkjamanna í Kyrrahafi var í höfn, varð Bandamönnum til happs?

...að í árásinni eyðilögðust átján bandarísk herskip, þar af fimm orustuskip?

...að einnig eyðilögðust 188 herflugvélar? 155 til viðbótar skemmdust.

...að 2.403 bandarískir hermenn létust í árásinni?

...að um helmingur þeirra lést er orustuskipið Arizona sprakk og sökk?

...að einnig létust 68 almennir borgarar? Margir þeirra dóu er skothylki bandaríska loftvarnarbyssa féllu aftur niður á Honolulu.

...að Japanar misstu 64 hermenn í árásinni?




Hreinsar loftið | Eyðir lykt | Drepur bakteríur
Opið 10-18 alla virka daga 12-16 á laugardögum
Skúlagötu 63 - 105 Reykjavík
Nánari upplýsingar á www.ecc.is og í síma 511 1001
ECC

vísir VEF TV
NFS Í BEINNI Á VISIR.IS
35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.
Auglýsingasími 550 5000.
NFS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# undið hægi á hagvexti




**HLAUPINN ÞÚSUNDKALL** Fólk hefur minna á milli handanna gangi eftir spár um aukna verðbólgu um leið og vextir í landinu hækka. Markaðurinn/Teitur

**„Afkoma fyrirtækja í flestum helstu atvinnugreinum er góð og fer batnandi og staða útflutnings-, samkeppnis- og hátæknigreina hefur styrkst verulega með þeirri gengisaðlögun sem orðið hefur að undanförnu," segir forsætisráðherra ... „Skuldir ríkissjóðs hafa enn fremur minnkað verulega og eru nú óvíða minni en hér á landi, eða sem nemur um 7,5 prósentum af landsframleiðslu í árslok 2005. Sambærileg tala árið 1995 var 35 prósent af landsframleiðslu."**




**DAVÍÐ ODDSSON** Davíð, sem er formaður bankastjórnar Seðlabankans, fór yfir horfur í efnahagsmálum í ræðu á ársfundi bankans fyrir helgi. MARKAÐURINN/STEFÁN

lífinu. „Verkefni bankans er naumast að kalla fram samdrátt í efnahagslífinu. Verkefnið er að hægja á og að helstu þættir hagstjórnar styðji heildstætt við verðbólgumarkmiðið. Bankinn hlýtur að vera að senda ríkisvaldinu skilaboð um að rifa seglin áður en stýrivextir fara upp úr öllu valdi meira en orðið er," segir hann og telur þörf á að staldra við og meta hér heildstætt samhengið í hagstjórninni. „Allt þarf þetta skoða í ljósi þess að stýrivextir hér eru komnir algjörlega úr samhengi við stýrivexti í heiminum, en þeir eru 4,5 prósent í Bandaríkjunum og 2,5 prósent á evrusvæðinu." Hann segir ýmsa hafa bent á að hér ríki misvægi í hagstjórn sem birtist í að Seðlabankinn berjist nánast einn gegn verðbólgu meðan aðrir opinberir aðilar virðist láta sér fátt um finnast. „Það hlýtur að verða að íhuga stöðu opinberra útgjalda og framkvæmda. Eins þarf að íhuga ábyrgð gagnvart því að kynda undir væntingum sem gegna mikilvægu hlutverki í efnahagslífinu," segir hann. Ólafur bendir á að vegna komandi sveitarstjórnarkosninga standi nú sveitarstjórnarmenn frammi fyrir miklum freistingum og verði að gæta sín sérstaklega. „Þarflegt væri að hafa hugfast að engin þjónusta sem sveitarfélögin veita er í eðli sínu gjaldfrjáls, heldur kallar hún á samdrátt á öðrum sviðum eða hærri skatta."

Ólafur segir að gæta þurfi að samhenginu í opinberum ákvörðunum. „Á sama tíma og ríkið stofnar til mikilla framkvæmda og útgjalda hafa ítrekaðar stýrivaxtahækkanir Seðlabankans leitt af sér verulegan vaxtamun gagnvart útlöndum, hækkandi gengi lengst af og þungar byrðar á útflutningsatvinnuvegi og sprotagreinar. En um leið hefur þetta háa gengi og miklar framkvæmdir leitt af sér viðskiptahalla sem víðast myndi teljast óviðunandi og sem kann að rýra traust á íslensku efnahagslífi." Þessa stöðu segir hann virðast hafa verið, ásamt ríkjandi stefnuviðhorfi í ríkisfjármálum, mikilvæga ástæðu þess að matsfyrirtækið Fitch setti spurningarmerki við lánshæfismat ríkisins í febrúar síðastliðnum.

### ÞJÓÐ Á NEYSLU- OG FJÁRFESTINGARFLUGI

Þrátt fyrir að blikur kunni að vera á lofti taldi Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í ræðu sem hann hélt á ársfundi Seðlabankans stöðu efnahagsmála vera trausta, eins og hún blasti við um þessar mundir. „Afkoma fyrirtækja í flestum helstu atvinnugreinum er góð og fer batnandi og staða útflutnings-, samkeppnis- og hátæknigreina hefur styrkst verulega með þeirri gengisaðlögun sem orðið hefur að undanförnu," segir hann og telur um leið ástæðu til að gleðjast yfir efnahagslegri velferð undangenginna ára. Þar benti hann meðal annars á að frá árinu 1995 hafi hagvöxtur verið yfir 60 prósent sem jafngildi um 4,5 prósenta hagvexti á ári hverju allt tímabilið. „Slíkur hagvöxtur er nær einsdæmi í okkar samkeppnislöndum," segir hann og bendir á að um leið hafi kaupmáttur heimilanna aukist um meira en 60 prósent, sem þekkist hvergi í nágrannaríkjum okkar. „Skuldir ríkissjóðs hafa enn fremur minnkað verulega og eru nú óvíða minni en hér á landi, eða sem nemur um 7,5 prósentum af landsframleiðslu í árslok 2005. Sambærileg tala árið 1995 var 35 prósent af landsframleiðslu."

Halldór segir lengi hafa legið fyrir að aukinn hagvöxtur sem rekja megi til mikillar uppbyggingar skapaði spennu í efnahagslífinu og kallaði á aðhaldssamar aðgerðir í peninga- og ríkisfjármálum. „Til þeirra hefur líka verið gripið með myndarlegum hætti. Engu að síður sýndu spár stjórnvalda að búast mætti við aukinni verðbólgu og miklum viðskiptahalla, sérstaklega á árunum 2005 og 2006. Það hefur þess vegna ekki komið á óvart að verðbólgan hafi aukist og viðskiptahallinn sömuleiðis." Hann segir þó hafa komið á óvart hversu mikið viðskiptahalli hafi aukist en rekur þá hækkun til aukinnar einkaneyslu heimilanna. Hana rekur hann til breytinga á lánamarkaði og endurfjármögnunar húsnæðislána heimilanna sem leitt hafi til þess að þjóðin hafi farið á mikið neyslu- og fjárfestingarflug. „Þetta á reyndar ekki bara við um heimilin í landinu því að bæði fyrirtæki og sveitarfélög hafa ráðist í miklar framkvæmdir og fjárfestingar á undanförnum tveimur árum. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga að á sama tíma og þessi þróun átti sér stað hefur ríkið haldið að sér höndum og fjárfestingar ríkisins dregist mikið saman. Þetta var meðvituð ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að halda aftur af innlendri eftirspurn eftir fremsta megni án þess að þurfa að snerta við mikilvæga þætti velferðarþjónustunnar," segir hann en kveður vissulega hafa reynt á þolrif íslenskrar hagstjórnar. „Um það er ekki deilt. Það sem mestu skiptir er að allar spár, ekki einungis frá íslenskum stjórnvöldum heldur ekki síður frá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum auk matsfyrirtækjanna, eru samhljóða um að viðskiptahallinn minnki verulega þegar stórframkvæmdunum lýkur."



## Verðbólga upp fyrir fimm prósent

Greiningardeild Kaupþings banka hefur endurskoðað og hækkað verðbólguspá sína fyrir aprílmánuð. Spáin hljóðar nú upp á 0,85 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs sem er um 0,1 prósentustigs hækkun frá fyrri spá. „Ef spáin gengur eftir fer 12 mánaða verðbólga úr 4,5 prósentum upp í 5,1 prósent í næsta mánuði," segir bankinn og kveður ástæðu hækkunarinnar fyrst og fremst liggja í meiri hækkun eldsneytisverðs, en það hefur hækkað um 9 krónur eða 8 prósent frá því í byrjun mars. Í fyrri spá var gert ráð fyrir 5 prósenta hækkun. Þá gerir greiningardeildin ráð fyrir heldur meiri hækkun á matvöru en áður. „En gengi krónunnar hefur veikst um 5 prósent síðan fyrri spá var gefin út sem hefur ýtt upp eldsneytis- og matvælaverði."

# Apple lagar iPod

Bandaríska tæknifyrirtækið Apple gaf á miðvikudag í síðustu viku út uppfærslu á hugbúnaði fyrir iPod Nano-spilara og nýrri gerðir sem kemur í veg fyrir að hægt sé að stilla tónlist of hátt í spilurunum.

Forsvarsmenn fyrirtækisins viðurkenndu að um galla hefði verið að ræða í spilurunum, sem hefði orðið til þess að tónlist hefði mælst yfir hávaðamörkum, eða 100 desíbilum, í spilurunum. Hefði það getað valdið notendum þeirra varanlegum heyrnarskaða. Að þeirra sögn geta foreldrar, sem hafa áhyggjur af iPod-notkun barna sinna, eftirleiðis stillt styrk spilarans á þann hátt að ekki er hægt að spila tónlist í þeim yfir ákveðnum mörkum. Gagnrýnendur Apple segja fyrirtækið ekki hafa stigið nógu stórt skref því enn eigi eftir að búa til uppfærslur fyrir eldri gerðir iPod spilara. **-jab**



**IPOD NANO SPILARI** Notendur spilaranna eru sagðir hafa átt á hættu að hljóta varanlegt heyrnartjón.



**TÖLVUTEIKNUÐ MYND AF NEW HORIZON** Geimfarið mun koma til reikistjörnunnar Plútó eftir 10 ár og eyðast upp að því loknu.

# New Horizon á áætlun

Vísindamenn bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, segja að könnunarfarið New Horizon sé í góðu lagi og á áætlun. Könnunarfarinu var skotið á loft frá Canaveral-höfða á Flórída í Bandaríkjunum 19. janúar síðastliðinn og er búist við að það komi til reikistjörnunnar Plútó árið 2015. Allt frá því að farinu var skotið á loft hafa prófanir farið fram á verkfærum New Horizon en þau munu m.a. kanna geimryk og fleira tengdu Plútó. Þegar verkefninu lýkur heldur farið áfram til Kuipersbeltisins, smástirnasvæðis sem talið er að hafi myndast vegna áhrifa frá Júpíter, Satúrnusi, Úranusi og Neptúnusi, og er við jaðar sólkerfisins. Þar mun New Horizon að líkindum eyðast upp eins og fyrri könnunarför sem gaumgæft hafa fjarlægar reikistjörnur. **-jab**

# Tengdir inn í annan heim

## Menn eru jarðsungnir með farsíma, vararafhlöðu, tóbak og aðra hjartfólgna hluti.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Æ fleiri óska eftir því að farsímar þeirra verði grafnir eða brenndir með þeim. Að sögn breska markaðsrannsóknafyrirtækisins The Future Laboratory, sem fylgst með málinu, hófst þessi tíska í Suður-Afríku fyrir nokkrum árum. Hún hefur dreifst til fleiri landa, m.a. Írlands, Ástralíu, Ghana og Bandaríkjanna.

Martin Raymond, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að þessi háttur hafi byrjað sem sögusögn í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þar trúi fólk því að galdramenn og nornir geti lagt á það álög sem felist í því að það falli í dá og virðist látið. „Fólkið óskaði eftir því að símarnir væru settir í kisturnar svo það gæti hringt í aðstandendur ef það vaknaði í gröfinni," sagði Raymond og benti á að í öðrum löndum vildi fólk að hjartfólginn hlutur yrði grafinn með því. Þar væri farsíminn efstur á blaði.

Þá hafa fleiri hlutir verið grafnir með fólki, s.s. skartgripir, úr og jakkaföt. Benti Raymond á að í einu tilfelli hefði maður á Írlandi óskað eftir því að vera grafinn með sígarettupakka og eldspýtur.

Raymond sagði að fyrirtækið hafi byrjað að kanna þessar nýtískulegu greftrarvenjur eftir að líkbrennsla í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum tók eftir óvenjulegum sprengingum í líkbrennsluofninum. „Þegar rafhlaða í farsímum hitnar þá springur hún," sagði Raymond og benti á að svo virtist sem farsímar hefðu verið settir í vasa látins fólks án vitneskju útfararstofunnar. Hafi útfararstofur í Bandaríkjunum brugðið á það ráð að setja farsíma látins fólks ofan á ösku þess að líkbrennslu lokinni. Frá Suður-Afríku er það að frétta að útfararstjórar hafa tekið upp á því að láta vararafhlöður í kistur látinna manna til að koma í veg fyrir að þeir vakni upp við þann vonda draum í gröfinni að rafhlaða farsímans er tóm.



**FARSÍMI MEÐ LYKLABORÐ** Fólk tekur farsíma með sér hvert sem er. Sumir taka þá með sér í gröfina.

# Engin .xxx á klámsíðum

Icann-samtökin, sem hafa yfirumsjón með lénum á netinu, ákváðu á föstudag að fresta enn á ný öllum áætlunum um að setja .xxx endingar aftan við klámsíður á netinu. Síðustu fjögur árin hafa samtökin haft uppi áætlanir um þessa mjög svo viðeigandi endingu á vefsíðum en hafa margoft þurft að fresta ákvörðun sinni.

Með ákvörðuninni á föstudag virðist sem loku sé fyrir það skotið að endingin líti nokkurn tíma dagsins ljós.

Með .xxx endingunni er horft til þess að auðveldara verði að finna klámsíður og og búa til þröskulda til að koma í veg fyrir að börn og óstálpaðir netverjar fari óvart inn á þær. Þá segja samtökin að með breytingunni verði hægt að koma böndum á ruslskeytasendingar og aðrar óværur sem fylgja gjarnan komum á klámsíður á netinu. **-jab**



**KONA SKOÐAR NETIÐ** Með . xxx endingunni er vonast til að komið verði í veg fyrir að netverjar álpist óvart á klámsíður.




VOLVO S40 | VOLVO V50 | VOLVO S60 | VOLVO V70 | VOLVO S80 | VOLVO XC70 AWD | VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn". Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursseiginleika. Volvo XC70.

## Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

## Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

SÖGUHORNIÐ

# Sérvitur auðjöfur andast

Í dag eru liðin 30 ár síðan bandaríski sérvitringurinn og auðjöfurinn Howard Hughes lést, 71 árs að aldri. Hughes fæddist í Houston í Texas á aðfangadag árið 1905. Faðir hans, Howard Hughes eldri, auðgaðist umtalsvert af uppgötvun sinni, olíubor sem hægt var að nota á óaðgengilegum stöðum. Stofnaði hann fyrirtækið Hughes Tool Company í tengslum við uppfinningu sína.

Howard Hughes yngri var ekki hár í loftinu þegar hann lýsti því yfir að hann ætlaði að verða besti golfleikari, flugmaður og kvikmyndaframleiðandi í heimi. Hann gekk í nokkra af merkustu skólum Bandaríkjanna um ævina en entist ekki yfir námsbókunum og þurfti faðir hans því oftsinnis að fá inni fyrir drenginn í nýjum skólum. Foreldrar Howards létust þegar hann var 17 ára og erfði hann nokkur auðæfi við fráfall þeirra.

Eitt af því fyrsta sem Howard gerði eftir andlát foreldranna var að halda til kvikmyndaborgarinnar Hollywood og hefjast handa við framleiðslu kvikmynda. Kvikmyndamógúlunum leist hins vegar ekki vel á kauða þar eð litið var á hann sem ríka strákinn með peninga foreldranna. Hughes lét það ekki standa í vegi fyrir sér og framleiddi, samdi og leikstýrði 28 kvikmyndum um ævina, þar á meðal Scarface, sem Brian de Palma endurgerði árið 1983 með Al Pacino í aðalhlutverki.

Hughes hefur ekki síður verið minnst fyrir flugvélaáhuga hans. Setti hann á laggirnar fyrirtæki í eigin nafni sem þróaði og framleiddi flugvélar auk þess sem hann sló margsinnis hraðamet í flugi.

Í kjölfar flugslyss og áverka sem Hughes hlaut árið 1946 ánetjaðist hann verkjastillandi lyfjum. Andleg líðan hans fór hrakandi og dró hann sig að mestu í hlé frá umheiminum á sjötta áratug síðustu aldar til dánardægurs. Margar sögur eru til af undarlegu háttarlagi auðjöfursins á þessum árum. Bjó hann m.a. á hótelum víða um Bandaríkin og var á stöðugu flakki milli staða uns hann fann sér heimili. Þá erfði hann bensínstöðvareiganda að stórum hluta auðæfa sinna fyrir að koma sér til hjálpar.



**HOWARD HUGHES** Auðugur sérvitringur sem setti sér stór markmið á unga aldri.

Hughes var á leið frá heimili sínu í Mexíkó til sjúkrahúss í Houston í Bandaríkjunum 5. apríl árið 1976 þegar flugvél hans brotlenti með þeim afleiðingum að hann lést. Sjálfskipuð einangrun hans hafði gert hann nær óþekkjanlegan og þurfti bandaríska alríkislögreglan að bera fingraför hans saman við gögn stofnunarinnar til að bera kennsl á lík hans.

Við krufningu á líki auðjöfursins kom ýmislegt í ljós. Þjáðist Hughes m.a. af vannæringu og nýrnabilun auk þess sem mikið magn af verkjastillandi lyfjum greindist í blóði hans. Þá fundust brotnar nálar í handleggjum hans.

Nafn Howards Hughes skaust upp á stjörnuhimininn á ný árið 2004 þegar ítalskættaði leikstjórinn Martin Scorcese gerði kvikmyndina Aviator, sem fjallaði um 17 ár í sögu Hughes, eða allt frá því hann leikstýrði fimmtu kvikmynd sinni árið 1930 og þar til hann flaug flugvél sinni Blue Spruce árið 1947. Hlaut Scorsese fimm Óskarsverðlaun fyrir myndina.

a Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

NÝR VÖRULISTI FRÁ BROS




BROS
Síðumúla 33 • 108 Reykjavík • Sími 581 4141 • sala@bros • www.bros.is



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Vafasamt er að ríkisdrifinn hagvöxtur sé sá æskilegasti:

# *Skyndibitahagvöxtur af stóriðjuframkvæmdum*

**Hafliði Helgason**

Það kannast margir við þá stöðu að hafa ekki sinnt innkaupum til heimilisins og þegar hungrið sverfur að er gripið til skyndibita sem hvorki hefur bragðgæði né hollustu í samanburði við góða heimilismáltíð.

Að sumu leyti hefur íslenskt hagkerfi verið eins og einstaklingur sem sífellt gleymir að kaupa inn. Hann verður að borða, en efast má um að hann lifi sérlega hollu lífi.

Núverandi ríkisstjórn hefur lagt mikið kapp á nýtingu auðlinda og stóriðjufjárfestingar. Á ársfundi Seðlabankans hvatti Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra greiningardeildir banka til að reikna út hagvöxt komandi ára, án fjárfestinga í stóriðju. Í þessari hvatningu er sýn á framtíðina sem byggir á því að ef ríkið stuðli ekki að erlendri fjárfestingu, þá muni ríkja kreppa.

Þessari sýn hefur verið svarað og það af greiningardeild banka. Greiningardeild KB banka sýndi fram á með rökum að þessi sýn á hagvöxtinn er villandi. Villan felst í því að forsætisráðherra gefur sér að enginn sköpunarmáttur sé í samfélaginu. Það er, að þjóðin nýti ekki svigrúmið í hagkerfinu til þess að skapa ný verðmæti.

Slakinn í hagkerfinu býr til tækifæri og svigrúm fyrir sprotafyrirtæki. Að undanförnu hafa slík fyrirtæki liðið fyrir sterka krónu og ruðningsáhrif af stóriðjufjárfestingum. Leiða má rök að því að uppbygging í greinum sem gefa meira af sér líði einmitt fyrir núverandi atvinnustefnu.

Stóriðjan er ekki nauðsynleg til hagvaxtar og almennt séð er fjárfesting með stuðningi ríkisins líklegri til að gefa minna af sér en fjárfestingar einkaaðila.

Ákvarðanir um uppbyggingu stóriðju á landsbyggðinni eru því tæpast hagstjórnarmál. Þær eru tilfærsla hagvaxtar frá einu svæði til annars. Ákvarðanirnar eru byggðapólitískar en grundvallast ekki á því að byggja upp hagvöxt. Hættan er sú að ákvarðanir sem teknar eru á slíkum forsendum geri ekki sömu kröfur um arðsemi og ákvarðanir einkafyrirtækja myndu gera.

Andri Snær Magnason rithöfundur hefur nýverið sent frá sér bókina Draumalandið, sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Sú bók er athyglisvert innlegg í orðræðu um sköpun og virkjun krafta sem búa í mannauðnum, fyrir utan að vera vel skrifuð og vel unnin.

Hlutverk stjórnmálamanna er að búa svo um hnúta að við nýtum þann sköpunarmátt sem býr í samfélaginu. Það er best gert með öflugu menntakerfi, almennt hagstæðu rekstrarumhverfi og hvetjandi aðstæðum fyrir frumkvöðla. Þá væri verið að kaupa hollt og gott í matinn í stað þess að skjótast dag eftir dag og fá sér pylsu með öllu.

**Andri Snær Magnason rithöfundur hefur nýverið sent frá sér bókina Draumalandið, sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Sú bók er athyglisvert innlegg í orðræðu um sköpun og virkjun krafta sem búa í mannauðnum, fyrir utan að vera vel skrifuð og vel unnin.**

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

# Eru „þeir“ að kaupa eða selja?

**ORÐ Í BELG**



**Þórður Pálsson,** forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka

Samkvæmt kenningum fjármálafræðinnar er verð sérhverrar eignar jafnt væntu tekjustreymi hennar núvirtu með ávöxtunarkröfu jafn áhættusamrar fjárfestingar. Það að verðmeta eign eins og hlutabréf er því fræðilega séð ákaflega einfalt. Í „praxis“ vandast málið hins vegar þar sem hvorki sjóðstreymið né ávöxtunarkrafan eru þekkt!

Þessi eðlislæga óvissa skýrir hvers vegna eignamarkaðir sveiflast jafn mikið og raun ber vitni. Reyndar hafa rannsóknir bandaríska hagfræðingsins Roberts Shillers sýnt fram á að verð hlutabréfa hefur sveiflast miklu meira á hverjum tíma en breytingar á arðgreiðslum næstu árin á eftir eða vaxtastig gáfu tilefni til. Líkön hagfræðinnar, þótt þau kunni að gefa ágæta vísbendingu um jafnvægisverð eigna yfir löng söguleg tímabil, veita litla innsýn í sveiflur markaðarins til skamms tíma.

**DÝRSLEGAR HVATIR**

Þekking okkar á skammtímasveiflum á markaði er það sem mætti kalla forvísindaleg, því í dag höfum við enga haldbæra þekkingu á hvað veldur þessum miklu skammtímasveiflum. Okkur er tamt að segja að sálfræðin stjórni markaðnum og markaðurinn sé jákvæður eða neikvæður. Jafnvel sú fullyrðing er „mystísk“ í þeim skilningi að hún virðist gera ráð fyrir að markaðurinn hafi sál, nema auðvitað að átt sé við að markaðurinn spegli einhvers konar meðalstemningu þátttakenda á honum. Ef svo er, er hins vegar ljóst að spurningin hefur einungis verið endurorðuð þar sem því hefur ekki verið svarað hvers vegna þátttakendur á markaði eru skyndilega orðnir bjartsýnni eða svartsýnni en áður.

Hagfræðingurinn John Maynard Keynes líkti ákvörðunartöku fjárfesta við dýrslegar hvatir eða „animal spirits“. Þrátt fyrir að okkur skorti þekkingu á skammtímasveiflum á markaði hindrar það okkur ekki í setja fram skýringar. Algengasta skýringaraðferð mannsins á fyrirbærum sem hann ekki þekkir er að ætla viðkomandi fyrirbæri mannlega eða dýrslega eiginleika, eins og Keynes var ef til vill að ýja að. Fyrr á tímum fól þetta í sér að maðurinn gæddi hvers kyns náttúruleg fyrirbæri eiginleikum dýra eða manna eins og sjá má til dæmis í ýmsum fornum trúarbrögðum. Á verðbréfamarkaði velta menn hins vegar sjaldan fyrir sér hvað reiti sjóinn eða skóginn til reiði, en verja þeim mun meiri tíma í að skeggræða hvað „markaðurinn“ ætli sér og rugla þannig saman líkingamáli og veruleika.

**ÞEIR**

Önnur skýring sem stundum heyrist á markaðinum eru hinir alkunnu „þeir“ sem ýmist eiga að vera að hækka eða lækka markaðinn, yfirleitt í þeim tilgangi að hafa fé af þeim sem ekki fara að ráðum sögumanns. „Þeir“ taka reyndar stundum á sig vinalegri mynd og verða að „stóru fjárfestunum“ eða jafnvel „fagfjárfestunum“. Nánari lýsingar á hverjir tilheyra „þeim“ er hins vegar erfiðara að verða sér úti um, eða þá hvernig „þeir“ komu sér saman um að standa að þessum hrekkjum. Það læðist jafnvel að manni sá grunur að þetta séu hinir sömu „þeir“ og hljómsveitin Þeyr söng um í laginu Þeir í upphafi 9. áratugarins. Lagið hófst á eftirfarandi erindi:

*Þeir stjórna New York jafnt*
*sem Hveragerði*
*Þeir stjórna bjórneyslu og*
*bensínverði*
*Þeir stjórna sídd á pilsum og*
*hæð á skóm*
*Þeir stjórna klerkum í Íran*
*og páfum í Róm*

Ein leið til að kanna tilvist „þeirra“ og óskeikulleika eru rannsóknir á hvernig almenningi tekst til við fjárfestingar sínar. Fræðimenn hafa rannsakað þetta efni um nokkuð langt skeið í Bandaríkjunum. Helstu niðurstöður hin síðari ár hafa reyndar verið þær að árangur í fjárfestingum sé í öfugu hlutfalli við hversu virkir fjárfestar eru. Það er, því oftar sem fjárfestar kaupa og selja, þeim mun verri ávöxtun ná þeir að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar.

Önnur rannsókn sem varpar kannski frekara ljósi á tilvist „þeirra“ og hrekkvísi, eru rannsóknir á svokölluðum „odd lots“ sem eru viðskipti með færri en 100 hluti í einu. Það eru í öllum líkindum í flestum tilfellum viðskipti einstaklinga þar sem ætla má að „þeir“ versli yfirleitt með lotustærðir þar sem það er hagkvæmara. Árið 1975 rannsakaði Michael S. Rozeff gögn yfir „odd lot“-viðskipti frá tímabilinu 1904-1972 í Bandaríkjunum og kannaði hvort hægt hefði verið búa til viðskiptaáætlanir til að hagnast á hegðun „litlu fjárfestanna“. Niðurstaða hans var að svo væri ekki.

Næst þegar við heyrum hreyfingar á markaði skýrðar með því að nú séu það „litlu fjárfestarnir“ sem séu að kaupa eða selja á meðan „þeir“ bíði átekta, þá ættum við að staldra við. Er ekki nefnilega að minnsta kosti jafn líklegt að „þeir“ séu að spá í bjórneyslu og bensínverð og að „þeir“ eyði tíma sínum í að glepja okkur?

*Vegna mistaka í síðasta blaði vantaði niðurlag greinarinnar og er hún því endurbirt nú í réttri lengd.*



**UM VÍÐA VERÖLD**

## *Hvíta ógnin í Kína*

**Economist** | Breska viðskiptatímaritið The Economist gerir ótta Kínverja við erlenda fjárfesta að umfjöllunarefni í nýjasta tölublaði sínu. Í blaðinu segir að ríkisblaðið China Industry hafi síðastliðna fjóra mánuði fjallað ítarlega um yfirtöku erlendra fyrirtækja á kínverskum fyrirtækjum en það hefur eftir sérfræðingum að með yfirtökunni missi Kínverjar hluta af mikilvægum kjarnafyrirtækjum sem fyrri kynslóðir hafi byggt upp í landinu. Munu fjárfestingar erlendra aðila hafa orðið umtalsefni á kínverska þinginu fyrr á árinu en þingmenn voru sammála um að takmarka verði fjárfestingarnar með einhverjum hætti. Kínverjar hafa síðastliðinn áratug reynt að laða erlend fyrirtæki og fjárfesta til landsins, t.d. með ýmiskonar ívilnunum. Greiða erlendir fjárfestar t.d. 15 prósenta tekjuskatt en kínverskir 33 prósent. Búist er við að þingið geri breytingar á skattalöggjöfinni á næstunni sem kveði á um flatan 25 prósenta skatt sem gildi jafnt fyrir erlenda fjárfesta og innlenda í Kína.

## *Hagnaður í hundana*

**Forbes** | Bandaríska fjármálatímaritið Forbes fjallar um gengi fyrirtækja í Bandaríkjunum sem sérhæfa sig í vörum fyrir gæludýr í nýjasta tölublaði sínu. Hefur tímaritið eftir samtökum framleiðenda í gæludýrageiranum að Bandaríkjamenn hafi eytt 35,9 milljörðum dala í dýrin á síðasta ári. Stærstu fyrirtækin hafi hins vegar orðið fyrir skakkaföllum á síðasta ári, ekki síst vegna hækkana á eldsneytisverði. Hafi hækkanirnar orðið til þess að neytendur hafi í auknum mæli leitað eftir ódýrum mat fyrir dýr sín og farið til lágvöruverslana í innkaupaleiðangur í stað þess að kaupa dýrari gæðafæði. Hafi hagnaður stærstu fyrirtækja í gæludýrageiranum því dregist saman um allt að 44 prósent á síðasta ári. Hagnaður fyrirtækjanna hefur hins vegar batnað nokkuð á þessu ári, að sögn tímaritsins. Bendir það til þess að neytendur hafi jafnað sig á eldsneytishækkunum og séu farnir að opna veski sín á gátt líkt og áður.

Vildarþjónusta fyrirtækja



Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

- Greiðsluþjónusta – frí fyrsta árið
- Hærri innlánsvextir
- SPH innkaupakort þér að kostnaðarlausu

sph 550 2000 | www.sph.is

ARGUS 06-0052

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Forvarnir á skrifstofunni

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Þegar skrifstofuhúsnæði ber á góma í forvarnaumræðu virðast flestir á þeirri skoðun að skrifstofan sé öruggur staður. Það kann að vera rétt í ákveðnum tilfellum, í það minnsta hvað varðar líf og heilsu starfsfólks. Þegar kafað er dýpra koma oftar en ekki í ljós brotalamir hvað varðar öryggið. Það er að ýmsu að huga varðandi þær hættur sem steðja að rekstri skrifstofa. Hið augljósa er bruni og innbrot og jafnvel vatnstjón, en eru aðrar hættur?

Það sem breyst hefur hvað mest á síðastliðnum árum er sá tölvu- og tæknibúnaður sem skrifstofur notast við. Þessi búnaður verður æ mikilvægari fyrir reksturinn og geymir oft og tíðum bróðurpart þeirra gagna sem unnið er með. Sú hætta sem steðjar að rekstri sem er að miklu eða öllu leyti byggður á tölvugögnum og búnaði hefur aukist samhliða aukinni tæknivæðingu fyrirtækja. Innri bilun tölvubúnaðar og tap mikilvægra gagna eru áhættur sem fyrirtæki þurfa nú að horfast í augu við, ekki síður en bruna, innbrot og vatnstjón og kostnaðurinn vegna þessara tjóna er síst minni.

Gagnatap og innri bilanir tölvubúnaðar eru algengustu tjónin sem eiga sér stað í rafeindabúnaði og geta orðið af ýmsum ástæðum, og eins og gefur að skilja eru þessir þættir nátengdir. Til dæmis eru helstu orsakir gagnataps bilun í vél og/eða hugbúnaði eða í um 60% tilfella. Mannleg mistök koma svo í kjölfarið og eru orsök í um 30% tilfella.

Þær aðferðir sem hægt er að notast við til að minnka áhættu á tjónum af þessu tagi er til dæmis að taka öryggisafrit af tölvugögnum daglega og geyma á öruggum stað. Þetta er talinn sjálfsagður hlutur í dag en oftar en ekki eru afritin bara geymd við hlið tölvubúnaðarins eða í skrifborðsskúffu. Öryggisafrit þarf helst að geyma í öðru húsnæði, í það minnsta í eldtraustum skáp og einnig þarf t.d. að gæta vel að því að öryggisafrit séu ekki geymd nálægt segulmögnuðum hlutum því það er oft nóg til að eyðileggja afrit.

Reglulegt og fyrirbyggjandi viðhald tölvubúnaðar er einnig sjálfsögð aðferð til að takmarka tjón af þessu tagi. Viðhaldssamningur og hýsing gagna hjá viðurkenndum aðila sameinar þessa kosti og getur jafnframt leitt til hagræðingar í rekstri.

Eigendur fyrirtækja þurfa að hafa í huga að eignir fyrirtækisins hafa oft aukist frá því trygging var fyrst tekin. Þegar fyrirtæki vaxa og dafna aukast eignir þeirra og umsvif oftast nær, tækni hefur fleygt fram og er orðin mun þýðingarmeiri í rekstri, starfsfólki kann að hafa fjölgað og jafnvel blasa við þeim aðrar áhættur en í upphafi var búist við. Um leið og fyrirtæki skoða mögulegar forvarnir gagnvart tjónum þurfa þau að huga að því að þau séu vernduð gegn mögulegum tjónum af því tagi sem nefnd eru hér að framan.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér raunveruleg dæmi um tjón gagnageymslumiðla og gagnagrunnatryggingu geta nálgast þau á heimasíðu Sjóvá, www.sjova.is. Þar er einnig að finna ábendingar um forvarnir á þessu sviði.

**Guðjón Ýmir Lárusson**
fulltrúi á fyrirtækjasviði Sjóvá



MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

414 1717

Hringdu í Microsoft þjónustulínu Tölvulistans og fáðu upplýsingar um notendaleyfi fyrir þitt fyrirtæki




Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

VISSIR ÞÚ AÐ
Þú færð nýjustu útgáfur af Office og Windows ásamt fleiri forritum frá aðeins 1.500 kr. á mánuði*

Fáðu hlutlaust og óháð mat á Microsoft leyfismálum fyrir þitt fyrirtæki. Láttu okkar sérfræðinga finna hagkvæmustu leiðinna fyrir þig. Án allra skuldbindinga.

HRINGDU NÚNA Í SÍMA 414 1717

*Verð er án VSK og miðað við leigusamning fyrir fimm tölvur eða fleiri

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

AURASÁLIN

# Hvað kostar sálarró?

**Allt frá því að Aurasálin** hóf skrif hér í þetta blað hefur Kauphallarmarkaðurinn brunað beinustu leið upp á við þrátt fyrir viðvaranir Aurasálarinnar um að allt væri á niðurleið. Allt frá því að Úrvalsvísitalan rauf þrjú þúsund stiga múrinn hefur Aurasálin varað við því að óraunhæfur æsingur hefði gripið um sig á fjármálamörkuðum og hrun væri yfirvofandi.

**Úrvalsvísitalan** er komin niður fyrir sex þúsund!

**Nú er spádómurinn að rætast**: Sól tér sortna, sígur markaður í mar, hverfa af himnir heiðar stjörnur. Geisar krónan við aldurnara, leikur hár hiti við Seðlabanka sjálfan.

**Þetta skilja þeir** fáir í Kauphöllinni, enda halda þeir flestir að Völuspá sé eitthvað sem er birt í Vikunni í desember. En þeir skilja rauðu tölurnar á skjánum og þekkja muninn á því þegar línan fer upp og þegar hún fer niður. Og nú fer hún niður og bónusarnir líka. Nú eru þeir allir hættir að panta Cayenne á Ebay og farnir að telja saman hvort þeir eigi fyrir bæði afborgunum og bensíni út árið. Sic transit gloria mundi.

**En eins og ítrekað** hefur komið fram í þessum pistlum þá stendur Aurasálin óhögguð þrátt fyrir ágjöf á markaðinum. Hún hefur aldrei trúað á fjármálageirann og keypti hvorki jeppa né land í hinni svokölluðu uppsveiflu síðustu ára. Aurasálin er nákvæmlega jafnblönk og hún hefur alltaf verið – en hún þarf þó ekki að grenja yfir því að hagur hennar hafi versnað. Í huga Aurasálarinnar er hin stöðuga og þögla eymd betri heldur en stöðugar sveiflur ofsakætis og vonleysis.

**Stöðugleiki er það ástand** sem Aurasálin kann best. Breytingar eru sjaldnast til góða og gildir þá einu um hvort þær eru góðar eða slæmar. Þetta gildir um hlutabréfaverð eins og annað. Þess vegna vill Aurasálin helst kaupa hlutabréf sem halda nákvæmlega gildi sínu þannig að hægt sé að ganga að þeim vísum en þurfa ekki að velta fyrir sér þirrandi hækkunum eða lækkunum. Hvað stoðar það manninn að eignast milljónir í pappírshagnaði en fyrirgjöra sálarró sinni?

**Nei – það er ekki á vísan að róa** í Kauphöll Íslands. Sum árin tvöfaldast bréfin en stundum hækka þau bara um 50 prósent. Þessi íslenski markaður er óútreiknanlegur.

# Alþjóðlegt andrúmsloft í MBA-námi

**Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur boðið upp á meistaranám (MBA) í viðskiptafræðum í fimm ár. Námið hefur þróast mikið og er í sífelldri endurskoðun. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson tók hús á þeim Finni Oddssyni, forstöðumanni MBA námsins, og Jóni Ormi Halldórssyni, dósent við skólann, og kynnti sér námið.**



FINNUR ODDSSON OG JÓN ORMUR HALLDÓRSSON Fjöldi fyrirtækja hefur litið dagsins ljós eftir MBA-nám í HR.

Kennsla í MBA-námi í viðskiptafræði hófst við Háskólann í Reykjavík árið 2001, þremur árum eftir stofnun skólans. Um er að ræða almennt stjórnunar- og rekstrarnám á meistarastigi sem ætlað er einstaklingum með háskólapróf sem vilja styrkja stjórnunar- og leiðtogahæfileika sína. Markmiðið er að þjálfa nemendur í rekstri og stjórnun fyrirtækja. Ein af áherslum í MBA-náminu er að þróa hæfileika hvers og eins til að stjórna og reka fyrirtæki í síbreytilegum heimi, búa nemendur undir aukna ábyrgð og leiðtogahlutverk í fyrirtækjum og stofnunum. Námið er fjórar annir; tvær fyrstu eru grunnnám en nemendur geta valið um sérhæfingu á fjármála-, mannauðsstjórnunar- og stjórnunarsviðum á hinum tveimur. Finnur segir náminu hafa verið tekið einkar vel frá upphafi og bendir á að horft hafi verið til þess að nemendur hafi reynslu af framkvæmd náms af þessu lagi stjórnun.

## REYNSLA SKILYRÐI

140 nemendur hafa verið útskrifaðir með MBA-gráðu í viðskiptafræðum frá HR á síðastliðnum fimm árum. Í vor útskrifast rúmlega 50 nemendur og verða þeir því alls um 200 talsins. „Miðað við fjölda útskriftarárganga og útskrifaðra nemenda þá höfum við mesta reynslu af framkvæmd náms af þessu tagi hér á landi," segir Finnur.

Umsóknum í MBA-nám hefur fjölgað ár frá ári en síðastliðin tvö ár hafa á bilinu 120 til 130 sótt um námið. Um 50 þátttakendur eru teknir inn í MBA-námið ár hvert. „Þetta stífa val gerir það að verkum að á hverju ári byrjar afar sterkur hópur nemenda í MBA-náminu, sem er ein forsenda gæða slíks náms" segir Finnur. Jón Ormur bendir á að HR leggi áherslu á að taka inngöngu inn nemendur með mikla eða verulega reynslu úr atvinnulífinu. Þetta gefi kost á því að nemendur leggi skerf af reynslu sinni á vogarskálar námsins og læri hver af öðrum. Finnur tekur undir þetta og bætir við að kennari í MBA-námi sé á stundum nær því að vera í hlutverki umræðustjórnanda en kennara í hefðbundnum skilningi. Þá víkki það sjónarhornið og dýpki námið að taka fólk inn í skólann með reynslu úr atvinnulífinu. „Þeir sem hafa kennt stjórnendum vita vel að það erfiðasta sem þeir lenda í er að kenna þeim stjórnun sem hafa enga reynslu af henni," segir hann og bætir við að lögð sé rík áhersla á þátttöku allra nemenda í náminu.

Almennt séð eru til þrjár gerðir af MBA-námi. Í fyrsta lagi fullt nám og í öðru lagi hlutanám, sem dreifist yfir lengri tíma. Þriðji kosturinn er svokallað „Executive" MBA, eins og HR býður upp á, en þar geta nemendur sinnt námi með vinnu. „Við kennum á hefðbundnum önnum, aðra hverja helgi frá hádegi á fimmtudegi til laugardagseftirmiðdags," segir hann. Jón Ormur tekur undir að allir nemendurnir séu í vinnu meðfram náminu, sumir þeirra í mjög krefjandi starfi við stjórnun fyrirtækja og stofnana. Því sé eðlilegt að þeim finnist álagið mikið á stundum.

Að sögn Jóns Orms eru tengsl atvinnulífs og náms kostur. Bendir hann á að þegar hann fjalli um dæmi úr alþjóðaviðskiptum í tímum sínum þá sé það oft raunin að einhver nemenda þekki þau og geti bætt við upplýsingum. „Það er næstum alltaf einhver sem hefur unnið hjá fyrirtækinu sem ég tek fyrir eða þekkir þannig til að hann getur farið nákvæmlega í gegnum dæmið. Þannig geta nemendur verið kennarar í leiðinni," segir Jón og ítrekar að kennarar í MBA-náminu verði að gleyma því að þeir viti allt því nemendur geti ætíð lumað á betri upplýsingum.

Finnur tekur undir að þetta form sé mjög skemmtilegt því kennarinn fái mikið til baka.

## ALÞJÓÐLEGAR ÁHERSLUR

Finnur segir að þótt MBA-námið við HR sé alþjóðlegt þá sé það sérstaklega sniðið að þörfum íslenskra stjórnenda og sérfræðinga. „Það er alls ekki sérstaklega hugsað fyrir Íslendinga sem vilja starfa erlendis heldur fyrir þá sem ætla sér að takast á við krefjandi verkefni, óháð því hvar þeir ætla að búa. Í okkar litla samfélagi og viðskiptalífi, sem stöðugt fær á sig alþjóðlegri brag, er nauðsynlegt að draga þekkingu frá útlöndum, víkka sjóndeildarhringinn og styrkja þannig okkar fólk. Þetta gerum við með því að kenna á ensku, fá framúrskarandi erlenda sérfræðinga til kennslunnar og gefa nemendum tækifæri til að stunda nám með erlendum kollegum. Þetta er í raun eina færa leiðin fyrir skóla sem er ætlað að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs."

MBA-nám er kennt í yfir 1300 skólum í allt að 130 löndum víða um heim. Til að gefa dæmi um fjölda nemenda í einhverju þessara landa segir Finnur að ár hvert útskrifist um 90.000 til 100.000 nemendur með MBA-gráðu í Bandaríkjunum. Svo virðist sem ekkert bendi til að ætli að draga úr eftirspurn eftir fólki með þessa menntun að baki. Jón Ormur bendir á að nemendum í MBA-námi hafi stórfjölgað annars staðar, s.s. í Miðaustur-Asíu, Indlandi og Japan. Þá er tiltölulega stutt síðan MBA-nám hófst í Evrópu. „Þýsk stórfyrirtæki tóku sig saman og ýttu af stað þessari tegund menntunar og nú eru nokkur verkefni á borð við MBA-námið hér komin af stað þar," segir hann og bendir á að gífurleg eftirspurn sé eftir nemendum með þessa gráðu. Hins vegar sé MBA-námið jafn misjafnt eftir löndum og þau eru mörg, að sögn Jóns.

Háskólinn í Reykjavík hefur átt í ágætu samstarfi við IESE-viðskiptaháskólann í Barcelona á Spáni, sem er meðal virtustu viðskiptaskóla í heimi samkvæmt flokkun tímaritanna Forbes, Fortune og Economist. Fjórir gestakennarar koma frá IESE með reglulegu millibili og kenna nemendum í MBA-náminu í HR. Auk þeirra koma kennarar frá London Business School í Bretlandi, Richard Ivy School of Business, Boston University og Columbia University í Bandaríkjunum. Þeir Finnur og Jón Ormur eru sammála um að framúrskarandi kennarar séu það sem geri MBA-námið í HR samkeppnishæft. „Með því að koma með góða kennara hingað jafnast námið á við það að senda nemendurna í bestu skóla í heimi," segir Jón Ormur. Hafi það verið spursmál hvort betra hefði verið að ýta nemendunum til bestu viðskiptaháskóla í öðrum löndum eða ýta náminu úr vör hér á landi.




## Árangur MBA-námsins

Fjölmargir einstaklingar hafa stofnað fyrirtæki að MBA-námi loknu frá HR. Eftirtalin eru nokkur fyrirtæki sem litu dagsins ljós:

- Ávaxtalausnir
- Betri lausnir
- Birta vefauglýgingar
- Kvikmyndir.is
- Pizza Hut
- Sjöfn
- Sumarferðir
- Tónlist.is


Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

„Við getum núna sagt nemendum með góðri samvisku að við séum að kenna þeim eins vel og ef þeir færu í bestu skóla erlendis vegna þess að við erum með kennara frá þessum skólum,“ segir Jón Ormur en bætir við að ef Íslendingur er valinn í kennarahópinn þá er það ekki vegna þess að er ekki fáist útlendur kennari heldur út af því að hann er meðal þeirra fremstu á sínu sviði. Finnur bendir á að um helmingur kennara í MBA-náminu séu útlendingar og stór hluti Íslendingar sem búa erlendis. Þeim til viðbótar kenna í náminu sérfræðingar frá HR auk leiðbeinenda úr atvinnulífinu, sem sérstaklega eru fengnir til kennslu vegna reynslu og sérfræðiþekkingar. Nefnir Finnur Jónas Fr. Jónasson, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, sem kennir viðskiptalögfræði í náminu.

Sjálfur býr Jón Ormur í Berlín í Þýskalandi en hann kemur reglulega hingað til lands gagngert til að kenna alþjóðaviðskipti við skólann.

**ÓDÝR KOSTUR**

Tveggja ára MBA-nám við HR kostar 2,5 milljónir króna. Finnur bendir á að námið sé ekki dýrt, miðað við þann kost að fara í sambærilega skóla í öðrum löndum. Nemendur sem fara utan verða án tekna í eitt til tvö ár. Auk skólagjalda, sem séu mishá, þurfi viðkomandi svo að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Í HR geti sá hinn sami verið í vinnu með námi og því sé kostnaðaraukinn langt í frá jafnhár og ef hann yrði færi nemandinn utan. Þá er MBA-námið lánshæft og lánar Lánasjóður íslenskra námsmanna fyrir skólagjöldum nemenda við HR.





*Er þörf á strangari samkeppnisreglum í smærri hagkerfum, þar sem samþjöppun er mikil og fákeppni algeng?*

*Á að brjóta upp markaðsráðandi fyrirtæki?*

*Er krosseignarhald fyrirtækja vandamál?*

*Hver eru árangursríkustu tæki stjórnvalda til að takast á við afleiðingar aukinnar fákeppni?*

*Hver er reynsla annarra ríkja?*

*Hverjar eru áherslur Samkeppniseftirlitsins?*

Ráðstefnan er haldin þann 7. apríl 2006,
frá kl. 8.00 til 11.15 á Nordica hótel, Suðurlandsbraut 2.
Fer fram á ensku.
Boðið verður upp á léttan morgunverð.

Skráning fer fram á nýrri heimasíðu Samkeppniseftirlitsins,
WWW.SAMKEPPNI.IS
Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir
að skrá sig fyrir kl. 16.00, 6. apríl nk.
Aðgangseyrir er 3.000 kr.
Greiðsluseðill verður sendur á greiðanda.

DAGSKRÁ

8.15 Ávarp viðskiptaráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur.

8.30 Frummælendur.
John Kallaugher, lögmaður og gestaprófessor við University College London, og Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

9.40 Kaffihlé.

9.50 Sjónarhorn norrænna samkeppnisyfirvalda.
Finn Lauritzen, forstjóri Konkurrencestyrelsen í Danmörku, Knut Eggum Johansen, forstjóri Konkurransetilsynet í Noregi, Claes Norgren, forstjóri Konkurrenstilsynet í Svíþjóð, og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

11.15 Ráðstefnulok.

Fundarstjóri er Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000






KYNNINGARFUNDUR
6. apríl kl. 17:15 að Ofanleiti 2

- Alþjóðlegt MBA nám á Íslandi
- Framúrskarandi kennarar
- Námið fer fram á ensku
- Námskeið í erlendum háskólum með öðrum MBA nemendum
- Sterkur hópur nemenda
- Tækifæri til starfsnáms í útlöndum

Það er hörð samkeppni um sæti í MBA námi HR, aðeins um helmingur umsækjenda kemst inn. Við mat á umsækjendum eru gerðar kröfur sem lúta að menntun og reynslu. Valnefnd skoðar umsóknargögn og metur út frá þeim og viðtölum við umsækjendur, hverjum þeirra skuli boðin skólavist. Markmiðið er að setja saman sterkan hóp nemenda með fjölbreyttan bakgrunn og víðtæka reynslu.
**Fyrri umsóknarfrestur er 18. apríl 2006.**

Inntökuskilyrði eru B.A./B.Sc. próf, a.m.k. þriggja ára starfsreynsla og góð enskukunnátta.

Nánari upplýsingar eru á **www.ru.is/mba**

MBA
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • SÍMI: 599 6200

HB GRANDI

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 7. apríl 2006 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík, og hefst hann kl. 17:00.

Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins.

2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.

3. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund.
Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins www.hbgrandi.is.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skriflegt beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

FABRIKAN

# Tollalækkanir Íslands og ESB

Tollar á ýmsum landbúnaðarvörum verða felldir niður í viðskiptum á milli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) 1. janúar á næsta ári í kjölfar samkomulags þar um. Búist er við að það leiði til verðlækkunar á innfluttum landbúnaðarafurðum hér á landi.

Í Stiklum, vefriti utanríkisráðuneytisins, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem samkomulag sem þetta sé gert á grundvelli 19. greinar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Tollfrjáls lambakjötskvóti hækkar úr 1.350 tonnum í 1.850 tonn og ESB fær tollfrjálsan kvóta til Íslands fyrir 25 tonnum af kartöflum og 15 tonnum af rjúpum. Þá kveður samkomulagið á um gagnkvæman 15 tonna tollfrjálsan kvóta á pylsum. ESB fær 20 tonna innflutningskvóta fyrir osta til Íslands og Ísland fær á móti 20 tonna kvóta fyrir útflutning á smjöri til ESB-ríkja. Tollar á jólatrjám, frosnu grænmeti, þurrkuðum matjurtum, sætum kartöflum og ávaxtasafa falla niður um áramótin auk innflutningstolla á lifandi hestum, hreindýrakjöti í heilum og hálfum skrokkum, tómötum, agúrkum og vatni, sem falla einnig niður.

Heilbrigðisreglur koma í veg fyrir innflutning á lifandi hestum. - jab



**INNFLUTT JÓLATRÉ** Búist er við að innfluttar vörur frá ESB-ríkjum lækki í verði eftir næstu áramót.

# LSR rauf 200 milljarða múrinn

Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna (LSR) varð fyrsti lífeyrissjóðurinn sem fór yfir 200 milljarða eignamúrinn á síðasta ári. Samkvæmt heimildum Markaðarins námu hreinar eignir sjóðsins um 220 milljörðum í árslok en uppgjör sjóðsins birtist á næstu vikum.

Síðasta ár var lífeyrissjóðnum, sem öðrum lífeyrisjóðum og fjárfestum, einkar farsælt sem rekja má að miklum hluta til mikillar hækkunar á innlendum hlutabréfamarkaði. Hreinar eignir LSR námu tæplega 180 milljörðum í árslok 2004 og hækkuðu því um meira en fjörutíu milljarða á síðasta ári.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er annar stærsti lífeyrissjóður landsins en hreinar eignir sjóðsins námu tæpum 192 milljörðum króna í árslok.

Yfir 36.000 sjóðfélagar greiða til LSR. - eþa

# Milestone hagnast

Hagnaður fjárfestingafélagsins Milestone, sem er í eigu Karls Wernerssonar, varaformanns stjórnar Glitnis, og fjölskyldu hans, nam tæpum 14 milljörðum króna fyrir árið 2005. Árið einkenndist af miklum fjárfestingum og breytingum á efnahagsreikningi félagsins og hlutafé félagsins var aukið um 857 milljónir að nafnvirði eða ríflega 7,6 milljarða að markaðsvirði.

Stærstu eignir Milestone eru hlutabréf í Glitni og Sjóvá Almennum tryggingum hf. en félagið keypti 66,6 prósenta hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í apríl 2005. Í lok árs var hlutur samstæðunnar í Glitni 2.296,4 milljónir króna. Í janúar 2006 keypti samstæðan hlutabréf í Glitni að nafnvirði 510,7 milljónir króna og tók þátt í hlutafjárútboði þar sem keypt voru hlutabréf að nafnvirði 162,4 milljónir króna.

Eigið fé móðurfélagsins var í upphafi árs rúmlega 2,9 milljarðar króna en eigið fé samstæðunnar í lok árs nam ríflega 23,6 milljörðum. Að teknu tilliti til innborgunar hlutafjár á árinu nam arðsemi eigin fjár á árinu 2005 ríflega 210 prósentum. Eiginfjárhlutfall móðurfélagsins í lok ársins var 44,5 prósent og samstæðunnar ríflega 28 prósent. - hhs



**KARL WERNERSSON** Fer fyrir Milestone ásamt systkinum sínum.

## FÓLK Á FERLI

**Hjördís Árnadóttir** hefur verið ráðin til starfa hjá Innri og ytri samskiptum Actavis Group hf. og tekur til starfa í þessum mánuði. Hjördís mun vinna að ímyndarmálum félagsins á Íslandi og erlendis auk þess að bera ábyrgð á vefsíðum og útgáfu ýmiss konar kynningarefnis félagsins. Hjördís er fréttamaður að mennt, með BA-próf í ljósvakamiðlun frá University of Southern California í Los Angeles í Bandaríkjunum. Þá er hún menntaður íþróttakennari frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni. Um þessar mundir er Hjördís í meistaranámi við Háskóla Íslands í alþjóðasamskiptum með áherslu á alþjóðaviðskipti og fjölmenningu. Síðustu ár hefur Hjördís unnið hjá IMG. Þar hefur hún haft umsjón með starfsþróun og þekkingarmiðlun innan fyrirtækisins, umsjón með vefsvæðum IMG og annast ritstjórn á útgefnu efni. Hjördís var um árabil íþróttafréttamaður og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV. Hjördís var fyrsta íslenska konan til að starfa sem íþróttafréttamaður í fullu starfi og sú eina til þessa dags til að eiga sæti í stjórn Samtaka íþróttafréttamanna. Hún var flugfreyja hjá Flugfélaginu Atlanta frá 1996 til 2003.



**Svenn Dam** var í byrjun mánaðarins skipaður forstjóri og varastjórnarformaður 365 Media Scandinavia A/S. Félagið er í eigu Dagsbrúnar hf. Svenn ber ábyrgð á uppbyggingu fjölmiðlastarfsemi í Danmörku auk þess að kanna ný viðskiptatækifæri á sviði fjölmiðlunar á Norðurlöndunum. Hann hefur starfað í fjölmiðlum í fjöldamörg ár og hefur reynslu af stjórnun fyrirtækja, bæði á dönskum markaði og alþjóðlegum.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



ERTU Í STELLINGUM
FYRIR STÓR VERKEFNI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnirfjarmognun.is.

GLITNIR



**JOHN FREDRIKSEN** Með kaupum Icelandic Group á Jeka Fish A/S fer fyrirtækið í samkeppni við norska athafna- og auðmanninn John Fredriksen.

# Icelandic Group gegn Fredriksen

Með kaupum Icelandic Group á öllu hlutafé í danska fyrirtækinu Saltur A/S, sem á allt hlutafé í Jeka Fish A/S í Danmörku, hefur fyrirtækið farið í beina samkeppni við norska athafna- og auðmanninn John Fredriksen, ríkasta mann Noregs, sem á 48 prósenta hlut í Pan Fish, 25 prósent í Fjord Seafood auk alls hlutafjár í norska laxeldisfyrirtækinu Marine Harvest, sem er stærsta laxeldisfyrirtæki í heimi með starfsemi í átta löndum.

Jeka Fish hafði nýverið gengið frá kaupum á Atlantic Cod A/S og verða félögin sameinuð á árinu. Fyrirtækin reka saman tvær saltfiskvinnslur í bænum Lemvig á Jótlandi í Danmörku.

Norska dagblaðið Dagens Næringsliv vitnaði til danska viðskiptadagblaðsins Børsen í gær og segir að með kaupunum hafi Icelandic Group í hyggju að verða stærsti framleiðandi sjávarafurða í heiminum. Fari það með áætlunum sínum í beina samkeppni við norska athafnamanninn, að sögn blaðsins. - jab









# Stóraukinn áhugi á fjárfestingum í Kína

**Hvert er hlutverk ÍKV?**
Meginhlutverk Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins er að hafa forgöngu um og stuðla að auknum viðskiptum milli Íslands og Kína. Í þeim tilgangi miðlar ÍKV viðskiptasamböndum landanna á milli, tekur á móti sendinefndum frá Kína, skipuleggur ferðir á vörusýningar þar eystra og vinnur að kínverskum vörusýningum á Íslandi. ÍKV stendur auk þessa reglulega fyrir félagsfundum og opnum fundum/ráðstefnum í þeim tilgangi að koma á framfæri upplýsingum um ástand og þróun viðskipta í löndunum tveimur.

**Fjölgar þeim sem leita til ÍKV vegna fjárfestinga í Kína?**
Þeim fjölgar mikið sem leita til ÍKV vegna fjárfestinga og almennra ráðlegginga um fyrstu skrefin í viðskiptum við Kína. Við urðum vör við stóraukinn áhuga í kjölfar þess að forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Kína í fyrra, en sem kunnugt er fylgdi honum stærsta viðskiptasendinefnd sem nokkurn tíma hefur farið frá Íslandi.

**Hvar liggja helstu tækifærin í viðskiptum milli landanna?**
Tækifærin eru mörg á smásölumarkaði í Kína. Eins og staðan er núna eru 10 stærstu fyrirtækin á smásölumarkaði með minna en 2 prósenta markaðshlutdeild. Erlendir aðilar eru farnir að kaupa hluti í kínverskum fyrirtækjum í þeim tilgangi að hasla sér völl á markaðnum. Fjöldi lágvöruverslana, súpermarkaða og verslanakeðja mun aukast mjög á næstunni.

**Er fyrirsjáanleg aukning í viðskiptum Íslands og Kína?**
Það er allt sem bendir til að viðskipti milli landanna muni aukast. Viðskiptahallinn er mikill Íslendingum í óhag sem er vegna þess að mikil eftirspurn er eftir kínverskum vörum hér á landi. Verð þeirra er eins og menn vita mjög vel samkeppnishæft. Á sama tíma er margt sem bendir til þess að áhugi Íslendinga á beinum fjárfestingum í Kína sé að aukast.

**Hvernig er hægt að laða Kínverja að Íslandi?**
Fyrst og fremst með því að efla enn frekar skipulagðar viðskiptaheimsóknir bæði frá Íslandi til Kína og öfugt. Að því er varðar ferðaþjónustuna þá þarf að fjölga kínverskumælandi leiðsögumönnum og hafa kort og merkingar á kínversku. Þá mun óhjákvæmilega þurfa að fjölga kínverskum veitingastöðum til að geta sinnt þeim aukna fjölda kínverskra ferðamanna sem munu sækja okkur heim á næstu árum.

**Hvað einkennir viðskiptahætti Kínverja?**
Mjög mikil varkárni fyrst í stað. Kínverjar leggja mikið upp úr því að hitta hæstráðandi stjórnendur og þá skipta titlar og formlegheit miklu máli. Kínverjar taka sér góðan tíma til að loka samningum og vilja helst hitta viðskiptafélaga sína þrisvar til fjórum sinnum áður en samningar eru endanlega gerðir. Því er ekki hægt að mæla með að stofna til viðskipta við Kínverja á grundvelli tölvupóstsamskipta eingöngu.

TÖLVUPÓSTURINN

## Til Andrésar Magnússonar

*framkvæmdastjóra FÍS, Kínversk- og Indversk-íslenska verslunarráðanna*



**Er kínverski markaðurinn opinn erlendum aðilum?**
Almennt má segja að kínverskur markaður sé opinn. Það sem mun þó skipta sköpum um þróun í viðskiptum milli Íslands og Kína á næstunni, er hvort samningar um fríverslun milli ríkjanna náist, en könnunarviðræður um það standa nú yfir milli stjórnvalda í ríkjunum tveimur. Náist samningar um fríverslun yrði Ísland fyrsta vestræna ríkið til að gera slíkan samning við Kína og slíkt myndi gjörbreyta öllum viðhorfum í viðskiptum milli landanna. Það mun væntanlega koma í ljós seinni hluta þessa árs, hvort slíkir samningar náist.

**Mælir eitthvað gegn fjárfestingum í Kína?**
Ýmislegt bendir til þess að verðbólga muni vaxa í Kína á næstu árum. Gengi kínverska gjaldmiðilsins er í raun handstýrt í þeim tilgangi að skapa eftirspurn eftir innlendum vörum og til þess að halda hagvexti uppi. Mikilvægt er fyrir alla þá sem stunda viðskipti við Kínverja að fylgjast vel með hvernig þessi mál þróast á næstu mánuðum og misserum.

**Náist samningar um fríverslun yrði Ísland fyrsta vestræna ríkið til að gera slíkan samning við Kína og slíkt myndi gjörbreyta öllum viðhorfum í viðskiptum milli landanna.**



FRAMSÖGUMENN Á MORGUNVERÐARFUNDI ÍSLENSK-KÍNVERSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS ÁTTU ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ TELJA ÝMSA FJÁRFESTINGAMÖGULEIKA LEYNAST Í KÍNA Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Glitnis í Ameríku og Asíu, Bjartur Logi Yeshen, alþjóðafulltrúi Viðskiptaháskólans á Bifröst, og Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska verslunarráðsins, hlusta á Stein Lárusson, svæðisstjóra Icelandair í Asíu.

# Miklu meira en upprunaland fyrir ódýrar vörur

Á morgunverðarfundi Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins var fjallað um þau miklu fjárfestingartækifæri sem leynast í Kína. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* sat fundinn þar sem reynslusögur voru sagðar.

Enginn vafi leikur á um að Kína verður stærsta hagkerfi heimsins á næstu áratugum. Undanfarin 25 ár hefur þar verið 9 prósenta hagvöxtur og eru það að miklu leyti erlendar fjárfestingar og starfsemi erlendra fyrirtækja sem knýja hann áfram. Um þriðjungur landsframleiðslunnar er til kominn frá erlendum aðilum. Það er ekki Íslendinga háttur að láta tækifærin renna sér úr greipum og hafa viðskipti milli Íslands og Kína aukist statt og stöðugt undanfarin ár.

Margir skynja Kína sem lokað land en ræðumenn á fundi Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins voru sammála um að landið sé nokkuð opið fyrir erlendum fjárfestingum og tiltölulega auðvelt sé að eiga þar viðskipti. Öðruvísi hafi horft við til langs tíma og á því byggist misskilningurinn en opnun markaðarins sé stór ástæða þess að erlend fyrirtæki eru að flykkjast til Kína.

### MEIRA EN UPPRUNALAND FYRIR ÓDÝRAR VÖRUR

Eitt þeirra íslensku fyrirtækja sem hefur verið að hasla sér völl í Kína er Glitnir. Í máli Magnúsar Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Glitnis í Ameríku og Asíu, kom fram að Kína er margt annað en upprunaland fyrir ódýrar vörur. Stóra tækifærið í Kína, og það sem muni skapa fyrirtækjum stórkostlegt samkeppnisforskot í framtíðinni, sé að ná sér stöðu á kínverska markaðnum og vaxa svo með honum inn í framtíðina.

MÁLIÐ ER

## Fjárfestingar í Kína

Glitnir hefur verið að byggja upp viðskipti við Asíu undanfarin sex til tíu ár og nú stendur til að opna skrifstofu í Shanghai í haust. Áætlanir Glitnis snúast enn sem komið er ekki um að ná í kínverska viðskiptavini heldur að koma sér fyrir á þessum risamarkaði framtíðarinnar, vera í nálægð við viðskiptavini sem þegar eru með starfsemi þar og að vera á staðnum þegar fyrirtæki frá heimamörkuðunum, Íslandi og Noregi, hefja sína sókn inn á markaðinn. Dæmi um nýlegt verkefni bankans eru kaup Bakkavarar á kínverska salatfyrirtækinu Creative Foods. Í tengslum við kaupin stofnuðu Bakkavör Asia og Glitnir félagið Bakkavör China og á Glitnir 40 prósenta hlut í því.

### KÍNVERSKUM FERÐAMÖNNUM FER FJÖLGANDI

Ferðalögum Kínverja hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár. Til að mynda fóru 3,7 milljónir Kínverja úr landi árið 1993 en tíu árum síðar var sú tala komin í 30 milljónir. Árið 2003 var gerður samningur 11 Schengen-landa við Kína sem gerði það að verkum að þeir gátu farið að ferðast til Evrópu. Áhuginn var greinilega fyrir hendi og komu 7 til 8 prósent þeirra sem fóru úr landi árið 2005, eða um 2 milljónir, til Evrópu.

Árið 2005 komu hingað til lands um 8.000 Kínverjar og gerir Icelandair, sem hefur verið að þreifa fyrir sér í Kína frá árinu 2001, ráð fyrir um 20 prósenta aukningu kínverskra ferðamanna árlega. Steinn Lárusson, sölustjóri fyrir Asíu hjá Icelandair, fjallaði á fundinum um fyrstu skrefin í Kína og hvaða leiðir Icelandair hefur farið til að vekja athygli Kínverja á Íslandi.

### SKORTUR Á KÍNVERSKUMÆLANDI ÍSLENDINGUM

Icelandair hefur að miklu leyti til kynnt Ísland fyrir Kínverjum í samstarfi við Skandinavíulöndin. Meðal þeirra fjárfestinga sem Icelandair hefur farið út í er útgáfa á kynningar- og fræðsluefni af ýmsu tagi. Félagið hefur jafnframt staðið fyrir ferðum blaðamanna og ljósmyndara hingað til lands til að auka við þær upplýsingarnar sem fyrir hendi eru í Kína um Ísland.

Steinn segir það afar mikilvægt að allt kynningarefni fyrir Kínverja sé á kínversku og hann segir jafnframt mikinn skort á kínverskumælandi leiðsögumönnum á Íslandi. Þar að auki vanti hér kínversk veitingahús, matseðlar þurfi að vera til á kínversku og kort þurfi að gera á kínversku af helstu viðkomustöðum ferðamanna. Hann segir að nánara mið þurfi að taka af sérþörfum hins dæmigerða kínverska ferðamanns til að hann vilji koma hingað til lands. „Hinn dæmigerði kínverski ferðamaður er í kringum fimmtíu ára, hann ferðast í hóp, stoppar í tvo til þrjá daga, dvelur á tveggja til þriggja stjörnu hótelum, borðar á kínverskum veitingahúsum, fer ekki á barinn, kemst ekki upp á Holtavörðuheiði og kemur hingað í fimmtu eða sjöttu ferð sinni til útlanda," sagði Steinn.

### GENGI GJALDMIÐILSINS HALDIÐ NIÐRI

Bjartur Logi Yeshen, alþjóðafulltrúi Viðskiptaháskólans á Bifröst, fjallaði um gjaldmiðil Kína, Renmingbi (RMB), og áhrif gengisins á efnahagsumhverfi Kína. Bjartur sagði ýmislegt benda til að kínversk stjórnvöld héldu genginu vísvitandi lágu til að skapa frekari eftirspurn eftir innlendum vörum, auk þess að halda hagvexti uppi og atvinnuleysi niðri. Þetta valdi því að mikið skammtímafjármagn sé í umferð þar sem vanmetinn gjaldmiðill ýti undir peningaflæði erlendis frá. Þetta mikla innflæði fjármagns kyndi aftur undir þenslu og því sé verðbólguþrýstingur mikill. Samkvæmt sérfræðingum þyrfti gengi að hækka um 15 til 30 prósent til að koma greiðslujöfnuðinum í jafnvægi.

„Utanríkisviðskipti hafa mikla þýðingu fyrir kínverskan efnahag og falskt gengi hefur afar slæm áhrif og elur af sér óöryggi, viðskiptastríð og hefndarhug. Betri gengisstefna er betri fyrir Kína, alþjóðlega efnahagsumhverfið og felur í sér meiri tækifæri fyrir útrásarfyrirtæki," sagði Bjartur.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR


www.1928.is
1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN Í LJÓSUM LIT
FALLEGT FERMINGARSKART Í ÚRVALI
LÁGT VERÐ
Fæst einnig í versluninni Draumalandi Keflavík
Veggkertastjaki ~~KR. 2.500~~ NÚ 1.900
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu 60x60x47cm ~~KR. 15.500~~ NÚ 7.900
Sófaborð með hillu og skúffu 1200x600x470 cm ~~KR. 24.500~~ NÚ 9.900
Funkistóll ~~KR. 29.900~~ NÚ 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu. 54x43x70cm ~~KR. 12.900~~ NÚ 9.900
Glerskápur 47x5x35,5x190cm ~~KR. 29.900~~ NÚ 23.000
Bókaskápur m/ skúffu 80x39x187cm ~~KR. 39.900~~ NÚ 31.000
Sófaborð m/ blaðahillu og skúffu 81x43x55cm ~~KR. 13.900~~ NÚ 11.000
Kommóða 52,5x36x95cm ~~KR. 29.900~~ NÚ 23.000
Náttborð m/ skúffu og blaðahillu 55x39x76cm ~~KR. 19.700~~ NÚ 15.900
Náttborð 40x38x64cm ~~KR. 15.700~~ NÚ 12.900
Kommóða 89x42x90cm ~~KR. 39.000~~ NÚ 31.000
Náttborð 34x30x76cm ~~KR. 15.000~~ NÚ 12.000
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu 83,5x35x76cm ~~KR. 15.900~~ NÚ 12.900
Kollur/ blómaborð 36x30x46,5cm ~~KR. 6.900~~ NÚ 5.500
Innskotsborð 3 saman L 52x45x51cm M 39x39x47cm S 27x33,5x43cm ~~KR. 17.000~~ NÚ 9.900
Gangaborð/ Snyrtiborð 85x42x78cm ~~KR. 23.000~~ NÚ 19.000
80x99x55cm ~~KR. 11.500~~ NÚ 9.000
94,5x61x18cm ~~KR. 16.900~~ NÚ 13.500
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opið: mán-föst 10-18, lau 11-16, sun 13-15

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**101** milljónar króna tap Smáralindar árið 2005.

**0,75** punkta hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands á fimmtudag.

**7,2** milljarða króna vöruskiptahalli í febrúar.

## BANKAHÓLFIÐ



### Skattlandið Danmörk

Dönum er um og ó yfir því hversu hratt Íslendingar fara yfir í dönsku viðskiptalífi. Íslenskir fjárfestar hafa verið stórtækir á dönskum fasteignamarkaði. Eftir ein slík viðskipti voru íslenskir kaupsýslumenn á ferðinni í leigubíl út á Kastrup. Leigubílstjórinn heyrði á tal þeirra og spurði hvaðan þeir væru. Þegar í ljós kom að þeir voru Íslendingar spurði hann strax hvort þeir væru í viðskiptaerindum. „Vi har lige købt det her,“ var svarað á sömu stundu og ekið var fram hjá höfuðstövum danska skattsins. „For helvede, har I købt Skattevæsenet?,“ spurði leigubílstjórinn í forundran. „Ja, nu er det så at I betaler skatten og skatten betaler os,“ var svarið sem hann fékk frá farþega sínum.

### Skrópað í tíma

Forystumenn fjármálalífsins hafa oft lifað skemmtilegri daga. Erlend umræða um fjármálakerfið ríður nú húsum í fjölmiðlum um allan heim, þar sem hver étur upp eftir öðrum fullyrðingar sem verða margar að teljast frekar vafasamar. Ekki fór leynt að hér heima var talsverð óánægja með það sem menn í fjármálakerfinu kölluðu einhliða fréttaflutning Morgunblaðsins. Á árum áður kallaði ritstjóri Moggans menn í viðskptalífinu á sinn fund, ýmist til skrafs og ráðagerða eða til að segja þeim til syndanna. Ritstjóra Moggans þótti því í ljósi látanna tilhlýðilegt að kalla bankastjóra viðskiptabankanna á sinn fund. Sú var tíð að menn hefðu hlýtt slíku kalli, en nú brá svo við að enginn bankastjóranna fann hjá sér þá taug að þeim væri ljúft eða skylt að mæta á slíkan fund.

### Fallandi hnífur

Þrátt fyrir að umræðan um íslenskt efnahagskerfi sé að mörgu leyti byggð á hæpnum forsendum er hún farin að valda búsifjum hjá einhverjum. Þannig hefur hlutabréfamarkaðurinn fallið að undanförnu. Staðan virðist á margan hátt svipuð og þegar markaðurinn lækkaði ellefu daga í röð í október 2004. Smærri aðilar seldu og lýsingin var sú að ástandið væri eins og fallandi hnífur. Það þorir enginn að grípa hann og stærri fjárfestar bíða þess að hann stingist í gólffjalirnar, áður en hann er tekinn upp. Hvenær það gerist veit hins vegar enginn.



# Ráðstefna Nýherja um Business Communication & Collaboration

## Ein áhrifamesta konan í bandarísku atvinnulífi mætir til leiks

Business Communication & Collaboration er heiti á ráðstefnu sem Nýherji stendur fyrir 6. apríl nk. Aðalfyrirlesari er Karyn Mashima, Senior Vice President, Strategy & Technology hjá Avaya, sem mun fjalla um hvernig nýjungar á sviði samskiptatalausna kalla á ný viðskiptamódel.

Um er að ræða einstaklega áhugaverðan fyrirlesara en Karyn hefur verið útnefnd af viðskiptatímaritum vestanhafs sem ein áhrifamesta konan í bandarísku viðskiptalífi enda hefur hún gegnt stjórnendastöðum hjá Xerox, Hewlett-Packard, AT&T og Lucent Technologies auk Avaya.

Auk Karyn munu háttsettir stjórnendur hjá IBM, Microsoft og Avaya flytja fyrirlestra um samspil samvinnulausna og framþróunar, framleiðni starfsmanna, viðskiptatengsla og hagræðingu í rekstri fyrirtækja.

Ráðstefnunni lýkur með fyrirlestri Hjartar Þorgilssonar, upplýsingatæknistjóra Icelandair, sem mun fjalla um áskoranir fyrirtækja með dreifða starfsemi.

Efni ráðstefnunnar höfðar því til allra stjórnenda. Ráðstefnan verður haldin á Nordica Hóteli og hefst með skráningu kl. 12:00 og lýkur kl. 17:00 með glæsilegum veitingum.

Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á www.nyherji.is/radstefna eða senda póst á radstefna@nyherji.is

**Þátttökugjald er 5.900 kr.**

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 12:00 - 12:30 | Skráning. |
| 12:30 - 12:40 | Settning, Þorvaldur Jacobsen, Framkvæmdastjóri Kjarnalausna Nýherja. |
| 12:40 - 13:40 | Keynote: Karyn Mashima, Senior Vice President, Strategy & Technology, Avaya. |
| 13:40 - 14:30 | Workplace for the Future: People Productivity for Innovation that Matters, Martha J Mealy, Strategic Marketing Manager for Lotus Software - Industrial Sector. |
| 14:30 - 14:45 | Kaffihlé. |
| 14:45 - 15:35 | CRM and the Information Worker, Kristian Gotch, Microsoft Dynamics CRM Product Manager – EMEA. |
| 15:35 - 16:25 | Making Business Easy and Efficient with Collaboration, Gerard Thornton, VP Sales, EMEA & Asia Pacific, Avaya. |
| 16:25 - 16:55 | Áhrif samvinnulausna á samkeppnishæfni fyrirtækja, Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair. |
| 16:55 - 18:00 | Kokteill og léttar veitingar. |

AVAYA

NÝHERJI

Nýherji hf · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.

Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

# Röng verðbólgumæling á Íslandi?

UMRÆÐAN
VERÐBÓLGA



FRIÐRIK JÓNSSON

*Í vel flestum löndunum í kringum okkur hefur átt sér stað viðlíka hækkun á verði húsnæðis og hér á Íslandi. Samt sem áður hefur það hvergi komið fram í verðbólgutölum viðkomandi landa á jafn afgerandi hátt og hér heima.*

Ekki veit ég hvaða svari blaðamaður Fréttablaðsins bjóst við af yfirhagfræðingi Seðlabankans við gagnrýni Skagen fondene í Noregi á notkun vísitölu með húsnæði innifföldu við verðbólgumat. A.m.k. hefði það orðið stór frétt ef, öndvert við gefið svar, hann hefði játað á bankann mistök og tekið undir að núverandi verðbólgumæling gæfi ranga mynd af eiginlegri íslenskri verðbólgu. Frétt um þetta mátti lesa í Fréttablaðinu fimmtudaginn 29. mars sl. („Segir Seðlabankann taka mið af rangri vísitölu“, bls. 28).

Verðbólgumælingin sem Seðlabankinn styðst við, er eins og svo margt annað í íslensku efnahagslífi, sér-íslenskt fyrirbrigði. Ekkert annað land mælir verðbólgu á nákvæmlega sama hátt og Ísland, og væntanlega gerir ekkert annað land þróun húsnæðisverðs jafn-hátt undir höfði og íslenska verðbólgumælingin.

Skýtur það ekki skökku við, á þessum tímum alþjóðavæðingar og opins flæðis fjármagns, að Ísland noti annan staðal við verðbólgumælingar en t.d. okkar helstu nágranna- og viðskiptaþjóðir? Í vel flestum löndunum í kringum okkur hefur átt sér stað viðlíka hækkun á verði húsnæðis og hér á Íslandi. Samt sem áður hefur það hvergi komið fram í verðbólgutölum viðkomandi landa á jafn afgerandi hátt og hér heima.

Sem dæmi má nefna að í Danmörku er húsnæði inni í verðbólgumælingu, en þar er aðallega byggt á húsaleiguvísitölu, þ.e.a.s. þróun leiguverðs á markaði sem er háður ströngum reglum og leyfum hins opinbera varðandi hækkanir.

Enda hlýtur að vera eðlileg spurning hvort ekki sé réttara að húsnæðisvigt í verðbólgu sé metin út frá þróun leiguverðs og t.d. fjármagnskostnaðar við húsnæðiskaup, frekar en þróun eiginlegs húsnæðisverðs. Flest okkar kaupa jú húsnæði kannski tvisvar til þrisvar yfir ævina, á meðan við velflest greiðum húsaleigu eða afborganir einu sinni í mánuði. Er ekki eilítið verið að blanda saman óskyldum hlutum, þegar verðbólgumat er samsett annars vegar úr neysluvísitölu, sem er í eðli sínu eignarýrnandi vísitala, og hins vegar húsnæðisvísitölu, sem er í eðli sínu eignamyndandi? Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort þróun á verði hlutabréfa á markaði eigi ekki allt eins heima í verðbólgumælingunni eins og húsnæðisvísitalan.

A.m.k. er það svo að hinn mikli munur á íslensku verðbólgunni annars vegar og samræmdu EES-vísitölunni hins vegar hefur vakið athygli á undanförnum árum. Samkvæmt samræmdu EES-vísitölunni er Ísland, merkilegt nokk, ætíð meðal þeirra þjóða sem hafa lægsta verðbólgu á EES-svæðinu, en samkvæmt sér-íslensku verðbólgumælingunni, er Ísland ætíð meðal þeirra þjóða með hæstu verðbólguna. Samræmda EES-vísitalan sleppir alveg húsnæði.

Gallinn við þessa sér-íslensku verðbólgu er sá að þegar Seðlabankinn einblínir á þróun hennar við ákvörðun á skammtímavöxtum getur ýmislegt farið úrskeiðis. Vaxtamunur við útlönd verður óheyrilegur. Gífurlegt innstreymi erlends fjármagns í formi skuldabréfaútgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum, er hún tilkomin vegna Kárahnjúka, eða vegna hávaxtastefnu Seðlabankans? Of hátt gengi íslensku krónunnar síðastliðin ár, er það tilkomið vegna útrásarinnar, eða vegna hávaxtastefnu Seðlabankans? Gífurleg hækkun húsnæðis á Íslandi, er hún eingöngu komin vegna aukins frjálsræðis í lánamálum vegna húsnæðis, eða spilar þar rullu sá gríðarlegi vaxtamunur á milli annars vegar óverðtryggðra skammtímalána og verðtryggðra langtímalána hins vegar? Getur verið að gífurlegur viðskiptahalli undanfarin ár skýrist af hávaxtastefnu Seðlabankans? Að hávaxtastefna Seðlabankans gegn verðbólgu, sem kannski er vitlaust mæld og ofmetin, hafi ýtt undir ójafnvægi annarra þátta efnahagslífsins? Er lækningin verri en sjúkdómurinn?

Getur það verið að hin hefðbundnu tól og tæki Seðlabankans, gömlu formúlurnar og hagfræðitólin, henti ekki lengur nýju íslensku hagkerfi, alþjóðavæddu og opnu? Er tölfræðin farin að verða okkur fjötur um fót? Er kominn tími á uppfærslu? Ekki er heldur hægt að horfa framhjá því að skammtímavextir eru stór kostnaðarþáttur í rekstri sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hár vaxtakostnaður hlýtur því á endanum að velta út í verðlagið. Snýst þar með hávaxtastefna Seðlabankans upp í andhverfu sína og ýtir undir verðbólgu í stað þess að draga úr henni.

*Höfundur er MBA í alþjóðaviðskiptum og MA í alþjóðasamskiptum.*

# Kínverjar styrki krónuna

UMRÆÐAN
GENGI KRÓNUNNAR



LÚÐVÍK GIZURARSON

Þessir nýju einkavæddu bankar okkar eru í vandræðum með að borga til baka stórlán sem þeir hafa tekið erlendis. Vandræðin eru ekki komin nema að hluta en blasa við. Krónan okkar getur fallið úr öllu verði sé ekkert gert. Hún er veikur gjaldeyrir.

Okkur vantar gildan varasjóð sem væri varðveittur í Seðlabanka Íslands til að geta gripið til.

Líklega eru Kínverjar eina þjóðin nógu rík af gjaldeyri og nógu miklir vinir okkar til að geta komið til hjálpar. Við þurfum að geta selt þeim ríkisskuldabréf okkar fyrir nógu háa upphæð sem tryggði alveg gengi okkar krónu.

Lán Kínverja væri varðveitt í Seðlabanka Íslands og aðeins haft sem varasjóður til að forða vanskilum erlendis á skuldum okkar þar. Það væri ekki til meiri eyðslu heldur til að tryggja gengi okkar veiku krónu til dæmis 70 krónur á móti dollar. Engin hætta yrði á að okkar núverandi króna hryndi.

Vinátta okkar við Kínverja hefur vaxið síðustu áratugi. Ábyrgð Kínverja á krónunni okkar að hluta myndi innsigla vináttu okkar við Kínverja enn frekar. Samskipti okkar við Kína og gagnkvæm virðing og vinátta þjóðanna myndi stórvaxa. Allt samt á hreinum viðskiptagrundvelli.


## Lotus Professional
Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Á tilboði í apríl 2006
Skammtarar og tilheyrandi áfyllingar frá Lotus Professional





1.591 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf í hvítu fyrir Lotus WC pappír.



4.778 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon RVS

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf úr ryðfríu stáli fyrir Lotus WC pappír.

3.982 kr.
Lotus enMotion snertifrír skammtari

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6205

Starfsumhverfi framtíðarinnar
- ráðstefna um vísindagarða

Dagsetning: Mánudagurinn 10. apríl 2006

Staðsetning: Hótel KEA, Akureyri



Hönnun og mynd: Hóli

Dagskrá: 10. apríl 2006, kl. 12:15-16:30

Léttur hádegisverður.

Setningarávarp - Valgerður Sverrisdóttir, Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Technology Parks as drivers for Regional Economic Development - John Latham, Pro-Vice-Chancellor for Business Development at Coventry, Director of Coventry University Enterprises Limited, and manager of the University's Technology Park.

The Technology Park as an ingredient of a successful startup business - Nick Rutter, Technology Director, Sprue Aegis plc.

Vísindagarðar á Íslandi - mikilvægi í alþjóðlegu umhverfi - Ingvar Kristinsson, Þróunarstjóri, Landsteinar Strengur

Vísindagarðar við Háskólann á Akureyri - Þorsteinn Gunnarsson, Rektor, Háskólinn á Akureyri.

Ráðstefnuslit – Benedikt Sigurðarson, Stjórnarformaður KEA.

Boðið verður uppá léttar veitingar í lok ráðstefnu

Ráðstefnustjóri: Davíð Stefánsson, ráðgjafi IMG.

Skráning á vefsíðu vaxtarsamnings Eyjarfjarðar á slóðinni www.klasar.is – takmarkaður fjöldi sæta.
Ráðstefnugjald kr. 3000, innifalið í því eru veitingar.

Háskólinn á Akureyri
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
KEA
Vaxtarsamningur Eyjafjarðar

**KURT COBAIN (1967-1994) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Ég vil frekar vera hataður fyrir það sem ég er en elskaður fyrir eitthvað sem ég er ekki.“*

***Heimurinn var harmi sleginn þegar Kurt Cobain, forsprakki hljómsveitarinnar Nirvana, framdi sjálfsmorð.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 5. APRÍL 1614

# *Pochahontas giftist enskum landnema*



Á þessum degi árið 1614 er talið að ameríska indíánastúlkan Pochahontas hafi gifst enska landnemanum John Rolfe. Pochahontas var fædd nálægt borginni Jamestown í Virginíufylki Bandaríkjanna sem þá var einungis landnemabyggð. Hún var dóttir Powhatan, höfðingja Powhatan-ríkisins, og kynntist hvítum landnemum um það leyti sem hún var að verða ellefu ára.

Fyrstu sögur af Pochahontas segja að hún hafi bjargað lífi landnemans Johns Smith með því að henda sér yfir hann og koma þannig í veg fyrir að hann yrði barinn til bana. Þau Smith urðu miklir vinir og fór Pochahontas að venja komur sínar í landnemabyggðirnar og færa hvítu mönnunum gjafir frá ættflokki sínum.

Samskipti innfæddra og landnemanna voru góð á þessum tíma eða þangað til Smith fór aftur til síns heima. Stuttu seinna var Pochahontas tekin höndum og átti að framselja hana í skiptum fyrir enska fanga og afhendingu vopna frá ættbálki hennar. Ekki stóðu landnemarnir við þessi loforð og var Pochahontas gert að taka kristna trú og á meðan hún var í haldi bað John Rolfe um að fá að giftast henni. Þau giftust þennan dag og upp frá því var friður milli landnemanna og ættflokks Pochahontas eða allt þangað til faðir hennar lést.

Pochahontas og Rolfe eignuðust eitt barn en hún lést úr lungnabólgu einungis tuttugu og eins árs gömul.

## MERKISATBURÐIR

**1940** Hægri umferð er samþykkt á Alþingi en lögin voru ekki framkvæmd vegna hernáms Breta sem voru vanir vinstri umferð.

**1948** Lög eru sett um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins en á þeim lögum byggðist úfærsla fiskveiðilögsögunnar.

**1968** Aldurstakmörk kosningaréttar lækka úr tuttugu og einu ári í tuttugu.

**1971** Söngleikurinn Hárið er frumsýndur í Glaumbæ.

**1986** Flugvél á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur hrapar í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi með þeim afleiðingum að fimm farast.

**1992** Umsátrið um Sarajevo hefst með morðinu á friðarsinnanum Suada Dilberovic.

## FERNANDO GERMANI: HUNDRAÐ ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI

# Orgelleikari og Íslandsvinur

Hundrað ár eru í dag liðin frá fæðingardegi orgelleikarans fræga, Fernando Germani. Germani var ítalskur en tengdist Íslandi mjög sterkum böndum. Hann kenndi tveimur íslenskum orgelleikurum, hélt tónleika hér á landi ásamt því að nótnasafn hans er í eigu Fernando Germani-félagsins á Íslandi. Haukur Guðlaugsson, fyrrum söngmálastjóri Íslensku þjóðkirkjunnar, er formaður félagsins en hann var nemandi Germanis og góður vinur hans.

„Germani var afskaplega lítillátur og reiddist ekki neinu. Hann var mjög tengdur Íslandi og talaði oft um að við hefðum ekki hugmynd um hvað við byggjum í góðu landi,“ segir Haukur. Röð tilviljana varð þess valdandi að draumur Hauks rættist – að komast í nám til Fernando Germani.



**HAUKUR GUÐLAUGSSON OG FERNANDO GERMANI** Sitja hér í djúpum samræðum á heimili Germanis árið 1989. Myndin er úr einkasafni Hauks.

„Það var erfitt að komast í samband við Germani og endaði með því að ég var fyrst við nám í Þýskalandi í fimm ár. Þegar ég kom heim lifði þessi gamli draumur alltaf áfram. Eitt sinni kom svo Karel Paukert að leika á orgelið í Akraneskirkju og ég sagði honum að mig hefði alltaf dreymt um að læra hjá Germani. Hann reyndist vera persónulegur vinur Germanis og ég vissi ekki fyrr en ég var kominn með bréf í hendurnar þar sem Germani sagði að ég gæti komið.“

Fernando Germani hafði þá verið orgelleikari við Péturskirkjuna í Róm og kennt í virtum skólum beggja megin Atlantshafsins ásamt því að hafa farið í stórar tónleikaferðir. „Þegar ég var hjá honum var hann kennari við konservatoríið Santa Cecilia í Róm. Við vorum aðeins fjórir nemendur hjá honum og hann kenndi okkur þrisvar í viku, einn píanótíma en hinir tveir dagarnir voru fyrir orgelið.“

Eftir að Haukur lauk námi sínu hélt hann góðu sambandi við Germani sem varð til þess að hann gerði sér ferð til landsins til að leika á nokkrum tónleikum. „Þegar hann kom til Íslands lék hann meðal annars í Kristskirkju en það sem var sérstakt við þá tónleika er að orgelið bilaði á þeim miðjum. Germani þurfti að finna út augabragði hvernig hann gæti notað hljóðfærið þannig að bilunin kæmi ekki að sök. Það gerði hann svo meistaralega að enginn tók eftir neinu,“ segir Haukur sem lætur fylgja sögunni að eftir tónleikana hafi meistarinn verið afar þreyttur.

Þegar Germani var hættur að spila voru allar nóturnar hans keyptar hingað til Íslands og eru nú í vörslu Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Um aðdraganda þess að nóturnar komu hingað til lands segist Haukur hafa hringt einn daginn í Germani sem sagði það helst í fréttum að hann væri búinn að selja orgelið sitt. „Þá datt mér undir eins í hug að hann hefði ekkert við nóturnar að gera. Ég talaði við hann og hann samþykkti að selja nóturnar hingað til lands.“ Kórar af landsbyggðinni, organistar, prestar, kirkjur og meira að segja fjármálaráðuneytið lögðust á eitt til að safna peningum fyrir nótunum. „Í kjölfarið af því að nóturnar hans komu til Íslands stofnuðum við Fernando Germani-félagið á Íslandi. Í stjórninni eru líka Guðmundur H. Guðjónsson, annar nemanda Germanis, og Jón Magni Ólafsson. Á dagskrá er að vinna úr þessum nótum og eins að safna upptökum af orgelleik hans,“ segir Haukur sem sjálfur hefur í hjáverkum tileinkað síðustu tuttugu og fimm árum lífs síns að gefa út kennslubækur byggðar á kennslu og aðferðum Germanis og verður þriðja og síðasta bókin gefin út á þessum hundrað ára tímamótum.


†



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Ágústu Þyrí Andersen**

Fjallalind 66, Kópavogi,

**Þór Guðmundsson**
**Willum Þór Þórsson** — **Ása Brynjólfsdóttir**
**Örn Þórsson** — **Regína Björk Jónsdóttir**
**Valur Þórsson** — **Helga Margrét Vigfúsdóttir**
**Willum Þór Willumsson**
**Brynjólfur Darri Willumsson**
**Þyrí Ljósbjörg Willumsdóttir**
**Daníel Helgi Arnarson**
**Ísar Logi Arnarson**
**Ernir Þór Valsson**
**Viktor Orri Valsson**

†



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Jóns Ólafs Halldórssonar**

Birkiholti 4, Bessastaðahreppi.

Innilegt þakklæti til starfsfólks Holtsbúðar Garðabæ.

**Guðrún Ragnheiður Júlíusdóttir**
**Halldór Jónsson** — **Erla K. Magnúsdóttir**
**Sigurður J. Jónsson** — **Jenný K. Valberg**
**Jón Ragnar Jónsson** — **Auður B. Bragadóttir**
**og barnabörn.**

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Sigríður Bjarnadóttir**

Lyngmóum 14, Garðabæ,

sem lést 24. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 6. apríl kl. 15.

**Bjarni Gunnarsson** — **Dagbjört Gunnarsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** — **Ólafur Ingi Jóhannsson**
**Gunnar Vagn Gunnarsson** — **Berglind Hrönn Hallgrímsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** — **Gunnar Ármannsson**
**Kristín Bjarnadóttir** — **Guðmundur Guðjónsson**
**Gunnar Þór Bergsson**
**Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**María Helga Gunnarsdóttir**
**Róbert Orri Gunnarsson**
**og barnabarnabörn.**

†



*Elskulegi bróðir okkar og mágur,*

**Einar Ellertsson**

frá Meðalfelli í Kjós, Asparfelli 2, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landsspítalans Kópavogi sunnudaginn 2. apríl, verður jarðsunginn frá Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 8. apríl kl. 14.00. Jarðsett verður á Meðalfelli.

**Elín Ellertsdóttir** — **Haukur Magnússon**
**Sigríður Sæmundsdóttir**
**Eiríkur Ellertsson** — **Ólafía Lárusdóttir**
**Gísli Ellertsson** — **Steinunn Þorleifsdóttir**
**Finnur Ellertsson** — **Sigurbjörg Ólafsdóttir**
**Jóhannes Ellertsson** — **Sigurbjörg Bjarnadóttir**


## ANDLÁT

**Indriði Stefánsson Hjaltason**, Hólabraut 3, Skagaströnd, lést á Heilbrigðisstofnun Blönduóss sunnudaginn 2. apríl.

**Alex Eiríksson**, Reykási 23, Reykjavík, lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 2. apríl.

**Gunnar Jóhannsson** lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð laugardaginn 1. apríl.

**Júlíana Matthildur Isebarn**, Hringbraut 43, Reykjavík, lést á elliheimilinu Grund föstudaginn 31. mars.

## JARÐARFARIR

13.00 **Pétur Benediktsson** verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

14.00 **Júlíus Veturliðason**, Vallholti 7, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

15.00 **Vilborg Tryggvadóttir**, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Reykjavík, áður til heimilis í Austurbrún 6, verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 **Geir U. Fenger**, Lynghaga 7, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.


LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

†

*Okkar ástkæra*

**Hjördís Óskarsdóttir**

frá Hrísey,

sem lést mánudaginn 3. apríl, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju fimmtudaginn 6. apríl kl 13.30.

**Bjarni Sigurgrímsson**
**Hafsteinn Ómar Ólafsson** — **Lára Jónsdóttir**
**Margrét Ólafsdóttir** — **Sigurjón Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Vaxtalaus tilboð

## Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 3.499* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 34.990,-

**Svefnsófi** með örmum
3ja sæta
rauður, blár svartur



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 2.999* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-

**Svefnsófi**
3ja sæta
rauður, blár svartur



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 2.499* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 24.990,-

**Svefnsófi** með púðum
3ja sæta
rauður, blár svartur



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 1.299* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 12.990,-

**Stóll**
með snúningi
rauður, blár svartur

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.



COLCHON DUPEN
DINAMICA

90 x 200
23.400 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
29.900 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.



COLCHON DUPEN
ORTOPEDICA

90 x 200
45.500 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
59.800 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.



COLCHON DUPEN
IMPERIAL

90 x 200
53.300 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

120 x 200
65.000 kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 13. mán.

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Gildir til 10. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





## STUÐ MILLI STRÍÐA Snjór? Í apríl?

STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON ER Í BANANASTUÐI



Alveg eins og stelpur þá upplifum við strákar stundum „þennan“ tíma mánaðarins. Við erum reyndar blessunarlega lausir við alla verki í kviðarholinu og þurfum heldur ekki óttast að blóð komi í lakið. Stundum koma samt bara tímar þar sem maður er ekki alveg með sjálfum sér og allt virðist ganga á afturfótunum. Maður verður pirraður við minnsta áreiti og lætur það oftar en ekki bitna á öðrum. Ég er einmitt að renna í gegnum slíkt skeið þessa dagana. Er hálf andlaus, nenni fáu, segi færri brandara en vanalega og er fúll af því að úti er snjór en samt er kominn apríl!

En hefur ekki snjóað alla aprílmánuði á þessu landi síðan ég fæddist? Er ég kannski að gera veður útaf ekki neinu. Yfir hverju er ég eiginlega svona dapur? Ég veit alveg að eftir nokkrar vikur þá hverfur þessi snjór og hitastigið á eftir að fara upp, og já, jafnvel yfir 10 gráður á Celsíus! Eftir smá tíma, kannski einungis nokkrar mínútur, á ég eftir að hlæja hressilega að skemmtilegum brandara og ef ég verð heppinn þá verður einhver sæt stelpa þess valdandi að ánægjugæsahúð leikur um bakið á mér.

Í mínum fyrsta Stuð milli stríða pistli sagðist ég ætla ekki vera með nein leiðindi hérna heldur ætlaði ég að vera í almennu stuði. Ég ætla þess vegna ekki að kvelja ykkur mikið lengur með þessu þunglyndisvæli. Mikið af góðu stuði er nefnilega framundan. Á fimmtudaginn eru til dæmis tónleikar dEUS sem ég á vafalaust eftir að skemmta mér konunglega á. Um helgina er ég svo á leið upp í flugvél sem mun taka mig til borgar sem ég hef aldrei komið til áður en hef lengi dreymt um að heimsækja. Ég meina hver veit hvað gerist? Kannski nær United Chelsea og stelur titlinum?

Svo má ekki heldur gleyma öllum litlu hlutunum. Hlutir sem eru eðlilegir en geta alltaf komið manni á óvart og fyllt mann lífskrafti. Margt er nefnilega framundan, fullt af hlutum sem hægt verður að gleðjast yfir og þetta á við um ykkur öll.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



**FIMMTUDAGUR 27. APRÍL, 20:00**

# Mezzoforte
# Ife Tolentino (BRA)

**FÖSTUDAGUR 28. APRÍL, 20:00**

**Soul Jazz Records** present:

# 100% Dynamite (UK)
# Flís & Bogomil Font
# Petter Winnberg (SE)

*Vorblót* er ný tónlistarhátíð.
Þar finnur þú jazz, funk, heimstónlist og óuppgvötaðar leiðir.

www.riteofspring.is

## *27.-30. apríl*

Á NASA við Austurvöll.

Miðaverð á hverja tónleika er 2.900 kr (auk 225 kr miðagjalds)

Miði á alla hátíðina kostar 5.900 kr (auk 400 kr miðagjalds).

Miðasala í verslunum Skífunar, BT Akureyri & Egilstöðum og á www.Midi.is.



**LAUGARDAGUR 29.APRÍL, 20:00**

# KAL (SER)
# Stórsveit Nix Noltes

**SUNNUDAGUR 30. APRÍL, 20:00**

# Salsa Celtica (UK)
# Blue Truck

hr★örlygur

Vorblót

RITE OF SPRING

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is






ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

4. sýn. fim. 6/4 **uppselt**, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fim. 6/4 örfá sæti laus - **60. sýning**, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppselt**, mið. 19/4 **síðasti vetrardagur**, fim. 20/4, fös. 21/4, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4. **Aðeins þessar sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**.
**Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Jassklúbburinn Múlinn - Eiríkur Orri og félagar.** Í kvöld mið. 5/4 kl. 21:00
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**

Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

**KERTALJÓSATÓNLEIKAR**

FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20

**KALLI Á ÞAKINU**

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPS.
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti UPPS.
Lau 22/4 kl. 14

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**

Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS.
Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

**VORSÝNING 2006**
Listdansskóli Íslands

Þri 11/4 kl. 20 Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

**BELGÍSKA KONGÓ**

Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**

Lau 8/4 kl. 20
Fi 27/4 kl. 20 AUKAS, Sun 30/4 kl 20
AUKASÝNING
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

**HUNGUR**

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

**NAGLINN**

Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**

Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

**FORÐIST OKKUR**

Í kvöld kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 UPPS.
Fö 7/4 kl. 20:30 UPPS. Lau 8/4 kl. 20 UPPS.
Su 9/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20
Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20

**DANSleikhúsið**

Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

**SÖNGLIST**

Í dag kl. 17 Í kvöld kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is


**> Ekki missa af...**

Útgáfutónleikum hljómsveitarinnar Mammút í Iðnó annað kvöld kl. 21.00. Ferskari tónlist finnst ekki á Fróni um þessar mundir.

Sýningu Kabakov-hjónanna og Jospeh Kosuth á Kjarvalsstöðum. Ævintýraleg samtímalist á heimsmælikvarða.

Sögu úr Vesturbænum. Nemendur í Hagaskóla sýna snilldartilþrif í söng og dansi, síðustu sýningar í kvöld og annað kvöld.

**! Kl. 20.00**

*Andri Snær Magnason rithöfundur heldur fyrirlestur í Samkomuhúsinu á Akureyri í tilefni af útkomu nýrrar bókar, Draumalandsins - Sjálfshjálparbókar handa hræddri þjóð. Allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Uggur, ótti og Anímanína

**Stúdentaleikhúsið frumsýnir nýtt íslenskt leikrit í Loftkastalanum í kvöld. Verkið heitir Anímanína og fjallar um óttann og hræðsluna.**



**STÚDENTALEIKHÚSIÐ FRUMSÝNIR Í KVÖLD** Hræðslan tekur á sig annarlegar myndir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR ELLERT

„Það er bara ein leið til að komast að því hvað Anímanína er," segir Sigurður Arent Jónsson, einn af aðstandendum sýningarinnar. „Fólk verður bara að mæta og upplifa það." Sýningin er unnin í samstarfi leikhópsins og leikstjórans Víkings Kristjánssonar með svokallaðri „devised" leikhúshefð en í því felst að verkið hverfist ekki um eiginlega frásögn eða persónusköpun heldur eru senur unnar út frá ákveðnum hugmyndum. „Víkingur kastaði fram nokkrum hugmyndum og við gripum þær á lofti. Við reynum að sýna þær bæði einlægt og út frá absúrd sjónarhornum." Þessum senum er síðan skeytt saman og úr verður „yndislegur hrærigrautur" að sögn Sigurðar.

„Við nálgumst þessar hugmyndir á naívan hátt fremur en pólitískan," segir hann og vísar til sýningarinnar Þú veist hvernig þetta er, sem Stúdentaleikhúsið setti upp á síðasta leikári, en hún var unnin með sömu aðferð. „Þetta eru gerólíkar sýningar," útskýrir Sigurður. „Nú tökum við fyrir hugmyndir fólks um ótta almennt, okkar eigin ótta og ástæður hans. Hvers vegna erum við hrædd og hvernig er hægt að sýna fram á hversu kjánalegt það er að vera svona hræddur? Af hverju er fólk hrætt við það sem það þekkir ekki?"

Þetta er að sögn hressileg sýning með söng og dansnúmerum, dramatík og furðulegheitum en Sigurður segir að tæplega þrjátíu manns taki þátt í gleðinni, þar af 26 leikarar. „Það er frábært að safna saman svona hópi, þrjátíu krökkum með brjálaðan áhuga á leiklist og tilbúnum í hvað sem er, setja þá upp á svið og leyfa þeim að gera hvað sem er."

Stúdentaleikhúsið er þekkt fyrir frumleika og hugrekki í efnistökum sínum svo útkoman verður vafalítið eftirminnileg þó Sigurður segi að erfitt sé að skilgreina eða staðsetja sýninguna og fólk eigi ef til vill ekki að búast við hefðbundinni leikhúsupplifun.

Stúdentaleikhúsið opnaði nýja heimasíðu á dögunum og má nálgast allar upplýsingar um sýninguna og starfsemi leikfélagsins á www.studentaleikhus.is.

kristrun@frettabladid.is


ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20 - 6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20
SÍÐASTU SÝNINGAR
Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar
**Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kansónur úr suðri og norðri**
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN








VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Syngjandi afkomendur

Söngurinn er þeim Ingibjörgu Aldísi Ólafsdóttur og Stefáni Helga Stefánssyni í blóð borinn en á tónleikum í Salnum í kvöld heiðra þau minningu formæðra og forfeðra sinna og flytja einsöngsperlur, aríur og dúetta sem óperusöngvararnir Sigurveig Hjaltested og Stefán Íslandi fluttu á árum áður.

Ingibjörg er sonardóttir Sigurveigar en Stefán Helgi er langafabarn Stefáns Íslandi. Þau njóta fulltingis Ólafs Vignis Albertssonar píanóleikara og Ólafs B. Ólafssonar harmonikuleikara á tónleikunum.

Ólafur B. Ólafsson er sonur Sigurveigar og faðir Ingibjargar og jafnframt kynnir á tónleikunum en hann kveðst segja stuttlega frá sögu móður sinnar og lífshlaupi Stefáns Íslandi í dagskránni. „Það er gaman að leiða saman þessa tvo brautryðjendur í íslenskri óperulist,“ segir Ólafur en tónleikarnir eru söguleg kynning fyrir nýja áheyrendur og jafnframt góð upprifjun fyrir þá eldri. „Það er skemmtilegt fyrir þá sem muna þau Sigurveigu og Stefán að heyra þessi lög upp á nýtt. Ingibjörg og Stefán Helgi gera þetta samt á eigin forsendum, þau eru ekki að stæla neitt.“

Tónleikarnir, sem bera heitið „Hjaltested/Íslandi“, hafa verið fluttir víða og gerður góður rómur að þeim. „Við höfum ferðast til fimm landshluta með dagskrána nú þegar og hyggjum á frekari landvinninga,“ segir Ólafur að lokum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00 í Salnum í Kópavogi.



**STEFÁN HELGI STEFÁNSSON OG INGIBJÖRG ALDÍS ÓLAFSDÓTTIR** Flytja einsöngsperlur og aríur. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

# Ævintýri Ronju

Ræningjastelpan Ronja er börnum að góðu kunn en nú hefur þetta sígilda barnaævintýri Astridar Lindgren verið endurútgefið í fimmta sinn. Ófáar kynslóðir hafa skemmt sér yfir sögunni af Ronju og Birki vini hennar, rassálfum, gráálfum og ræningjahópunum tveimur sem stríða í Matthíasarskógi.

Sagan um Ronju kom fyrst út árið 1981 og sama ár í íslenskri þýðingu Þorleifs Haukssonar. Nokkrar myndir prýða bókina, sem er á þriðja hundrað síður.

Um þessar mundir er leikritið um Ronju ræningjadóttur á fjölum Borgarleikhússins og prýðir aðalleikkonan, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, kápu bókarinnar.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

2 3 4 **5** 6 7 8

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.30 Nemendur í **tónlistardeild LHÍ** sjá um dagskrá á **Kynjadögum** sem ber heitið George Sand leikur Chopin, í húsnæði skólans að Sölvhólsgötu 13.

☐ 20.00 **Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir** sópransöngkona og **Stefán Helgi Stefánsson** tenór halda tónleika í Salnum og heiðra minningu **Sigurveigar Hjaltested** og **Stefáns Íslandi**. Undirleik annast **Ólafur Vignir Albertsson** og **Ólafur B. Ólafsson**.

### OPNANIR

☐ 17.00 Sýning á níu fornleifarannsóknum **Kristnihátíðarsjóðs** á **Þjóðminjasafni Íslands** í rannsóknarrými safnsins á 2. hæð.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Harpa Björnsdóttir** myndlistakona kynnir hinar uppátækjasömu **Guerilla Girls** á **Kynjadögum LHÍ**, að Laugarnesvegi 91.

### SAMKOMUR

☐ 20.00 **Andri Snær Magnason** rithöfundur heldur fyrirlestur í **Samkomuhúsinu** á Akureyri í tilefni af útkomu nýrrar bókar, **Draumalandið - Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð**. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



PÁSKABLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT

PÁSKABORÐ | PÁSKALITIR | PÁSKAKAKA | LITRÍKUR PÁSKAMATUR

ÓTROÐNAR SLÓÐIR Í GARÐAHÖNNUN

BOFFI LEGGUR LÍNURNAR

SVARTHVÍTT HEIMILI OG LJÓSMYNDIR Í BLAND

HAGKVÆMAR LAUSNIR FYRIR NÚTÍMA FJÖLSKYLDULÍF

ELDHÚS
SAMASTAÐUR AF ÝMSUM TOGA

ALGENGAR ELDHÚSSPURNINGAR



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI Á AÐEINS 489 KR. EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS




VEGGFÓÐUR. tímarit

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# *Stinnari brjóst*

Í möndlulínunni frá L´occitane er að finna tvær nýjungar sem gera kraftaverk. Annars vegar er gel sem er sérhannað fyrir brjóstin. Það er borið á til að gera þau stinnari og fallegri. Gelið inniheldur möndluprótein, sem er ekki ólíkt efninu kollagen sem hjálpar slappri húð. Gott er að bera gelið á barminn og upp að hálsinum og á svæðið þar í kring. Hin nýjungin í möndlulínunni er líkamsolía sem gerir húðina dúnmjúka og stinna. Hún er góð fyrir konur sem eru í líkamsræktarátaki og vilja grenna sig en húðin á það til að slakna þegar kílóin hverfa.

Möndluolían er líka sérlega fín fyrir óléttar konur og þá er gott að bera nóg af henni á bumbuna og allan líkamann. Olían gerir það sama og brjóstagelið, hún stinnir húðina og svo lyktar hún dásamlega. Bæði gelið og olían fást í versluninni L´Occitane á Laugavegi.

# GERUM EKKI GRÍN AÐ ÖÐRUM

**Lisa Tercheria og Dean Houser eru stödd hér á landi vegna áheyrnarprufa í sjónvarpsþáttinn Rock Star sem kemur úr smiðju Marks Burnett, höfundar Survivor. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við þau um hvað næsta rokkstjarna þyrfti að hafa til brunns að bera.**



**DEAN HOUSER OG LISA TERCHERI** Eru hér á vegum Rock Star-leitarinnar en áheyrnarprufur fara fram á Gauki á Stöng í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Til mikils er að vinna fyrir þá Íslendinga sem reyna fyrir sér í inntökuprufum sjónvarpsþáttarins Rock Star en þær fara fram á Gauki á Stöng í dag. Sextán keppendur hvaðanæva að úr heiminum munu búa í villu í Los Angeles og reyna að heilla hljómsveitarmeðlimi ofurgrúppunnar Supernova en hún er skipuð ólátabelginum Tommy Lee úr Mötley Crüe, Jason Newsted sem var í Metallicu og Gilby Clarke, fyrrum gítarleikara Guns n' Roses. Plötuútgáfa og tónleikaferðalag um heiminn eru meðal þess sem verður á dagskrá næstu rokkstjörnunnar og því ljóst að draumurinn um frægð og frama er rétt handan við hornið.

**Þurfum alvöru rokkara**

Vegna þessara prufa eru þau Lisa Tercheria og Dean Houser stödd hér á landi en þau hafa ferðast um allan heim fyrir hönd þáttarins. „Síðasta stjarnan kom frá Toronto og við leggjum áherslu á að leita ekki eingöngu í Bandaríkjunum," segir Dean. Markmið þáttarins er að sýna hvað þurfi til að lifa af í heimi rokksins, bætir hann við og hefur augljóslega orð fyrir þeim báðum.

Í fyrra vann Kanadabúinn JD Fortune sér réttinn til að leiða áströlsku poppsveitina INXS en hann hafði verið á götunni í nokkurn tíma áður en að þættinum kom. Hann er núna með þrjár manneskjur sem halda utan um dagskrána hjá sér, leikur í myndböndum með ofurfyrirsætum og ferðast um allan heiminn, segir Dean.

Að þessu sinni er hins vegar leitað að mun yngri manneskju sem getur sungið alvöru rokk. Supernova var stofnuð sérstaklega fyrir þáttinn og er því enn að þróa sinn hljóm, segir Dean. Því skiptir í raun litlu máli hvort söngvarinn er stelpa eða strákur, bætir hann við. „Við erum ekki með nein aldurstakmörk upp á við og því verður úrvalið mjög fjölbreytt; allt frá krökkum sem eru að stíga sín fyrstu skref til reynslubolta sem hafa verið að í langan tíma," útskýrir hann.

**Fremstu söngvarar landsins mæta**

Leitarliðið hefur komið við á Nýja-Sjálandi, Kanada og í Asíu en síðasti viðkomustaðurinn er Ísland. Lisa segir að þeim Dean hafi verið boðið hingað en jafnframt hafi framleiðendurnir heyrt af fjölskrúðugu tónlistarlífi landans. „Okkur hefur meðal annars verið tjáð að margir af fremstu söngvurum landsins ætli að mæta í dag," segir Dean en hópurinn heldur til Los Angeles þegar prufunum er lokið þar sem lagst verður yfir þær upptökur sem til eru. Fimmtíu heppnir fá að koma til Los Angeles og reyna sig fyrir framan hljómsveitina en síðan eru sextán valdir í lokahópinn, bætir Lisa við en miklar kröfur eru gerðar til þeirra sem vilja komast að. Ekki er aðeins leitað að fólki sem kann að syngja heldur þarf það einnig að geta staðið fyrir framan sjónvarpsvélarnar.

Tónlistarþættir hafa notið töluverðra vinsælda um allan heim og munar þar mest um Idol-fyrirbærið. Dean segir Rock Star-þáttinn vera af allt öðrum meiði. „Þeir sem taka þátt eru mun eldri og hafa því sterkari sjálfsmynd auk þess sem við forðumst að gera grín að þátttakendum," segir Dean. ■








**MÁLUN** Edward Morthens frá Iðnskólanum í Reykjavík.



**HÁRGREIÐSLA** Theódóra Mjöll Skúladóttir úr Iðnskólanum í Reykjavík.



**DÚKALAGNINGAR** Örn Ingi Ágústsson frá Iðnskólanum í Reykjavík.

# *Iðnnemar gerðu betur í Kringlunni*

Íslandsmót iðnnema sem bar yfirskriftina Gerðu betur var haldið í Kringlunni á föstudaginn en þá var einmitt Dagur iðn- og starfsmenntunar. Um alla Kringluna mátti sjá nema við iðju sína hvort sem það var að klippa hár, leggja dúka, leggja raflagnir, mála veggi, smíða, farða dömur eða leggja flísar. Í lok dagsins voru verkefnin svo dæmd og sigurvegurum afhend verðlaun.

Fyrirtækin Iðnmennt og Mennt stóðu fyrir mótinu en með því að halda það í Kringlunni gafst almenningi færi á að fylgjast með verkum nemanna verða til.



**SNYRTIFRÆÐI** Harpa Rut Hallgrímsdóttir úr Snyrtiskólanum í Kópavogi farðar módel sitt, Sylvíu Smáradóttur.



**TRÉSMÍÐI** Þorgerður Stefánsdóttir frá Verkmenntaskólanum á Akureyri.



**RAFVIRKJUN** Jón Ágúst Sigurðsson frá Verkmenntaskólanum á Akureyri leggur raflagnir.



**LEIRKERASMÍÐI** Frosti Örn Gnarr Gunnarsson við leirkerasmíði.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

# Baggalútur til Rússlands

Köntrísveit Baggalúts heldur til Rússlands nú í apríl og verður athyglisvert að sjá hvernig íslenskt köntrí leggst í Rússana. „Við í Hjálmum fórum til Rússlands í fyrra og þetta er skemmtilegur staður að heimsækja. Við héldum sambandi við kontaktaðila og höfum verið að senda þeim íslenska tónlist. Ákváðum að lokum að fara með Köntrísveit Baggalúts þangað út og halda tvenna tónleika. Við ætlum svo að gera heimildarmynd um ferðalagið.“ **- bg**



**KÖNTRÍSVEIT BAGGALÚTS** Hljómsveitin heldur til Rússlands á næstunni og spilar þar af sinni alkunnu snilld.

# Gull fyrir Katie Melua

Söngkonan unga Katie Melua tróð upp fyrir fullri Laugardalshöll á föstudaginn og er óhætt að segja að hún hafi heillað mannskapinn upp úr skónum. Stúlkan nýtur mikilla vinsælda á Íslandi og selur tónlist sína eins og heitar lummur. Þeir Höskuldur Höskuldsson, útgáfustjóri Katie Melua á Íslandi, og Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, notuði því tækifærið í Höllinni og afhentu henni gullplötu fyrir árangurinn.

Katie lék á als oddi þegar Björn og Höskuldur færðu henni gullplötuna enda hafði hún ekki ástæðu til annars en kætast þar sem húsfyllirinn og sölutölurnar tóku af öll tvímæli um að hún hefur með söng sínum lagt fjölmarga Íslendinga að fótum sér. ■



**KATIE MELUA** Var í sjöunda himni þegar hún tók við gullplötunni sinni á föstudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**PARIS HILTON** Segist aldrei ætla að tala við vinkonu sína Nicole Richie aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Hilton ósátt við Richie

Paris Hilton tjáir sig á mjög opinskáan hátt um samband sitt við Nicole Richie í nýjasta hefti Elle. Slúðurblöð beggja vegna Atlantshafsins voru fyrir nokkru uppfull af fréttum um ósætti þeirra á milli en þær stöllur höfðu slegið í gegn með þættinum Simple Life. Samkvæmt viðtalinu ætlar Paris aldrei að tala við fyrrum vinkonu sína aftur. „Nicole þolir ekki að vera í kringum mig vegna þess að ég fæ alla athyglina,“ útskýrir Hilton. „Þetta er vissulega sárt því Richie var mér sem systir,“ bætti Hilton við og sagði hana vera yndislega manneskju. „Frægðin hefur hins vegar stigið henni til höfuðs.“

Hilton segir að hún vonist til þess að framleiðendur þáttanna um hið einfalda líf láti af því að ráða Nicole enda telur hún sig hafa öruggar heimildir fyrir því að þeir vilji gera þáttinn eingöngu með sér. „Þættirnir eru það eina sem hún á að þannig að það nánast ógjörningur,“ bætti Hilton við. Fyrir þá sem vilja kynna sér enn frekar hvað Hilton hafði að segja um þessa æskuvinkonu sína ættu að geta séð það á morgun en þá kemur Elle-blaðið út.

allt
heilsa
Alla þriðjudaga
og fimmtudaga






| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50 og 10.10 |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 5.20, og 10.45 |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 8 2 FYRIR 1 MASTERCARD |
| WALK THE LINE | kl. 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| TRISTAN & ISOLDE | kl. 5.45 og 10 B.I. 14 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 8 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Clive Owen þarf hvíld

Clive Owen segist vera uppgefi,n eftir mikla törn að undanförnu en hann lék í fjórum kvikmyndum á örskömmum tíma. Leikarinn segist ekki eiga neitt eftir á varatankinum enda búinn að skila góðu verki í myndum á borð við Derailed, Sin City, King Arthur og Closer. Fjórar kvikmyndir til viðbótar verða síðan frumsýndar með kappanum á næstunni og nú er komið nóg að mati leikarans. „Ég ætla að hvíla mig og eyða smá tíma með dætrum mínum tveim," sagði Owen við blaðamenn. „Umboðsmaður minn fékk þau skilaboð að eftir síðustu mynd yrði ég utan þjónustusvæðis næstu fimm mánuði," bætti leikarinn við. „Ég þarf á þessu að halda."



**CLIVE OWEN** Segist þurfa á hvíld að halda eftir að hafa leikið í fjölda kvikmynda á örskömmum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**FLUGVÉLAR AIRASIA** Vélin tafðist í fjórar stundir út af hrekknum. NORDIC PHOTOS/AFP

# Handtekinn fyrir grátt aprílgabb

Rúmlega þrítugur Malasi hugsar sig sjálfsagt tvisvar um næst þegar hann langar til að gera einhverjum grikk, eftir að lögreglan í Kuala Lumpur handtók hann fyrir aprílgabb sem þótti bæði smekklaust og ófyndið og var auk þess of seint á ferðinni.

Málavextir voru þeir að á sunnudag var flugvél á vegum flugfélagsins AirAsia að búa sig undir flugtak þegar maðurinn reis úr sæti sínu og krafðist þess að fá að fara frá borði því sprengja væri í flugvélinni. Flugfreyja lét flugstjórann vita, sem lagði vélinni við enda flugbrautarinnar og lét öryggisgæslu vita.

Maðurinn var handtekinn á staðnum en 91 farþega og áhöfn vélarinnar var gert að rýma hana. Engin sprengja fannst við leit. Maðurinn gaf þá skýringu að hann hefði ætlað sér að láta aðra farþega hlaupa 1. apríl en áttaði sig ekki á að hann var degi of seinn. Flugvélin komst loksins leiðar sinnar fjórum tímum seinna en auk þess var öllum lendingum á flugvellinum frestað í tvær klukkustundir. Maðurinn á yfir höfði sér að verða ákærður fyrir að stofna þeim sem voru um borð í voða.

# Steindauðar frumhvatir

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN



BASIC INSTINCT 2

**LEIKSTJÓRI:** MICHAEL CATON-JONES
**AÐALHLUTVERK:** SHARON STONE, DAVID MORRISSEY, CHARLOTTE RAMPLING, DAVID THEWLIS

**Niðurstaða:** Það er galið að koma með framhald af Basic Instinct 14 árum eftir að myndin sló í gegn. Það er allt vont við þessa mynd en Sharon Stone, sem drottnaði yfir gömlu myndinni, er sýnu verst og steindrepur þessa. Ekki meir, ekki meir!

Basic Instinct var alls ekki svo slæm mynd þegar hún var sýnd í bíó árið 1992. Handrit hennar var að vísu skrifað af erkifíflinu Joe Eszterhas (Sliver, Showgirls) og var því löðrandi í kynlífi, ofbeldi og blóði. Sem sagt öllu sem þarf að prýða góðan þriller. Hollendingurinn filmandi, Paul Verhoeven, matreiddi svo subbuskapinn á sinn sérstaka hátt þannig að úr varð ágæt skemmtun þó Basic Instinct eldist engan veginn vel.

Það var uppselt á myndina dögum saman eftir frumsýningu í Regnboganum hér heima, ekki síst þar sem það spurðist hratt út að Sharon Stone léti glitta í píkuna á sér í myndinni. Hún var þá funheit bomba, nýbúinn að gera sjálfum Arnold Schwarzenegger lífið leitt sem morðóð tík í Total Recall, og allir vildu því fá að sjá.

Vinsældir Basic Instinct úti um allan heim urðu strax til þess að mógúlarnir í Hollywood fóru að íhuga framhaldsmynd en það er fullseint í rassinn gripið að koma með hana fjórtán árum síðar þegar öllum er sama hvaða líkamsparta Stone afhjúpar á hvíta tjaldinu. Michael Douglas var á sínum tíma fljótur að bakka út úr öllum viðræðum um framhaldsmynd enda þótti hugmyndin slæm fyrir rúmum áratug en að ráðast í þetta nú er hreinlega óðs manns æði. Fyrir vikið er Basic Instinct 2 ein leiðinlegasta, tilgangslausasta og sorglegasta framhaldsmynd sögunnar og er samt af nógu að taka.

Söguþráðurinn er einn allsherjar hrærigrautur og handritið er svo vont að Eszterhas lítur út eins og Nóbelsskáld í samanburðinum. Ég nenni ekki að rekja bjánalega moðsuðuna hér en í stuttu máli skýtur kyn- og morðóði rithöfundurinn Catherine Tramell aftur upp kollinum. Nú er hún komin til London og notar kynþokka sinn til þess að taka jafnt karla og konur á taugum og líkin hrannast upp. Helsta fórnarlamb hennar er geðlæknirinn Michael Glass, sem leysir Michael Douglas af, en örlög hans eru vitaskuld innsigluð um leið og hann bannar Tramell að reykja.

Myndin nær aldrei upp spennu, ofbeldið er sparað um of og er illa notað þegar að því kemur en það versta af öllu er að kynlífsatriðin, sem væntanlega eiga að vera aðall myndarinnar, eru jafn flöt, köld og ósexí og ljósbláu myndirnar sem sýndar voru á Sýn fyrir allnokkru.

Stone hefur misst allt sem hún hafði og er skelfilega ósannfærandi tálkvendi. Nú skiptir aldur og útlit engu þegar kynþokki er annars vegar enda kemur hann að innan. Góð leikkona á fimmtugsaldri hefði því alveg valdið þessu en Stone er steingeld. Þá er David Morrissey afleitur í hlutverki læknisins og meira að segja eðalleikarinn David Thewlis er eins og fífl í hlutverki löggunnar sem er á hælum Stone.

Það er hreinlega ekki ljósan punkt að finna í Basic Instinct 2, sem er í besta falli átakanleg tímasóun en í versta falli... ja ég veit hreinlega ekki hvað.

**Þórarinn Þórarinsson**










**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 VIP | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:45 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10:30 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 3:50-6 | |
| AEON FLUX | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 8 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3:50 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| DATE MOVIE | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:45-8-10:15 | |
| LASSIE | KL. 6 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | FORSÝNING KL. 8 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:30-8-10:30 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

**Háskólabíó**

| | | |
|---|---|---|
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 5:20-8-10:40 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30 | |
| SYRIANA | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| THE NEW WORLD | KL. 10 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tom Jones hefur verið varaður við að fara í fleiri lýtaaðgerðir en þetta kemur fram í viðtali við kappann í The Daily Mirror. Söngvarinn hitti lækni í Beverly Hills sem ráðlagði honum að reyna að leyfa náttúrunni að vinna sitt verk. „Hann lagði hart að mér að fara ekki í fleiri aðgerðir," sagði söngvarinn en augu hans eru í mikilli hættu vegna tíðra ferða undir hnífinn.



Þá viðurkenndi nærbuxnaþjófurinn að hár hans og skegg væri allt litað. „Auðvitað, annars væri ég gráhærðari en jólasveinninn."

Jessica Simpson mun leika í kvikmynd sem byggð verður á Baywatch-þáttunum en þokkagyðjan fær að sjálfsögðu að spranga um í rauðum sundbol á ströndinni. Samkvæmt götublaðinu The Sun féllu framleiðendurnir fyrir „leikhæfileikum" Simpson í Dukes of Hazzard en söngkonan komst með frammistöðu sinni efst á óskalistann hjá þeim. Sjónvarpsþáttaröðin sló í gegn á tíunda áratug síðustu aldar og áttu sílíkonbomburnar Pamela Anderson og Carmen Electra stóran þátt í vinsældum þeirra. „Jessica hefur allt til brunns að bera," sagði heimildarmaður The Sun.



Michael Douglas er ekki par hrifinn af svokölluðum metrósexual mönnum, sem hann segir að líti út fyrir að vera konur. Douglas hvetur karlmenn til að enduruppgötva karlmennsku sína og hrýs hugur við snyrtivörum handa körlum. Mörgum hefur þótt þessar yfirlýsingar bera vott um öfund í garð yngri manna enda leikarinn kominn vel yfir sitt besta en Douglas segir það alls ekki vera, karlmennskan sé því miður bara á undanhaldi. „Ungir menn horfa upp til mín og vilja ná frama eins og ég sem er allt gott og blessað. Um leið og þeir hins vegar kalla mig herra Douglas segi ég þeim að loka þverrifunni," sagði leikarinn.





Leikkonan íðilfagra Jessica Biel hefur samþykkt að koma fram í síðasta þætti 7th Heaven sem sýndur verður í maí. Biel, sem hefur verið önnum kafin við kvikmyndaferil sinn og lék meðal annars í hasarmyndinni Stealth, leikur elstu dótturina, Mary Camden. Þátturinn fjallar um brúðkaup eins fjölskyldumeðlimsins en þættirnir ljúka þar með göngu sinni eftir tíu vel heppnuð ár.





Bíóklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

# 2 fyrir 1

Á sérstaka MasterCard forsýningu
á spennutryllinum
LUCKY NUMBER SLEVIN
í kvöld, miðvikudaginn 5. apríl kl. 20:00.

Myndin er forsýnd í
Laugarásbíói og Regnboganum

Tilboðið gildir eingöngu fyrir MasterCard korthafa, sem fá tvo miða á verði eins, greiði þeir með kortinu.

**STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA**

Mundu eftir kortinu! MasterCard

LAUGARÁS BÍÓ   REGNBOGINN



## Bergsveinn kominn heim

Bergsveinn Bergsveinsson, fyrrverandi aðstoðarlandsliðsþjálfari, er kominn aftur í Krikann en hann hefur verið ráðinn markmannsþjálfari yngri flokka í FH.

**sport**

sport@frettabladid.is

KONSTANTIN SHVED ÞJÁLFARI KA Í BLAKI KVENNA: IÐRAST GJÖRÐA SINNA EFTIR AFDRIFARÍKA ÁKVÖRÐUN

# *Ég gekk of langt og sé eftir þessu*

Konstantin Shved, þjálfari blakliðs KA í kvennaflokki, sér mikið eftir afdrifaríkri ákvörðun sinni í leik KA og Þróttar frá Neskaupstað á sunnudaginn. Konstantin gekk þá með lið sitt af velli þar sem hann var ósáttur við störf Ólafs Sigurðssonar dómara og var í kjölfarið dæmdur í bann frá þjálfun út árið 2006.

„Ég var mjög ósáttur við dómarann í þessum leik. Ég tel að hann hafi viljað hjálpa Þrótti af því hann er frá Neskaupstað. Ég gekk of langt en ég var mjög reiður. Ég sé mjög mikið eftir þessu en bannið er samt sem áður allt of langt," sagði Konstantin við Fréttablaðið í gær. Stefán Jóhannesson, formaður blakdeildar KA, segir lítið vera hægt að gera við banninu. „Úrskurði aganefndar verður ekki hnekkt nema þá að stjórn BLÍ taki aðra ákvörðun en ég sé það ekki gerast í fljótu bragði," sagði Stefán. Blakdeild KA hefur óskað eftir því að funda með Blaksambandi Íslands um málið en Konstantin kemur mikið að báðum samböndum. Hann er þjálfari landsliðs kvenna sem og yngri landsliða auk þess að þjálfa KA og marga yngri flokka hjá félaginu.



„Við hörmum mjög þá atburði sem hafa átt sér stað en við erum ekki að draga fjöður yfir þá ákvörðun þjálfarans að kalla liðið af velli og hætta leik. Ég held að allir séu sammála um að þetta var ekki rétt ákvörðun. Ég hef þekkt Konstanin í tvö ár og hann er topp íþróttamaður og þjálfari," sagði Stefán.

„Það er þó hægt að gera athugasemd við framkvæmd leiksins. Þetta er veruleikinn í blakhreyfingunni, að lið þurfa að dæma leikina sjálf þar sem við getum ekki sent dómara landshorna á milli til að dæma," sagði formaðurinn, sem telur bannið hafa verið of langt.

„Þjálfarinn er settur í alltof langt keppnisbann. Ég hefði viljað sjá málin sett í samhengi áður en hann var dæmdur þar sem hann er í fullu starfi hjá blakdeild KA. Þetta er eins og brottvísun úr landi. Við eigum eftir að skoða þetta betur en ég sé ekki annað í stöðunni en að senda hann heim."

## > Guðmundur hættur

Guðmundur Karlsson hefur látið af þjálfun kvennaliðs Hauka í handknattleik. Guðmundur stýrði liðinu í tvö ár og vann þrjá af fimm titlum sem í boði voru á þessum tíma. Guðmundur sagði við Fréttablaðið að hann hefði lagt upp ákveðna hluti eftir fyrsta árið sem ekki hefðu gengið eftir og þróunin því ekki verið sem skyldi að hans mati. Hann er engu að síður sáttur við árangurinn. Ekki hefur verið ráðinn maður í hans stað en nöfn Einars Jónssonar og Stefáns Arnarsonar hafa helst heyrst í því sambandi.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

2 3 4 **5** 6 7 8

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- ☐ 16.00 **Skólahreysti** á Sýn. Úrslitakeppnin í Laugardalshöll endursýnd frá síðustu helgi.
- ☐ 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- ☐ 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Juventus og Arsenal í beinni. Leikur Barcelona og Benfica sýndur beint á Sýn Extra.
- ☐ 20.35 **Meistaramörk með Guðna Bergs** á Sýn. Mörk kvöldsins.
- ☐ 20.55 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Barcelona og Benfica.
- ☐ 22.45 **US Masters 2005** á Sýn. Hitað upp fyrir Masters 2006.

# Ætla að taka mér frí frá körfubolta

**Herbert Arnarson hefur stýrt körfuknattleiksliði KR í síðasta skipti en körfuknattleiksdeild KR ákvað að endurnýja ekki samninginn við Herbert sem gengur stoltur frá borði þar sem hann ætlar í skóla næsta vetur.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er að verða ágætt í bili. Ég er búinn að vera í körfubolta síðustu 27 ár ævi minnar og ætla að taka mér frí frá boltanum næsta vetur og fer því væntanlega í skóla samhliða vinnu," sagði Herbert Arnarson brattur við Fréttablaðið í gær enda segist hann sáttur við sína vinnu í Vesturbænum. „Ég geng stoltur frá borði enda höfum við náð ágætum árangri og svo tel ég mig eiga eitthvað í ungu strákunum sem eru að koma upp og ég hef verið að vinna með síðustu fjögur ár."

Herbert hyggst skella sér í viðskiptafræðina næsta vetur og segist því kominn í tímabundið frí frá boltanum. „Annars er ég ekkert hættur afskiptum af körfubolta enda frábær íþrótt og allt í kringum sportið hefur gefið mér svo mikið og það var alltaf gott að standa upp frá skrifborðinu og takast á við allt öðruvísi áskoranir í íþróttasalnum en í vinnunni. Ég skil í góðu við KR enda hef ég átt þar góðan tíma og eignast góða vini," sagði Herbert.

Böðvar Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR, sagði að ekki væri búið að ákveða við hverja félagið ætlaði að ræða en stjórnarfundur væri í næstu viku og í kjölfar hans færi af stað vinna við að finna nýjan þjálfara.



**SÍÐASTA MESSAN** Herbert Arnarson fer hér yfir málin með sínum mönnum í leik gegn Njarðvík á mánudag. Hann er stoltur af sinni vinnu hjá KR og yfirgefur félagið í góðu eftir tveggja ára starf sem þjálfari meistaraflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það eru margir færir þjálfarar á lausu þarna úti og svo erum við ekkert lokaðir fyrir því að ráða útlending," sagði Böðvar en hann á ekki von á miklum breytingum á leikmannahópi félagsins.

„Allir íslensku leikmennirnir eru með samning hjá okkur en útlendingarnir koma ekki aftur. Við munum reyna að styrkja okkur eitthvað enda stefnan að komast lengra en við gerðum í ár," sagði Böðvar en fastlega má búast við því að KR verði eitt þeirra félaga sem muni bítast um þjónustu Sigurðar Þorvaldssonar, sem er á leið heim til Íslands frá Hollandi.

**henry@frettabladid.is**






**GUNNAR ÞÓR GÍSLASON** Stjórnarformaður Stoke segir að Johan Boskamp verði áfram hjá félaginu, þrátt fyrir orðróm um annað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke:

# Boskamp fer ekki

**FÓTBOLTI** Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke City, greindi frá því í gær að Johan Boskamp yrði ekki rekinn frá félaginu og yrði því áfram knattspyrnustjóri enska 1. deildarliðsins. Miklar vangaveltur hafa verið um framtíð Boskamp.

Hinum hollenska Boskamp hefur ekki lynt við aðstoðarmenn sína og hefur þeim John Rudge, yfirmanni knattspyrnumála, og Jan De Koning aðstoðarstjóra liðsins verið vísað frá tímabundið í tvígang á tímabilinu. Flestir töldu að Boskamp myndi yfirgefa félagið í sumar en allt lítur út fyrir að svo verði ekki, sem þýðir líklega að Rudge og De Koning taka pokann sinn í sumar.

„Boskamp hefur sagt að hann vilji vera hér áfram og ég geri ráð fyrir því að hann stjórni liðinu áfram á næstu leiktíð. Þess vegna mun hann halda til Íslands í næstu viku þar sem við þurfum að ræða um hvað við þurfum að gera í sumar," sagði Gunnar Þór við staðarblaðið Sentinel í Stoke.

Þegar Tony Pulis var rekinn frá Stoke tók Boskamp við og var liðið um tíma við topp deildarinnar. Smátt og smátt hefur liðið sigið niður töfluna og er sem stendur í þrettánda sætinu og siglir því lygnan sjó um miðja deild.

**- hþh**

# LAGERÚTSALA Skeifunni 7

## Vegna lagerflutninga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.

Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl. Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

### Í bústaðinn !

Crown heilsudýna með botni í hvítu eða brúnu leðurlook og Square Alu löppum.

**Verðdæmi 160x200 cm kr. 69.900,-**



### Teppasett

Teppi - pífa - púði og tvö koddaver
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-





### Amerískir hægindastólar

Leður og tauefni.
Verð frá kr. 45.900,-



### Apple náttborð

Eik, vengi og ljóst beyki
Verð frá 19.900
Allt að 40% afsláttur.

### Gaflar

**Í miklu úrvali.**
**15-50% afsláttur**



### Stillanleg rúm!

Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





### 4Motion stillanleg rúm!

Hönnun í takt við tímann á stórlækkuðu verði.



### Spring Air

Verðdæmi - Never Turn:
Queen rúm 153x203 cm
99.000,- án gafls.




www.design.is © 2005

# ekki missa af þessu!!

## Aðeins þriðjudag 4. apríl til miðvikudags 12. apríl.

Virka daga frá kl. 13-18, laugardag frá kl. 11-16

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**ELS OG MICKELSON** Eru miklir mátar og leika saman á Masters.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Masters að hefjast:

## Mickelson og Els leika saman

**GOLF** Fyrsta stórmót ársins í golfinu hefst á fimmtudag þegar bestu kylfingar heims hefja leik á hinu stórskemmtilega Masters-móti sem fram fer á Augusta-vellinum í Georgíuríki í Bandaríkjunum.

Það er ljóst hvaða kylfingar leika saman fyrstu tvo dagana en í áhugaverðasta „hollinu“ eru Ernie Els og Phil Mickelsins. Mickelson, sem vann mótið árið 2004, er í miklu formi þessa dagana en hann slátraði andstæðingum sínum á Bell South Classic-mótinu er hann sigraði með 13 högga mun. Japaninn Shingo Katayama leikur einnig í þessu holli.

Tiger Woods hefur titil að verja og hann mun leika með Ástralanum Robert Allenby og áhugameistaranum Edoardo Molinari frá Ítalíu.

- hbg

# Villarreal óvænt í undanúrslit

**Spænska smáliðið Villarreal komst í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í gær með 1-0 sigri á Inter Milan. AC Milan slapp með skrekkinn gegn Lyon er liðið skoraði tvö mörk undir lokin og sigraði 3-1.**

**FÓTBOLTI** Fyrstu tveir farmiðarnir í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu voru afhentir í gærkvöldi og þá fengu Villarreal og AC Milan en leikir gærkvöldsins voru spennuþrungnir.

AC Milan stóð fyrir fram vel að vígi gegn Lyon þar sem fyrri leiknum í Frakklandi hafði lyktað með markalausu jafntefli. Leikmenn Lyon játuðu að hafa borið of mikla virðingu fyrir Milan í fyrri leiknum en sú virðing var greinilega á bak og burt í gær því Frakkarnir byrjuðu leikinn mikið mun betur og þjörmuðu hressilega að Ítölunum, sem áttu oftar en ekki í vök að verjast.



**HETJA MILAN** Filippo Inzaghi var hetja Milan í gær og skoraði tvö mörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Filippo Inzaghi kom Milan yfir á 25. mínútu með glæsilegum skalla eftir magnaða sókn hjá heimaliðinu.

Lyon spýtti í lófana í kjölfar marksins og uppskar sanngjarnt jöfnunarmark á 31. mínútu þegar Mahamadou Diarra skallaði boltann í netið af stuttu færi eftir aukaspyrnu. Dida, markvörður Milan, fór í glórulaust úthlaup og átti ansi stóra sök á markinu. 1-1 og Lyon komið í undanúrslit yrðu þetta lokatölurnar. Frakkarnir voru ekki fjarri því að bæta við marki fimm mínútum fyrir hlé en skalli Freds hafnaði í stönginni.

Sóknarlotur Milan voru ekki öflugar og það var fátt sem benti til þess að liðið myndi komast áfram í keppninni þegar Inzaghi skoraði sitt annað mark í leiknum á 88. mínútu. Hann tók þá frákast eftir að skot Andriy Shevchenko hafði farið í báðar markstangir Lyon. Úkraínumaðurinn kláraði síðan leikinn fyrir Milan í uppbótartíma er hann komst inn í sendingu varnarmanns til markvarðar og skoraði örugglega. Lokatölur 3-1.

Spænska liðið Villarreal hefur komið allra liða mest á óvart í Meistaradeildinni í vetur og stuðningsmenn liðsins voru nokkuð bjartsýnir fyrir síðari leikinn gegn Inter þar sem Diego Forlan hafði skorað mikilvægt mark á útivelli fyrir Villarreal.



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Villarreal réðu sér vart fyrir kæti í gær þegar ævintýri þeirra í Meistaradeildinni hélt áfram en liðið sló Inter úr keppninni í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Markalaust var í leikhléi en á 58. mínútu komust heimamenn yfir með skallamarki frá Rodolfo Arruabarrena og allt ætlaði um koll að keyra enda Villarreal komið í undanúrslit ef þetta yrðu lokatölur leiksins. Mikið gekk á síðustu mínútur leiksins, hasarinn yfirgengilegur en mörkin létu á sér standa og leikmenn Villarreal fögnuðu hreint ótrúlega í leikslok enda þvert á allar spár komnir í undanúrslit.

henry@frettabladid.is

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Málstofa

um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegs fjölbreytileika hafsins

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, föstudaginn 7. apríl 2006 kl. 11.30-13.00

Leitað verður svara við áleitnum spurningum á borð við:

- Hvernig ber að standa að verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins?
- Er réttmætt að setja allsherjarbann við botnvörpuveiðum á úthafinu?
- Er nýting erfðaauðlinda á hafsbotninum utan innlendrar lögsögu öllum frjáls eða falla þessar auðlindir undir „sameiginlega arfleifð mannkyns“?

Dagskrá:

11.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

11.50 Fyrirlestur: Eric Jaap Molenaar frá Hafréttarstofnun Hollands (NILOS) og Háskólanum í Utrecht.

12.30 Fyrirspurnir og umræður.

13.00 Hádegisnarl í boði Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir

Haukastúlkur með pálmann í höndunum eftir sigur í Keflavík, 77-79:

# Frábær síðari hálfleikur kom Haukum í lykilstöðu

**KÖRFUBOLTI** Annar leikur Keflavíkur og Hauka um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta fór fram í gær í Sláturhúsinu í Keflavík. Haukar unnu fyrri leikinn og því varð Keflavík að sigra í gær til að jafna metin og koma sér inn í einvígið.

Mikill hraði var í leiknum í upphafi og Keflavíkurstúlkur komu betur stemmdar til leiks. Gestirnir úr Haukum tóku sér nokkurn tíma í að ná áttum og misstu boltann ítrekað og voru þær komnar langt undir þegar Ágúst Björgvinsson, þjálfari liðsins, tók leikhlé og las leikmönnum pistilinn. Það virkaði vel og Haukar náðu að jafna leikinn, sér í lagi fyrir tilstilli Megan Mahoney sem bar af í Haukaliðinu.

Keflavíkurstúlkur tóku svo öll völd á vellinum eftir að hafa leitt með tveimur stigum, 23-21, eftir fyrsta leikhluta. Þær röðuðu niður körfunum en Haukastúlkum gekk erfiðlega að koma boltanum í körfuna og náði Mahoney ekki að fylgja eftir stórleik sínum í fyrsta leikhluta. Baráttan og grimmdin var Keflavíkurmegin og þær leiddu 48-37 þar sem Lakiste Barkus fór á kostum og skoraði 22 stig í fyrri hálfleik.



**STERK** LaKiste Barkus átti stórleik fyrir Keflavík í gær en það dugði ekki til.

Haukastúlkur sýndu að þær voru ekki dauðar úr öllum æðum í þriðja leikhluta þegar þær börðust af miklum krafti og komust aftur inn í leikinn. Mahoney vaknaði aftur til lífsins og dreif stöllur sínar áfram sem komust yfir í 55-54 seint í þriðja leikhluta.

Barningurinn í leiknum var mikill og voru gestirnir grimmari í fráköstunum þrátt fyrir að heppni hafi einnig spilað inn í. Þær höfðu svo 61-56 yfir fyrir síðasta leikhlutann þar sem ekkert var gefið eftir.

Keflavík neitaði að gefast upp og LaKiste Barkus minnkaði muninn í eitt stig, 75-76, þegar tæp mínúta var eftir. Pálína Gunnlaugsdóttir svaraði aftur á móti með þriggja stiga körfu og kláraði leikinn fyrir Hauka. Lokatölur 77-79. Haukar komnir í 2-0 í einvíginu og geta orðið Íslandsmeistarar á föstudag.

Stigahæst hjá Keflavík var Barkus með 37 en Bryndís Guðmundsdóttir kom næst með 11 stig. Hjá Haukum var Megan Mahoney með 33 stig og Helena Sverrisdóttir með 21 og Pálína Gunnlaugsdóttir 13.

- hþh




Síðustu leikirnir í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar fara fram í kvöld:

# Á brattann að sækja hjá Juventus

**FÓTBOLTI** Átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld þegar síðustu tveir leikirnir fara fram. Juventus tekur á móti Arsenal en enska liðið vann fyrri leikinn 2-0 og því verður það þrautin þyngri hjá Juve að vinna upp forskot lærisveina Arsenes Wenger, sérstaklega ef haft er til hliðsjónar að Patrick Vieira, Jonathan Zebina og Mauro Camoranesi eru í leikbanni og svo er Alessandro Del Piero meiddur.

Hjá Arsenal er óvissa með þátttöku Cesc Fabregas og Emmanuel Eboue sem meiddust um helgina og eins er óvíst hvort Svíinn Freddy Ljungberg geti spilað vegna meiðsla á kálfa.

„Það þýðir ekki að liggja til baka heldur verðum við að sækja og reyna að vinna leikinn,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal. „Leikmennirnir vita að það eru litlu hlutirnir sem skipta máli og við verðum að halda einbeitingu og hjálpa hver öðrum á vellinum.“



**PATRICK VIEIRA OG CESC FABREGAS** Voru í aðalhlutverki á Highbury í fyrri leiknum þar sem Fabregas átti stórleik en Vieira snerí aftur á sinn gamla heimavöll. Vieira verður í banni í kvöld og Fabregas er tæpur vegna meiðsla.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hinn leikur kvöldsins er viðureign Barcelona og Benfica en fyrri viðureign liðanna lyktaði með markalausu jafntefli í Portúgal í leik sem reyndar var bráðfjörugur og bæði lið hefðu hæglega getað skorað í leiknum.

„Með stuðningi áhorfenda, stemningu og sjálfstrausti klárum við þetta dæmi. Þetta er í okkar höndum og við eigum mjög góða möguleika á að komast áfram,“ sagði besti knattspyrnumaður heims, Ronaldinho, sem leikur með Barcelona.

Flestir tippa á sigur Barcelona en Börsungar falla vart í þá gryfju að vanmeta portúgalska liðið, sem hefur slegið út Man. Utd. og Liverpool í keppninni.

- hbg



**ÍSLANDSMEISTARARNIR** Lágu í valnum fyrir sterku liði Djurgården. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Íslandsmeistarar FH:

# Teknir í gegn af Djurgården

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar FH steinlágu fyrir Svíþjóðarmeisturunum í Djurgården í æfingaleik í Portúgal í gær, 4-0. Þrátt fyrir að stilla upp sínu sterkasta liði náði FH sér ekki á strik en fyrsta markið var sjálfsmark í byrjun leiks. Mattias Jonson bætti við öðru markinu skömmu síðar áður en Tobias Hysen skoraði þriðja markið á 30. mínútu og það fjórða á 58. mínútu.

Sölvi Geir Ottesen og Kári Árnason léku ekki með Djurgården vegna meiðsla. **- hþh**



**KÁTT Á HJALLA** Grímur Sæmundsson, formaður Valsmanna ehf., og Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri við undirritunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Reykjavíkurborg og Valur:

# Samið vegna Hlíðarenda

**FÓTBOLTI** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri undirritaði í gær samning við forráðamenn knattspyrnufélagsins Vals og Valsmanna hf. vegna skipulagsmála og uppbyggingar á Hlíðarenda. Knatthús verður byggt á svæðinu og allar aðstæður verða hinar fullkomnustu en skipulag Hlíðarenda verður ákvarðað af hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Vatnsmýrarsvæðisins sem er nú í fullum gangi.

Í tengslum við þessar breytingar er gert ráð fyrir að aukinn byggingarréttur komi í hlut Valsmanna hf., sem á móti munu leggja aukið fé til íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, meðal annars til byggingar knattspyrnuhúss sem nýtast mun öðrum íþróttafélögum í borginni. **- hþh**



**JOAKIM NOAH** Var allt í öllu í liði Flórída. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Háskólakörfuboltinn í USA:

# Flórída bar sigurorð af UCLA

**KÖRFUBOLTI** Háskólinn í Flórída hrósaði sigri í úrslitaleik háskólakörfuboltans í Bandaríkjunum gegn UCLA-skólanum í fyrrinótt. Heillum horfið lið UCLA átti aldrei möguleika í leiknum, sem lauk með 73-57 sigri Flórída.

Joakim Noah skoraði sextán stig, hirti níu fráköst og varði sex skot fyrir Flórída en margir telja hann eina af framtíðarstjörnum NBA-körfuboltans. **- hþh**


# Skipulagsþing

## 6. apríl
## 16.30 - 20.30

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar boðar til skipulagsþings í **skátamiðstöðinni Hraunbyrgi fimmtudaginn 6. apríl kl. 16.30 - 20.30.** Á þinginu verða kynningar á skipulagi, fyrirlestrar og umræður.

Jafnframt verða til sýnis skipulagsuppdrættir íbúðarsvæða á Völlum, Áslandi, Norðurbakka, Lónshverfi (áður svæði Olíudreifingar) og Reykjavíkurvegi/Flatahrauni, ásamt athafna- og iðnaðarsvæða í Selhrauni og Hellnahrauni, og verður fyrirspurnum svarað varðandi þessi svæði.



## Dagskrá

**16.30 Þingið opnað**
*Lúðvík Geirsson bæjarstjóri.*

**16.35 Er til uppskrift að góðu skipulagi?**
*Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs.*

**16.50 Áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins**
*Dr. Bjarni Reynarsson skipulagsfræðingur.*

**17.00 Kynning á tillögu að Aðalskipulagi** Hafnarfjarðar 2005 - 2025
*Umhverfis- og tæknisvið ásamt skipulagsráðgjöfum.*

**17.30 Kynning á deiliskipulagi Herjólfsgötu 30-34**
*Batteríið, arkitektar.*

**18.00 Kynning á deiliskipulagi 3. áfanga Áslandshverfis**
*Umhverfis- og tæknisvið.*

**18.30 Kynning á deiliskipulagi lóðar við Arnarhraun** (áður gæsluvöllur)
*Umhverfis- og tæknisvið.*

**19.00 Umræður**
**Boðið verður upp á létta næringu.**

**20.30 Þinglok.**



Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 26.171 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Voting kicks ass right! Cause, uh, if voting kicks ass, you got some kick ass shit!“**

Svar: Mike úr Black Sheep frá 1996

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON LÆTUR EFTIRMYNDIR FARA Í TAUGARNAR Á SÉR.

# *Eyðileggingarmáttur lúðanna*

Þeir leynast víða lúðarnir, bæði í sjónvarpi sem og annars staðar, og eru misskemmtilegir svo ekki sé meira sagt. Samkvæmt lúðafræðunum vill það annars svo skemmtilega til að sú lúðategund sem er leiðinlegust í raunveruleikanum er iðulega sú skemmtilegasta í sjónvarpinu. Þetta er lúðinn sem er með öllu blindur á eigin vankanta og böðlast áfram með stórfenglegar ranghugmyndir um eigið ágæti. Skrifstofustjórinn David Brent í The Office er nærtækasta dæmið um þessa lúðategund. Hann er fínn á skjánum en gæti átt á hættu að vera myrtur í raunheimum. Bandarískir framleiðendur sjónvarpsefnis eru oftar en ekki algjörir lúðar enda svo merkilegir með sig að þeir eru illfáanlegir til að sjónvarpa gæðaefni frá öðrum löndum. Þeir vilja frekar staðfæra allt og endurgera. Átakanlegast verður þetta auðvitað þegar þeir ljósrita breska snilld. Sakamálaþættirnir Cracker fengu þessa útreið hjá Kananum. Þar á bæ þótti Robbie Coltraine ekki nógu fínn í hlutverki sálfræðingsins kjaftfora og Robert Pastorelli var dubbaður upp í hlutverkið.

Nú hefur David Brent hlotið sömu örlög en það er eitthvað átakanlegt við að horfa á amerísku útgáfuna af The Office á Skjá einum. Gamanleikarinn Steve Carell (The 40 Year Old Virgin) er svo sem ekkert alveg ófyndinn en hann nær engan veginn að höndla hárfín lúðablæbrigðin sem Ricky Gervais náði fullkomlega í bresku útgáfunni. Allar aðrar persónur The Office hljóta svo sömu örlög í endurgerðinni. Það sem breskir leikarar geta gert blindandi ná þeir bandarísku ekki að leika eftir með stjörnusjónauka. Góðir brandarar úr frumútgáfunni leka máttlausir niður í Bandaríkjunum og þó reynt sé að stæla allt útlit og myndatökutakta er tómahljóðið yfirgnæfandi. Það er lúðalegt að láta minni spámenn fylla skó sér meiri manna en það sjá þeir auðvitað síðastir allra spekingarnir í Bandaríkjunum.



**RICKY GERVAIS** Er hinn eini sanni skrifstofustjóri og ljósritið Steve Carell fölnar í samburði við meistarann.



**20.30** *Keppni*

TÍSKUÞRAUTIR



**20.05** *Lífsstíll*

VEGGFÓÐUR



**22.45** *Spenna*

REUNION



**20.30** *Fræðsla*

FYRSTU SKREFIN



**18.30** *Fótbolti*

JUVENTUS – ARSENAL

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (41:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (27:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (51:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.30 Tískuþrautir (6:12)** (Project Runway)Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum og meðal dómara er hönnuðurinn Michael Kors.
**21.15 Svona er lífið (6:13)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.40 Nornir – Galdrar og goðsagnir (3:3)** (Hexen – Magie, Mythen und die Wahrheit)Þýskur heimildamyndaflokkur um nornir.

**23.25** Kastljós **0.15** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (10:17)** Vala Matt er snúinn aftur á Stöð 2, þar sem hún hóf feril sinn í íslensku sjónvarpi.
**20.50 Oprah (48:145)**
**21.35 Walk Away and I Stumble** Hér er á ferð einkar vönduð og spennandi bresk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum þar sem eldheit og forboðin ástríða er örlagavaldurinn.
**22.45 Medium (3:22)** Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi.

**23.30** Stelpurnar **23.55** Grey's Anatomy **0.35** Grey's Anatomy **1.20** Ghost Towns **2.05** Cold Case (B. börnum) **2.45** Conviction (Str. b. börnum) **4.20** Medium **5.05** The Simpsons **5.25** Fréttir **6.30** Tónlistarmyndbönd

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 The War at Home (e)** Vicky bætir við sig vinnu og Dave er hæstánægður með það þar til Vicky hættir að hafa tíma til að hugsa um heimilið.
**20.00 Friends (5:24)** (Vinir 8)
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 My Name is Earl**
**21.30 Invasion (13:22)** (Redemption)Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.
**22.45 Reunion (12:13) (e)**

**23.30** Bikinimódel Íslands 2006 **0.00** Friends (5:24) (e) **0.25** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)** Drew Carey frá Cleveland, Ohio er líklega ein skrítnasta sjónvarpspersóna sem sækir SKJÁEINN heim.
**20.00 Homes with Style** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt að utan sem innan.
**20.30 Fyrstu skrefin** Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er.
**21.00 Queer Eye for the Straight Guy**
**22.00 Law & Order: SVU**
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.50** Cheers (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**16.00** Skólahreysti 2006 **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.30 Meistaradeild Evrópu** (UEFA Campions League) Bein útsending frá síðari leik Juventus og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2)
**20.55 Meistaradeild Evrópu** (UEFA Campions League) Útsending frá síðari leik Barcelona og Benfica í Meistaradeild Evrópu.
**22.45 US Masters 2005** US Masters er eitt af skemmtilegustu mótum ársins. Hér rifjum við upp helstu gang mála á mótinu í apríl 2005. Tiger Woods fór á kostum á þessu móti á átti fjölda af ótrúlegum tilþrifum.

**23.40** Meistaradeild Evrópu **1.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** How to Kill Your Neighbour's Dog **8.00** A Walk to Remember **10.00** Sinbad: Legend of the Seven Seas **12.00** Bringing Down The House **14.00** How to Kill Your Neighbor's D **16.00** A Walk to Remember **18.00** Sinbad: Legend of the Seven Seas **20.00 Bringing Down The House** **22.00 Scary Movie 3** Óborganlega fyndin hryllingsmynd þar sem margar af vinsælustu stórmyndum síðari ára fá það óþvegið. **0.00** Starstruck (Bönnuð börnum) **2.00** Nine Lives (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Big Buzz Gone Bad **13.00** 101 Craziest TV Moments **14.00** 101 Craziest TV Moments **15.00** 101 Craziest TV Moments **16.00** 101 Craziest TV Moments **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Divas Gone Bad **22.30** Big Buzz Gone Bad **23.00** E! News **23.30** Big Buzz Gone Bad **0.00** Party @ the Palms **0.30** The Soup **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum **8.00** Að leikslokum **14.00** West Ham – Charlton (e) **16.00** Birmingham – Chelsea (e) **18.00** Að leikslokum
**19.00 Newcastle – Tottenham** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**21.00 Arsenal – Aston Villa** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**23.00** Everton – Sunderland (e) **1.00** Dagskrárlok


ÞÚ FÆRÐ IDOL STJÖRNUKORTAMÖPPUNA Í HAGKAUPUM Á AÐEINS 490 KR.

Á MORGUN KL. 16

og vodafone Heyrumst!

Idol

Coke gefur tóninn

## Og Vodafone og Coke bjóða til Idol áritunar!

Úrslitaþáttur Idol Stjörnuleitar 2006 verður á föstudaginn kl. 20:05. Af því tilefni munu allir 12 þátttakendur í úrslitakeppninni árita fyrir framan verslun Og Vodafone í Smáralind á morgun frá kl. 16:00- 17:30.

Láttu þig ekki vanta í upphitun fyrir úrslitin í Idol-Stjörnuleit í Smáralind á morgun!



GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Veggfóður** **Stöð 2** kl. 20.05

*Fataskápur gerður að leikherbergi*



Í þættinum í kvöld fá áhorfendur meðal annars að sjá snilldarhugmynd þar sem leikherbergi er búið til úr fataskáp ásamt því að skoðuð verða skemmtilega skreytt tánings- og barnaherbergi. Við heimsækjum einnig Bergþór Bjarnason í París, sem sýnir okkur flotta sýningu hjá tískukónginum Yves Saint Laurent.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | |
| 3 | 7 | | 2 | | | | | 9 |
| | | | | | | 4 | | |
| | | | | 7 | | | 5 | 6 |
| 2 | | | 6 | | 1 | | | 4 |
| 7 | 1 | | | 3 | | | | |
| | | 3 | | | | | | |
| 6 | | | | | 3 | | 8 | 2 |
| | | | 7 | | | | 1 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 |
| 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 9 | 8 | 2 | 4 | 6 | 5 | 1 | 7 | 3 |



**09.00** *Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

**NFS**

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/ Ísland í dag / íþróttir / veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimsfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **Nánar auglýst síðar**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying




# Þú finnur flotta fermingargjöf í Nýherja

CANON – BOSE – LENOVO

**Hágæða vörumerki sem hitta beint í mark**

**Fartölvur frá 109.900 kr.**
**Borðtölvur frá 59.900 kr.**



**Canon Ixus 750 stafræn myndavél**

**Glæsilega hönnuð 7.1 milljón pixla vél**

- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 3x aðdráttur á linsu sem tryggir góðan fókus.
- 15 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- Kvikmyndabútar í allt að 1GB.
- USB 2.0 háhraða tengi þannig að auðvelt er að senda myndir í tölvuna.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Fermingarverð 29.900 kr.**



**Canon PowerShot A430 stafræn myndavél**

**Einföld og ódýr fyrir alla fjölskylduna**

- Fjórir litir: Silfurgrár, rauður og blár.
- 4.0 milljónir pixlar og 4x aðdráttur.
- DIGIC II örgjörvi með iSAPS tækni sem eykur skilvirkni við myndatöku og gæði mynda.
- 15 tökustillingar sem aðstoða þig að ná bestu myndinni.
- VGA kvikmyndabútar.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Fermingarverð 14.900 kr.**

**ThinkPad R50e fartölva**

**Öflug og örugg sem uppfyllir þínar kröfur**



- Örgjörvi: Intel Pentium M 745 1,8GHz.
- Minni: 512MB PC2700 DDR minni (2GB mest, 2 raufar).
- Skjár: 15" TFT, 1024x768 punkta.
- Skjákort. 64MB Intel Extreme II AGP.
- Diskur: 60GB 5400sn.
- Drif: DVD+/-RW Multiburner (útskiptanlegt).
- Rafhlaða: LiIon sex sellu rafhlaða m/ allt að 3:30 klst. hleðslu.
- Ábyrgð: Eitt ár á vinnu og varahlutum, tveggja ára neytendaábyrgð.
- Afritunarlausn sem enduruppsetur vélina ef eitthvað kemur fyrir stýrikerfið.
- Stýrikerfi: Windows XP Pro.

**Fermingarverð 144.900 kr.**

**Tengdu saman iPod og Bose SoundDock**

**Þú smellir iPod í SoundDock með einföldum hætti og þú getur hlustað á uppáhalds tónlistina þína í einstökum gæðum.**



**Fermingarverð 39.900 kr.**



**ThinkCentre A52 turntölva**

**Flott fyrir heimilið**

- Örgjörvi: Intel Pentium 4 640 3,2GHz.
- Minni: 512MB 533MHz DDR2 PC4200 minni.
- Skjákort: 128MB Intel Graphics Media Accelerator 950 PCI Express.
- Diskur: 160GB 7200sn SMART S-ATA.
- Drif: DVD+/-RW Multiburner plus (Double layer 9,4GB) og diskettudrif.
- Netkort: 10/1000 ethernetkort á móðurborði.
- Ábyrgð: Þrjú ár á vinnu og varahlutum.
- Afritunarlausn sem enduruppsetur vélina ef eitthvað kemur fyrir stýrikerfið.
- Stýrikerfi: Windows XP Pro.

**Fermingarverð 99.900 kr.**

*skjár fylgir ekki

**Canon iP6220D bleksprautuprentari**

**Prentaðu beint úr myndavélinni, af minniskorti eða úr myndavélarsímanum.**



- Ljósmyndagæði: Mest 4800x2400 dpi.
- Sex lita prentari - Tvö hylki.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- 10x15 cm rammalausar hágæða ljósmyndir á u.þ.b. 1 mín.
- 6,3 cm litaskjár LCD.
- Mikið af hugbúnaði fylgir með sem einfaldar notkun og eykur möguleika.

**Fermingarverð 9.900 kr.**

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



## HRÓSIÐ

*...fær Hilmir Snær Guðnason sem fetar í fótspors Morgans Freeman og föður síns, Guðna Kolbeinssonar, með því að tala inn á frönsku náttúrulífsmyndina Ferðalag mörgæsanna.*

## ÞRÍR SPURÐIR SINUBRUNIN Á MÝRUM HEFUR VERIÐ Í FRÉTTUM AÐ UNDANFÖRNU

# *Hefurðu kveikt í sinu?*

**Slökkti oft í sinu**

Nei, ég hef aldrei kveikt í sinu en hins vegar slökkti ég oft í sinu. Var í hópi vaskra barna sem reyndi oft að slökkva sinuelda, sem ég mæli reyndar ekki með að börn geri almennt.

**Katrín Júlíusdóttir alþingismaður.**



**Aldrei**

Ég hef aldrei kveikt í sinu. Ég leik mér venjulega ekki að eldinum.

**Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður.**



**Svo vel upp alinn**

Nei, ég held ég hafi aldrei gert það. Þó var töluvert um sinubruna í kringum mig í Breiðholtinu. Ég tók hins vegar aldrei þátt í því, ég er svo vel upp alinn.

**Gísli Marteinn Baldursson varaborgarfulltrúi.**






**LÁRÉTT**
**2** jurt **6** hæð **8** kraftur **9** stykki **11** þegar **12** bik **14** öðruvísi **16** sem **17** sjáðu **18** utan **20** bardagi **21** kropp.
**LÓÐRÉTT**
**1** aflast **3** guð **4** hafna **5** rá **7** ráða **10** frostskemmdir **13** hækkar **15** sog **16** stök **19** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** gras, **6** ás, **8** afl, **9** stk, **11** þá, **12** tjara, **14** ólíkt, **16** er, **17** sko, **18** inn, **20** at, **21** nart. **LÓÐRÉTT:** **1** fást, **3** ra, **4** afþakka, **5** slá, **7** stjórna, **10** kal, **13** rís, **15** tott, **16** ein, **19** nr.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Svenn Dam.
2. Þráhyggju.
3. Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir.

TOPPAR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100



**B.B. KING** Í góðri sveiflu ásamt hljómsveit í Las Vegas á dögunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## HJÁLMAR ÁRNASON: FÓR Í PÍLAGRÍMSFÖR TIL BIRMINGHAM

# B.B. flýtti fyrir batanum

Hjálmar Árnason alþingismaður lagði land undir fót og sá blúsarann B.B. King á tónleikum í Birmingham á Englandi um síðustu helgi. Hjálmar hefur lengi verið aðdáandi B.B. og segir þetta hafa verið sannkallaða pílagrímsför. „Þetta var frábært. Að sjá þennan mann kominn á níræðisaldur syngja eins og unglingur og halda þrjátíu þúsund manns hugföngnum eins og ekkert sé, alveg hreint magnað.“ Hjálmar var í föruneyti fimmtíu Íslendinga sem fóru á tónleikana á vegum Blúsklúbbs Reykjavíkur en auk B.B. King tróð gítarleikarinn Gary Moore upp.

Þetta voru síðustu forvöð fyrir Hjálmar að sjá blúsgoðið á sviði, því hann er á kveðjutónleikaferð um Evrópu. Sem kunnugt er fékk Hjálmar hjartaáfall fyrir skemmstu og var útlit fyrir að hann kæmist ekki á tónleikana.



**HJÁLMAR ÁRNASON** Hefur átt ófá stefnumót við B.B. í bílskúrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Áður en ég fór í aðgerð fyrir um mánuði spurði ég lækninn hvort ég kæmist ekki ábyggilega á tónleika með B.B. King 1. apríl. Meðferðin miðaðist við að ég yrði nógu hraustur til að komast út þá og ég held að eftirvæntingin hafi tvímælalaust flýtt fyrir batanum.“

Hjálmar hefur lengi verið blúsáhugamaður, ekki síst eftir að hann fékk sér trommusett fyrir tveimur árum og hefur átt ófá stefnumót við B.B. King í bílskúrnum. „Fátt jafnast á við að fara út í skúr, setja B.B. á fóninn og svo spilum við félagarnir saman. Blúsinn er góð leið til að slaka á og fá útrás.“ Þótt Hjálmar hafi séð B.B. King á sviði hefur hann ekki fengið nóg enda á hann eftir að sjá aðra hetju sína. „Ég læt mig dreyma um að sjá Charlie Watts, trommara The Rolling Stones. Ég spila oft með Stones undir enda eru þeir í grunninn blúsarar.“

Um páskana verður sannkölluð veisla fyrir blúsaðdáendur en þá verður hin árlega blúshátíð Reykjavíkur haldin. Hjálmar ætlar hins vegar að bregða sér norður yfir heiðar um páskana og kemst því ekki, en yljar sér við minningarnar um tónleikana með B.B. King. „Ég á eftir að búa að þeim alla ævi. Þetta var ógleymanlegt.“ bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eftirhermur hafa löngum loðað við íslenskan skemmtanaiðnað en hvort fordæmi séu fyrir því þegar „alvöru“ manneskjan fetar í fótspor eftirhermunnar er óvíst. Jón Ársæll verður með Unni Birnu Vilhjálmsdóttur í næsta þætti af Sjálfstæðu fólki en fegurðardrottningin hefur verið þeysingi um allan heim að sinna góðgerðarmálum. Aðdáendur Strákanna á Stöð 2 hafa þegar séð „sjálfstætt fólk“ með Unni Birnu en þá tók Pétur Jóhann Sigfússon ansi ágengt viðtal við alheimsfegurðardrottninguna. Hvort jafn frakkar spurningar brenni á vörum sjónvarpsmannsins góðkunna skal ósagt látið en í fréttatilkynningu frá þættinum kemur fram að fáir tali jafn fallega íslensku og fegursta kona heims.



Ljóðskáld af yngri kynslóðinni hafa heldur betur tekið við sér og hafa verið iðin við það síðustu daga að senda hugverk sín í ljóðakeppnina Sigurskáldið 2006 sem Edda útgáfa og Fréttablaðið standa nú fyrir í annað sinn. Dómnefndin, sem er skipuð þeim **Kristjáni B. Jónassyni, Ragnheiði Eiríksdóttur** og **Þórarni Þórarinssyni,** er þegar byrjuð að plægja sig í gegnum bunkann en frestur til að skila inn ljóðum rennur út á miðnætti. Dómnefndin velur átta ljóð sem halda áfram í undanúrslit sem eru með nokkurs konar Idol-fyrirkomulagi en tvö og tvö ljóð mætast daglega á síðum Fréttablaðsins í Viku bókarinnar og þá kemur í hlut lesenda að kjósa á milli ljóðanna í símakosningu. Þessu getur vitaskuld ekki lokið á nema einn veg og í lok Viku bókarinnar mun einn sigurvegari standa uppi en sá hinn sami verður kynntur þegar á lokadegi Viku bókarinnar. Tekið er við ljóðum á netfangið ljod@edda.is.



TOYO
Klár í páskatúrinn ?
Toyo jeppadekk, margar stærðir
33”
Gerið gæða og verðsamanburð
38”





Kynningarverð
Toyo All Terrain
33x12,5 R15
13.895,- stgr
Kynningarverð
Toyo Mud Terrain
38x14,5 R16
31.950,- stgr.
NESDEKK
Sími: 561 4110
Sími: 561 4110
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000

# Vel heppnuð fyrir matargöt

Sýningin Matur 2006 fór fram í Fífunni um helgina og sýndu öll helstu matvælafyrirtæki landsins afurðir sínar. Hægt var að bragða á ýmsu, til dæmis gröfnu hreindýrakjöti sem unnið er á Húsavík en það bragðaðist dásamlega. Valentína Björnsdóttir, eigandi matvælafyrirtækisins Móður náttúru, var með bás á sýningunni og gaf gestum og gangandi að smakka grænmetisbuff, fylltar pönnukökur og nýja pottrétti sem eru að fara í framleiðslu hjá fyrirtækinu. „Mér fannst sýningin heppnast vel enda var hún mjög glæsileg,“ segir Valentína og bætir við að henni hafi þótt mjög gaman að kynna sínar vörur enda hafi viðtökurnar verið mjög góðar.

Á sýningunni var matartímaritið Gestgjafinn með bás þar sem hægt var að vinna sér inn helgarferð ef viðkomandi svaraði spurningum rétt. Enginn fór því leiðum né svangur út af sýningunni. - mmj




**HOLLT OG GOTT** Óskar Harðarson og Valentína Björnsdóttir kynntu það helsta frá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# BUBBI
## tónleikaröð á NASA




KONA
Tónleikar 13. apr.



SÖGUR AF LANDI
Tónleikar 4. maí.




SÓL AÐ MORGNI
Tónleikar 14. sep.




ÍSBJARNARBLÚS
Tónleikar 5. okt.



VON
Tónleikar 5. nóv.

TÓNLEIKAR ÞORLÁKSMESSU
23. des.

TÓNLEIKAR ANNAN Í JÓLUM
26. des.

Húsið opnar kl. 20.00.
Allir tónleikarnir hefjast kl. 21.00
Forsala miða á **NASA** alla virka daga
frá kl. 13.00 til 16.00 og í síma 5111302
www.nasa.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**




Flottar innréttingar
Hönnun - Ráðgjöf - Þjónusta
HEIMILIÐ Í HEILD
Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200
www.heild.is




## BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

# *Norski bókahýjungurinn*

Fyrir nokkru uppgötvaði ég dásamlegan þátt á norska ríkissjónvarpinu, Bokprogrammet. Efnistökin voru bæði óvenjuleg og skemmtileg og, rétt eins og nafn þáttarins, var hann laus við alla tilgerð. Þættinum stýrði vingjarnlegur ungur maður með skegghýjung sem kunni þá list að leyfa viðmælendum að njóta sín. Á meðal þess sem hann bryddaði upp á var að biðja listamann að teikna sögupersónu og fá síðan viðbrögð höfundarins við útkomunni. Hann spurði vegfarendur hvað þeir væru að lesa, lagði það á sig að sigla út í litla eyju til að spjalla við höfund um nýútkomna bók og eitt sinn arkaði hann á gönguskíðum til snæviþakins smábæjar við landamæri Svíþjóðar. Þar ræddi hann við höfund sem hafði skrifað bók um ferð sína til Kenía að hitta föður sinn í fyrsta sinn. Jafnframt því að stunda ritstörf vinnur hann í kaupfélaginu og þar fór viðtalið fram. Reyndar gekk það brösuglega því bæjarbúar voru alltaf að trufla viðtalið til að segja: „Nei, sko, þú ert bara í viðtali!“

**AÐ** undanförnu hafa menn rætt um þörf á menningarþætti í íslensku sjónvarpi og söknuðar hefur gætt eftir þeim sem horfið hafa af skjánum. Þótt ég ætti að vera í markhópnum hef ég aldrei horft á þá. Ein ástæðanna er eflaust sú að þótt ég lesi bækur og fari á stöku leikrit og listsýningar nenni ég ekki að sitja undir viðtali um arkitektúr eða tónlist. Kannski er íslenskt samfélag heldur ekki nógu fjölbreytt. Hér vinnur enginn höfundur í Kaupfélaginu á Hofsósi á milli þess sem hann endasendist til Afríku að heimsækja ættingja sína. Alltaf virðist þessi skortur á fjölbreytileika síðan leiða til þess að inni á milli viðtala við Rúrí og Kristbjörgu Kjeld birtist einhver sem föndrar sniðugar vindlaöskjur úr köktöppum.

**SAMT** efast ég ekki um að hugmyndaríku fólki væri vel treystandi til að halda úti góðum bókmenntaþætti. Íslenskir höfundar hafa auðvitað frá heilmiklu að segja og hingað koma oft erlendir höfundar og útgefendur þótt sjaldnast fari það hátt. Ef þátturinn yrði bitastæður myndi líka alveg fyrirgefast þótt hann væri bara yfir hávetrurinn. Sjónvarpsþáttagerð kostar auðvitað peninga, varla er leiga á gönguskíðum gratís. Jafnvel Norðmenn, ein ríkasta þjóð heims, geta ekki leyft sér hvað sem er. Í miðjum mars þakkaði ungi maðurinn með hýjunginn mér að minnsta kosti fyrir veturinn og sagðist hlakka til að hitta mig aftur í haust. Ég bíð þess líka í ofvæni.


MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



www.toyota.is




**Nýr Yaris.** Hann er risaSMÁR

Verð frá 1.429.000 kr.

**Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.**
**En risaSMÁR er snilld.**
risaSMÁR er nýtt orð í orðabókinni. Það lýsir því sem er í raun lítið en hefur eiginleika þess sem er stórt, sérstaklega í tilfinningu, byggingu, eiginleikum eða útliti. Eða öllu þessu.
**Yaris** er ekki stór. Samt hefur hann í mörg ár verið vinsælasti bíll á Íslandi vegna þeirra eiginleika sinna að sameina í einum bíl kosti smábíls og fjölskyldubíls hvað varðar hönnun, búnað og öryggi. **Yaris** er risaSMÁR.

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |